

The
Kavanaugh



Hefndar- hugur

Líf fyrrverandi hermansins, Pierce Lawrence, er í upplausn og hann þráir að tengjast fimm ára gamalli dóttur sinni sem hann þekkir varla neitt svo hann snýr aftur á búgarðinn Double K, æskuheimili sitt í Texas. Þar kynnist hann áhugaverðri konu, Grace Addison. Þessi dularfulla kona er á flóttu og sýnir engan áhuga á að kynnast myndarlega kúrekanum betur.

Pierce laðast strax að Grace og myndi gera hvað sem er til að hjálpa henni að losna úr þessari hræðilegu martröð sem hún býr við... bara ef hún vildi leyfa honum það. En hvernig getur hún hleypt honum að sér þegar hún er dauðhrædd um að morðinginn sem eltir hana geti líka stofnað Pierce, og saklausri dóttur hans, í hættu?

ISSN 1029-8177



9 771029 817009

♥ Rauda serían
Ást & afbrot
raudaserian.is
facebook.com/raudaserian

385



Rauda serían

Ást & afbrot

OKTÓBER 2018

Hefndarhugur

Joanna Wayne

The
Kavanaugh

Hefndarhugur

Joanna Wayne

OKTÓBER 2018 – ÁST & AFBROT

Hefndarhugur

Joanna Wayne


Ásútgáfan

Rauða♥serían

Ritið heitir á frummáli
Riding Shotgun
Harlequin Intrigue
© 2016 Jo Ann Vest

Öll réttindi áskilin þar með talinn réttur til endurútgáfu í heilu lagi eða að hluta til. Þetta rit er gefið út samkvæmt samningi við Harlequin Books SA.
Allar persónur þessa rits eru skáldsagnapersónur. Samlíking við raunverulegar persónur, lifandi eða látnar, er einskær tilviljun.

Rauða♥serían

Þýðandi: Þórey Einarsdóttir
33. árgangur 38. tbl. 2018
Ritstj. og ábm.: Rósa V. Guðmundsdóttir
Vasatímarit: Kemur út 5. hvers mánaðar.

Útgefandi:

Ásútgáfan

Sveighús 2, 112 Reykjavík.
Sími 660 6717

Prentað í Ásprent
ISSN 1029-8177

Persónur

Grace Addison. 24 ára gömul, dauðhrædd, á flótta, í martröð sem hún er viss um að taki aldrei enda.

Pierce Lawrence. Fyrrum hermaður, hetja eins og þær gerast bestar.

Jaci Lawrence. Dóttir Pierce.

Charlie og Ester Kavanaugh. Hjónin sem tóku Pierce og tvo yngri bræður hans að sér eftir að foreldrar þeirra dóu.

Riley og Tucker Lawrence. Yngri bræður Pierce.

Cavazos. Lögreglustjórinn á staðnum.

Andy Malone. Fyrrum félagi Pierce úr hernum, nú liðsmaður FBI.

Buck Stalling. Vinnumaður í hlutastarfi á búgarðinum Double K.

Dudley Miles. Í fangelsi eins og er en hann var besti vinur Charlie Kavanaugh.

Reid Peterson. Félagi í eiturlyfjagengi í San Antonio.

Tom Lacoste. Fyrrum eiginmaður Grace.

Formáli

Esther lyfti lokinu og þefaði, fann ilminn af baununum, kryddinu og beikoninu sem hún hafði sett út í til bragðbætis. Sennilega heldur mikið af salti og fitu fyrir heilsuna en svona vildi Charlie hafa það. Hann hafði borðað matinn hennar í 53 ár og montaði sig ennþá af því að hún væri besti kokkurinn í Texas.

Hún greip stóru málskeiðina og hrærði einu sinni enn í baununum og skrúfaði svo fyrir gasið. Baunirnar voru tilbúnar, líka næpukálið og maísbrauðið. Laukurinn niðursneiddur. Hún þurfti ekki að líta á klukkuna til að vita að það var matartími, maginn sagði henni það.

Hún leit samt upp, á háværu járnklukkuna sem tifaði á veggnum andspænis henni. 10 mínútur yfir 12 sem þýddi að klukkan var að verða hálf. Gamla klukkan var orðin hægfare en nógu nálægt réttum tíma fyrir Ester. Sjálf var hún orðin 72 ára og farið að hægja á henni.

Charlie hafði aldrei verið yfirmáta stundvís þó að hann væri kominn á fætur við sólarupprás á morgnana. Hann hélt því fram að kýrnar fylgdust ekki með klukkunni og því ætti hann þá að gera það.

Hann var samt sjaldan seinn í mat. Hann hlaut að vera að reyna að ljúka einhverju, kannski að gera við gamla traktorinn sinn. Hún hafði reynt að fá hann til að kaupa annan en hann vildi ekki heyra á það minnst. Aldrei fleygja því sem hægt er að gera við, sagði hann.

Hún fyllti tvö glös af ísmolum og hellti svo nýlögðu sætu tei í annað þeirra og fór með það út á pallinn til að bíða eftir

Charlie. Það var komið fram í miðjan september en sólin skein eins og það væri ágústmánuður og rakt loftið var sjóðandi heitt.

Hún settist í ruggustólinn og hugurinn leitaði til fortíðarinnar. Það var enn eitt sem fylgdi því að eldast, ekki það að 72 ár væru hár aldur en hún stóð sig að því að hugsa sífellt meira til baka.

Hún drakk teið og ruggaði sér í stólnum.

Hálftíma seinna var glasið tómt fyrir utan nokkra hálfbráðnaða ísmola. Hvar í ósköpunum var karlinn hennar? Það var ekki líkt Charlie að vera svona seinn þegar hann vissi að maturinn beið. Hún fór inn aftur, tók símann og hringdi í farsímann hans.

Ekkert svar. Hún hringdi aftur. Enn einu sinni.

Svo skildi hún eftir skilaboð, bað hann að hringja í sig. Það þýðir ekkert að verða hrædd, minnti hún sjálfa sig á en varð sífellt órólegri. Heyrnin var ekki upp á það besta hjá Charlie og hann var allt of þrjóskur til að viðurkenna að hann þyrfti heyrnartæki. Hann heyrði sennilega ekki í símanum fyrir hávaða í tækinu sem hann var að vinna með.

10 mínútum seinna var hann ekki búinn að hringja. Hún var komin með hnút í magann og búin að missa matarlystina.

Það var best að fara og athuga um hann.

Hún gekk niður stíginn sem lá framhjá hæsnahúsinu og að hlöðunni. Dráttarvélín blasti við. Ekki Charlie. Hún var næstum farin að hlaupa þegar hún kom að opinni hurðinni.

Hún stoppaði snögglega. Eitthvað rautt rann rólega út úr hlöðunni og yfir moldina. Hún dofnaði upp af skyndilegum og lamandi ótta.

Svo greip hún fyrir brjóstið, hjartað hamaðist í brjóstinu meðan hún staulaðist inn.

Blóðpollur. Höfuðkúpan brotin. Byssa.

Þetta var hræðileg sjón. Ískaldir fingur vöfðust um hjartað og kreistu svo fast að henni fannst að brjóstkassinn væri að

springa. Það síðasta sem hún mundi var málmbragðið í munninum þegar hún féll á andlitið í blóðið úr Charlie.

1. kafli

Þremur mánuðum síðar

Grace Cotton leit upp og horfði í glampanði gráblá augu umlukin djúpum hrukkum og slappri húð. Elizabeth Howe var ein af mörgum ástæðum fyrir því að hún naut þess að vinna á bókasafninu í litla bænum.

–Þetta er komið, sagði Grace. –Ég hringi í þig þegar bókin kemur.

–Segðu þeim að hangsa ekki við þetta. Ég er 92 ára og hef engan tíma til að bíða eftir skáldsögu. Ég kaupi ekki einu sinni græna banana.

Grace brosti þó að frú Howe segði sama brandarann í hvert skipti sem hún kom á bókasafnið. Konan var samt ótrúlega hress miðað við aldur.

–Þú skalt kaupa alla þá grænu banana sem þig langar í, sagði Grace stríðin. –Ég er viss um að þú verður ennþá að lesa ástar-sögur löngu eftir að ég fer á eftirlaun.

–Það eru engar líkur á því en ég ætla að lesa þær eins lengi og ég get. Meira að segja gamlar þreyttar konur eins og ég þurfa á ævintýrum að halda.

Ungar konur líka en Grace forðaðist allt slíkt. Löngun leiddi til freistinga og hún þorði ekki einu sinni að daðra við freistingarnar.

–Hnepptu að þér áður en þú ferð út, minnti Grace á. –Norðan-golan nístir inn að beini.

–Ætli ég viti það ekki, sagði Elizabeth og dró úlpuna þétt um grannan líkamann, renndi upp og togaði hettuna yfir höfuðið þangað til ekkert sást annað en hrukkótt andlitið umkringt loðkantinum.

Hún tók bækurnar sem hún hafði valið sér, Grace vissi að hún hafði lesið nokkrar þeirra áður.

–Ég skal hjálpa þér með þetta út í bíl, bauð hún.

Elizabeth afþakkaði. –Ég þarf enga hjálp. Ég lagði við skyggnið við bókaskilakassann, við hliðina á skiltinu sem sýnir að það sé bannað að leggja. Hún blikkaði Grace. –Ég held að það sé nóg fyrir mig að eiga barnabarn í lögreglunni til að losna við vesen út af svoleiðis.

–Ég hugsa að það sé rétt hjá þér. Enginn í bænum myndi amast við því hvar Elizabeth lagði gamla bílnum sínum. Hún var lifandi goðsögn í fjallabænum, hafði fæðst í bænum og búið alla þar sína ævi.

Grace öfundaði hana af þessu. Að eiga svona marga góða vini, búa svo lengi á sama stað að hún tilheyrði hópnum.

Elizabeth tók bækurnar með vinstri hendinni og stafinn í þann hægri. Grace ætlaði að opna þungu útihurðina fyrir hana en þegar hún kom framfyrir afgreiðsluborðið opnuðust dyrnar og ískaldur gestur blés inn.

Grace leit við til að sjá hver hefði hætt sér út þennan kalda desemberdag. Bókasafnið var næstum því mannlaust.

Ungi maðurinn var í gallabuxum, óhnepptum leðurjakka og húfulaus, hafði greinilega engar áhyggjur af þessum fyrsta alvörudegi vetrar.

Hann hélt hurðinni opinni fyrir Elizabeth og gekk svo inn. Brún augun horfðu beint á Grace, augnaráðið var stingandi. Henni brá við ákefðina, starði á móti.

Hún hafði horft í þessu augu áður. Þremur dögum áður, hjá

morgunkornsrekkunum í matvörubúðinni. Hún hafði litið upp um leið og hún lét pakka af granóla detta ofan í körfunu sína og séð manninn skammt frá, augnaráðið var jafn stingandi þá og það var núna.

Hún hafði séð hann aftur daginn áður, næstum gengið á hann á gangstéttinni þegar hún gekk út úr apóteki bæjarins. Hann hafði starað á hana en síðan horfið inn í apótekið.

Hún fékk kvíðahnút í magann. Fingurnir tóku fast um borðbrúnina. Hún dró andann djúpt og barðist við að aðskilja hræðsluna og veruleikann.

Þetta var lítill bær. Þó að hún rækist á þennan ókunnuga mann þýddi það ekki að hann væri að elta hana. Það tryggði þó ekki að hann væri ekki að því.

Hann leit af henni og horfði í kringum sig á safninu.

–Get ég aðstoðað þig? spurði hún þegar hann gekk nær afgreiðsluborðinu.

–Ég er nýkominn til bæjarins. Hvað þarf ég að gera til að fá bókasafnsskírteini?

–Þú þarft skilríki með mynd og vera heimilisfastur hér.

–Ekkert mál. Hann dró veskið sitt upp og veifaði ökuskírteini, útgefnu í Louisiana. Hún fann hræðsluna hellast yfir sig. Hún neyddi hendurnar til að vera stöðugar meðan hún dró eyðublað undan borðinu.

–Fylltu þetta út, lestu hvaða kröfur þú þarft að uppfylla til að mega fá lánaðar bækur og skrifaðu undir samþykki, sagði hún.

–Hvað er langt þangað til ég fæ skírteinið?

–Ég get látið þig fá númer þannig að þú getir fengið lánaðar bækur strax í dag. Skírteinið kemur til þín í pósti.

–Það er gott.

–Hvaða erindi áttu í bæinn? spurði hún.

–Vinna.

Hann sagði ekki fleira. Hún stífnaði aftur. Litli bærinn var ekki fullur af atvinnutækifærum.

Hann renndi yfir eyðublaðið og tók svo penna úr svörtu plastkönnunni. Hristi svo höfuðið og skilaði pennanum þó að hann væri ekki búinn að merkja við neitt. –Afsakaðu, síminn truflar alltaf þegar verst stendur á.

Hún hafði ekki heyrt hringingu. Annað hvort var hann stilltur á titring eins og farið var fram á inni á safninu eða hann var að tefja tímann.

Hann dró símann upp og gekk frá borðinu, inn í handbóka-deildina sem var mannlaus.

–Þetta er nóg í dag.

Grace hrökk við, sneri sér svo að John Everly, lögfræðingi á eftirlaunum, sem var að setja stafla á borðið.

Hún leit á bækurnar sem hann hafði valið, sambland af spennusögum, fróðleik um stjórnmál og sögu. –Vel valið.

–Vonandi. Mér sýnist að við fáum nokkra ískalda daga í viðbót svo mér datt í hug að birgja mig upp af lesefni.

–Það er rétt hjá þér, sagði hún, –að það er ekkert betra til en að gleyma sér í spennandi skáldsögu framan við skíðlogandi arineld í svona veðri.

–Og það er bara komið fram í miðjan desember, sagði hann.
–Mig langar ekkert að hugsa um hvernig janúar verður.

Hún afgreiddi hann með bækurnar og afhenti þær aftur.
–Láttu þér ekki verða kalt.

–Ekki þú heldur.

Hann gekk burtu en hún horfði í kringum sig þangað til hún sá grunsamlega ókunnuga manninn við hilluröð með símann í hendinni en ekki við eyrað. Hann var að taka mynd af henni.

Hann flýtti sér að stinga símanum í vasann þegar hann sá að hún horfði á hann.

Hann vissi hver hún var. Af hverju ætti hann annars að taka mynd af henni?

Hún barðist við löngun til að stökkva yfir afgangsluborðið og hlaupa til dyranna. Hræðsla gat leitt af sér slæmar ákvarðanir. Hún neyddi sig til að halda stjórn á sér og íhugaði möguleika sína.

Það var samt bara einn möguleiki. Að leggja á flótta aftur, í blindni, eins og refur á flótta undan grimnum veiðihundum. Hún yrði að breyta útliti sínu, gæti meira að segja prófað ljótu hárkolluna sem hún keypti í búningaverslun á Netinu. Hún leit út fyrir að vera fertug með hana. Svo myndi hún skipta augnlinsunum út fyrir stór gleraugu.

Hún myndi finna sér nýtt nafn, nýja vinnu, nýjan bæ. Byrja upp á nýtt einu sinni enn, alltaf dauðhrædd og tilbúin til að flýja fyrirvaralaust.

2. kafli

Hjólin lentu á brautinni með dynk og vélin hristist næstu metrana en rann svo áfram. Kominn heim til Bandaríkjanna aftur, eftir meira en ár erlendis.

Heim til hvers?

Til að skilja við eiginkonuna sem var orðin svo tilfinningalega fjarlæg að þau voru hætt að tala um nokkurn skapaðan hlut nema það snerti Jaci, dóttur þeirra.

Engin atvinna beið hans. Engar áætlanir. Ekki frekari tengsl við herinn og tilganginn og félagsskapinn sem líf hans hafði snúist um undanfarin 8 ár.

Flugvélin ók upp að landgöngubrú og stoppaði með rykkjum.
–Vinsamlegast sitjið kyrr þangað til slökkt hefur verið á sætisbeltaljósum.

Enginn fór eftir þessu, ekki Pierce Lawrence heldur. Hann opnaði farangurshólfið fyrir ofan sig og tók töskuna sína og tösku miðaldra konunnar sem sat við hliðina á honum. Þau höfðu varla sagt orð hvort við annað allt flugið. Hún hafði sofið en hann hafði æft sig hljóðlaust fyrir það sem hann var um það bil að lenda í.

Hann fylgdi öðrum farþegum eftir að farangurshringekjunni, á verði eins og hann væri að búa sig undir skothríð frá óvinunum.

Hann sá Leslie áður en hún sá hann. Síða ljósa hárið liðaðist um axlirnar. Líkaminn var jafn stórkostlegur og hann hafði verið þegar þau hittust fyrst fyrir 6 árum síðan. Hún var í hné-háum stígvélum, ljósblárri peysu og þröngu pilsí.

Hann hægði á sér og starði, átti von á að finna ástríðuna hel-taka sig en fann ekkert annað en fyrirboða um sorg vegna þess sem þau höfðu aldrei átt.

Hann leit á 5 ára gömlu stúlkuna sem hélt fast í hönd hennar. Jaci tvísteig í eftirvæntingu, eða kannski af óþolinmæði. Hún var rauðhærð eins og mamma hans hafði verið, með liðað hár eins og Leslie.

Dóttir hans leit á hann en sýndi engin merki um að þekkja hann. Þá brá honum, eins og einhver hefði kýlt hann í magann.

Dóttir hans. Ástæðan fyrir því að hann var kominn aftur til Chicago. Ástæðan fyrir því að hann hafði snúið baki við lífsstíl sem hann elskaði. Hann þekkti hana í rauninni ekkert og hún þekkti hann alls ekki neitt.

Það var of seint að bjarga hjónabandinu en hann var faðir og nógu greindur til að vita að ef hann myndaði ekki tengsl við

Jaci núna gæti hann glatað henni endanlega. Hún hyrfi inn í það nýja líf sem Leslie kæmi til með að skapa handa mæðgunum.

Hann flýtti sér þangað sem þær biðu, lét töskuna detta á gólf-ið við fæturna á sér. Leslie tókst að brosa og faðmaði hann að sér en faðmlagið skorti hlýju. Hann reyndi að kyssa hana á munninn en hún kom sér undan og bauð honum vangann í stað-inn.

Hverju hafði hann búist við? Skilnaðurinn yrði endanlegur daginn eftir.

–Hvernig var flugið? spurði Leslie.

–Langt. Hann beygði sig til að taka dóttur sína upp.

Jaci færði sig fjær, reyndi að fela sig bak við fótleggi móður sinnar.

–Segðu hæ við pabba þinn, Jaci. Hann kom langa leið til að hitta þig.

Jaci hristi höfuðið.

–Þetta er allt í lagi, sagði hann þó að það sviði sárt. –Ég er ekki að fara neitt. Við höfum nógan tíma til að kynnast upp á nýtt.

–Já, sagði Leslie, –ef allt gengur vel eigið þið tvö eftir að eyða löngum tíma saman.

Hann vissi ekki alveg hvað hún átti við og ákvað að láta kyrrt liggja. –Ég sæki afganginn af dótinu mínu á færibaldið og svo skulum við koma okkar héðan. Við getum kannski fengið okkur eitthvað að borða, mig dauðlangar í almennilegan mat.

–Við getum borðað hádegismat heima í íbúðinni, sagði Leslie. –Við þurfum að tala saman.

Þau þurftu að tala saman og koma þessum skilnaði og for-ræðisumræðunni af. Það var ekki hægt að orða þetta skýrar. Þetta var alls ekki sú heimkoma sem hermenn dreymdi um.

Það eina sem þau töluðu um á leiðinni var Jaci sem sat í

aftursætinu og lék sér með iPad. Hún yppti öxlum eða þóttist ekki heyra neitt ef hann reyndi að tala við hana.

Íbúðin var í finu hverfí. Leslie hafði ekki minnst orði á að hún hefði fengið launahækkun eða stöðuhækkun en hafði flust í mun finni íbúð en þá sem þau leigðu þegar hann kom síðast heim í frí. Hún lifði ekki á hermanslaununum hans, það var greinilegt.

Hún lagði úti á götunni. Hann elti mæðgurnar upp að íbúðinni. Jaci hélt fast í hönd móður sinnar eins og það þyrfti að vernda hana fyrir ókunnuga mannum sem kallaður var pabbi hennar.

Hann var ókunnugur. Það var vandamálið. Líka ókunnugur maður í augum Leslie.

–Fín íbúð, sagði hann og elti Leslie inn.

–Við þurftum meira pláss, sagði hún eins og það útskýrði allt. –Jaci, viltu sýna pabba þínum herbergið þitt og uppáhaldsdótið þitt meðan ég tek til hádegismat.

Jaci varð á svipinn eins og hún hefði verið beðin um að taka slímugan fisk með berum höndum. Pierce átti nokkrar orður sem hann hafði fengið fyrir hugrekki og seiglu en honum leist ekki á blikuna að vera einn með Jaci.

–Ég get aðstoðað þig fyrst, ef þú vilt, bauð hann.

–Ég þarf ekki hjálp, ætla bara að búa til salat. Annað keypti ég tilbúið áðan. Mér datt í hug að það yrði auðveldara að tala saman hérna en á hávaðasömu veitingahúsi.

–Eflaust.

Jaci gekk út úr eldhúsinu og hann elti hana inn í herbergið. Það dró kjarkinn ennþá meira úr honum en Jaci. Bleikt satín og blúndur út um allt, eins og það hefði komið úr sýningarglugga. Hann hefði ekki þorað að setjast á rúmið og krumpa pífurarnar á rúmteppinu.

Hann velti því fyrir sér hvort Jaci sæti á því.

Allt dót á sínum stað. Bókum raðað í fullkomna röð á lága bókahillu. Dúkkur eins og sýningargripir.

–Þetta er fallett herbergi, sagði Pierce.

–Já, allt í lagi.

–Ertu ekki ánægð með það?

–Mig langaði í kúrekarúmteppi eins og Joey vinur minn er með en mamma sagði nei.

–Ertu hrifin af kúrekum? Þau áttu kannski eitthvað sameiginlegt. Hann hafði elskað þann lífsstíl sjálfur og verið viss um að einn góðan veðurdag ætti hann eftir að eignast búgarð.

–Ég er hrifin af hestum, sagði Jaci.

–Hefur þú farið á hestbak?

–Einu sinni. Í afmælisveislunni hjá Joey en hestarnir löbбуðu bara í hring, mjög hægt. Þeir voru allir bundnir saman. Ég held að þeim hafi ekki líkað það vel.

–Sennilega ekki, samþykkti Pierce. –Ég skal fara með þig og leyfa þér að fara á bak á alvöruhesti.

Hún hallaði undir flatt og leit snöggt á hann. –Mamma segir að það sé hættulegt.

–Kannski fyrir mömmu þína en ég hef setið á baki á mörgum hestum. Ég get séð um að þú sért örugg.

Hérna var hann kominn, búinn að vera með dóttur sinni í tæpan klukkutíma og strax farinn að gera öfugt við það sem Leslie sagði. Það var kannski ekki góð hugmynd. –Við fáum mömmu þína til að samþykkja það áður en við förum á bak.

–Hún segir nei.

–En hún hlýtur að leyfa þér að gera ýmislegt skemmtilegt. Hann ætlaði ekki að falla í þá gildru að keppa við Leslie.

–Sýndu mér þessi uppáhaldsleikföng sem mamma þín minntist á.

–Þetta er bara krakkadót, þú hefur ekki áhuga á því.

–Ég var einu sinni krakki.

Jaci virtist ekki sannfærð. Hún fór að hillunum og tók körfu með legókubbum. –Mér finnst gaman að byggja.

–Hvað?

–Turna. Eins háa og ég get. Og brýr. Þær eru erfiðastar.

–Það er ég viss um.

–Af hverju varstu svona lengi í burtu? Pabbi Joey kemur heim á hverju kvöldi og þeir fara saman í almenningsgarðinn og leika sér. Þeir taka mig stundum með sér.

–Ég var í mikilvægri vinnu sem var of langt í burtu til að ég gæti komið heim á kvöldin en núna er ég kominn og ég er ekki að fara neitt. Viltu ekki sýna mér almenningsgarðinn eftir matinn?

Hann hélt að hún ætlaði að brosa en brosvipran hvarf jafn-snögglega og hún hafði birst.

–Maturinn er tilbúinn.

Pierce leit upp. Leslie stóð í gættinni með krosslagða handleggi, áhyggjufull á svipinn.

Hún kom inn og lagði höndina á öxl dóttur sinnar. –Farðu og þvoðu þér um hendurnar, elskan. Við pabbi þinn komum fram í eldhús til þín eftir nokkrar mínútur.

Jaci þrammaði út. Spennan í herberginu snarjókst. Pierce þóttist vita að nú væri komið að því en þagði. Það var alltaf betra að vita afstöðu óvinarins áður en lagt var til atlögu.

–Ég hélt að þetta gæti beðið þangað til eftir matinn, sagði Leslie, –en ég er ekki góð í svona leikjum.

–Ég er ekki of hrifinn af þeim sjálfur. Alls ekki þegar hann kunni ekki leikreglurnar. –Ekki hlífa tilfinningum mínum, ég er fullorðinn maður. Lát heyra.

–Ég ætla mér að gifta mig aftur í vor. Mér fannst að þú ættir að vita það.

–Þekki ég brúðgumann?

–Skiptir það máli?

–Sennilega ekki.

Hann beið eftir að finna sársauka yfir svikunum. Eða höfnuninni. Eða því sem karlmaður átti að finna fyrir þegar eiginkonan til sex ára sagði honum að hún væri búin að skipta honum út fyrir annan. Ekkert gerðist.

Hann hafði vitað það í marga mánuði að þessu var lokið, það hefði verið búið þó að annar maður hefði ekki verið í spiluinu.

Þau höfðu reynt að bæta sambandið síðustu skiptin þegar hann kom heim... hann hafði allavega reynt að gera eitthvað. Það hafði allt verið í lagi í rúminu að honum fannst. Leslie var falleg og kynþokkafull.

Vandamálið var að þau náðu ekki saman að neinu öðru leyti. Hann hafði eiginlega verið feginn þegar leyfið var búið.

Nema það að hann þurfti að fara frá Jaci. Það var alltaf svo sárt að kveðja hana.

Hún var þriggja mánaða þegar hann sá hana í fyrsta sinn. Hann hafði verið kvíðinn, hræddur um að ná ekki að tengjast henni, hræddur við að eiga að halda á henni eða annast hana aleinn.

Svo hafði hann kíkt ofan í vögguna og hún sparkað með litlu fótunum sínum, veifað þybbnum handleggjunum og brosað til hans. Hjartað hafði bráðnað eins og smjör á heitri pönnu.

Sársaukinn sem hann hafði búist við áðan hitti hann loksins fyrir, alls staðar í einu.

Leslie var velkomið að byggja upp nýtt líf með þeim sem hún kaus en hann ætlaði ekki að láta föðurréttinn af hendi eins og Jaci væri verðlaun í keppni. Það var eins gott að koma því á hreint strax.

–Það er allt í lagi mín vegna þó að þú giftir þig aftur en ég hætti í hernum til að koma heim og sinna Jaci sem faðir. Ég ætla að taka þátt í lífi hennar en ekki eins og ókunnugur maður sem kemur tvisvar á ári þegar þér hentar.

–Ég bjóst ekki við því þó að þú hafir valið þér að missa af fyrstu árunum með henni.

–Þetta er ósanngjarnt. Ég þjónaði fjöðurlandinu. Ég var með ykkur Jaci alltaf þegar ég gat.

–Það skiptir ekki máli lengur en þú þarft að vita að við Dan ætlum að flytja til Kúbu í næstu viku.

–Kúbu? Ertu að flytja til Kúbu?

–Í bili. Dan vinnur fyrir ríkan verktaka og er að kanna viðskiptatækifærin þarna fyrst löndin tvö eru búin að opna á viðskiptasamband sitt aftur.

Hann svimaði þegar orðin hittu hann fyrir af fullum þunga. Vöðvarnir stífnuðu.

–Þú getur ekki farið með Jaci til Kúbu án míns leyfis. Ég er faðir hennar, ég á minn rétt.

–Ég hef ekki sett mig upp á móti því, ekki ennþá að minnsta kosti.

–Ef þú reynir að fara með hana úr landi skaltu búa þig undir átök.

–Talaðu lægra, þú kemur Jaci úr jafnvægi. Leslie lokaði svefnherbergishurðinni. –Ef allt fer eins og áætlað er lýkur Dan verkefninu þannig að við verðum komin heim innan sex mánaða.

–Þú varst þá búin að skipuleggja þetta allt áður en þú barst það undir mig.

–Þetta kom mjög snögglega upp, ég er ekki búin að minnast á neitt við Jaci.

Pierce tróð höndunum í buxnavasana. Hann var reiður, gram-

ur, en líka ringlaður. –Hvenær ætlar þú að segja henni frá því? Þegar þið farið um borð í vélina?

Leslie andvarpaði og hristi höfuðið. –Leyfðu mér bara að útskýra málið.

–Haltu áfram.

–Ég ætlaði auðvitað að taka hana með mér, hafði ekki um neitt að velja því þú varst ekki heima.

–Ég er hérna núna.

–Já og við Dan erum búin að ræða það heilmikið. Ef þú ert tilbúinn til að hugsa um Jaci þangað til ég kem aftur til Bandaríkjanna getum við gert forræðissamning til bráðabirgða þannig að þú farir með forsjá hennar á meðan.

Þetta hlaut að vera misheyrn. –Ertu að láta mig fá forræði yfir Jaci?

–Sameiginlegt forræði reyndar en hún getur búið hjá þér, þ.e.a.s. ef þú heldur að þú getir hugsað um hana einn og verið áreiðanlegur faðir. Það er kominn tími til að hún kynnist pabba sínum.

Jaci myndi búa hjá honum næstu sex mánuðina. Hann bæri ábyrgð á henni. Þegar hún grét, þegar hún var veik, þegar hún fengi martröð, væri svöng.

Hún var bara fimm ára, þurfti sjálfsagt hjálp við allt mögulegt, til dæmis að fara í bað og klæða sig. Bursta hárið. Hann hafði aldrei burstað hár á annarri manneskju á ævinni. Vissi ekki hvernig hann átti að fara að því.

–Ef þú vilt hana ekki...

Hann greip fram í. –Nei, það er ekki málið. Hann svimaði. –Jaci þekkir mig varla neitt. Henni líkar greinilega ekki vel við mig og treystir mér ekki. Hvaða áhrif hefur það á hana ef hún heldur að ég hafi tekið hana frá þér?

–Hún heldur það ekki. Við segjum henni frá þessu saman,

sannfærum hana um að þetta verði frábært ævintýri fyrir ykkur tvö. Ég þarf á þessu að halda, Pierce. Þan vill hafa mig með sér, ég vil vera hjá honum.

Það var örvæntingartónn í röddinni. Þessi nýi maður hafði greinilega mikil áhrif á hana.

–Ég hef alið Jaci upp svo til ein, Pierce. Það er komið að þér að taka einhverja ábyrgð á dóttur okkar.

Hann gat ekki mótmælt því og vildi það alls ekki. Hann hafði komið heim til að tengjast dóttur sinni, vera raunverulegur faðir eins og pabbi hans hafði verið áður en hann dó fyrir aldur fram.

Jaci kæmi til með að búa hjá honum. Hann myndi sjá um hana að öllu leyti. Þetta var ógnvænlegasta þrekaun sem hann hafði staðið frammi fyrir um ævina og þá var mikið sagt.

Hann var ekki í hernum lengur en var það samt í hjarta sínu. Nú var kominn tími til að sýna sömu orku og einbeitingu við föðurhlutverkið.

Það var ekki í boði að bregðast.

Látum reyna á þetta.

3. kafli

–Þú hlýtur að vera að grínast. Eiginkonan, sem leyfði þér varla að tala við barnið á Skype og ekki heldur í síma undanfarið hálf ár, ætlar allt í einu að kasta henni í fangið á þér eins og sprungnum bolta?

–Léleg samlíking en þetta er einhvern veginn svona, sagði Pierce við Riley, bróður sinn sem var að spyrja út í aðstæður. Hann færði símann yfir í vinstri hendina, tók hálfdrukkinn bjórinn með þeirri hægri og saup á.

–En ég get ekki sagt neitt slæmt um Leslie. Hún elskar Jaci og ég held að hún vilji að dóttir okkar verði ekki fyrir áfalli af skilnaðinum.

–Ég vona að þetta gangi upp hjá ykkur. Hvenær kom þetta boð um forræðið? spurði Riley.

–Í fyrradag, þegar ég kom til Chicago.

–Eru tveir dagar síðan þú komst til landsins og hefur fyrst samband við mig núna?

–Nei, ég sendi þér textaskilaboð í fyrradag og aftur í gær. Kíkir þú á skilaboðin þín?

–Af og til.

–Hvar ertu annars? spurði Pierce. –Tucker sagðist hafa heyrt að þú værir í Colorado.

–Það eru 4 eða 5 mánuðir síðan. Ég er í Montana eins og er. Ef maður er of lengi á hverjum stað fer fólk að halda að maður ætli að vera þar til frambúðar.

–Áttu við konur þegar þú segir fólk?

–Og einstaka vinnuveitendur. Ég var reyndar í nautarekstri upp í fjöllunum. Endalaus víðátta og himinninn blárri en hægt er að ímynda sér.

–Tucker sagði að þú værir með kúm og hestum.

–Það er í blóðinu. Hans líka, svo ég komi því að. Hvernig hefur hann það annars?

–Hann er ennþá að eltast við kúrekasýningar en árið var ansi gott segir hann.

–Ef hann hefur viðurkennt það er hann sjálfsgat næsti heimsmeistari. Tölum um erindið. Hvernig bregst Jaci við því að mamma hennar skilji hana eftir?

–Það virðist vera allt í lagi en Leslie sagði að hún límdi sig óvenju mikið við hana síðan við sögðum henni frá samkomulaginu. Henni finnst þetta vera mér að kenna, ekki

mömmu sinni. Ekkert af þessu hefði gerst ef ég hefði ekki komið heim.

–Ég vona að Leslie taki ekki undir það.

–Ekki svo að ég viti til. Leslie segir alltaf að þetta sé bara til bráðabirgða og að ég ætli með hana í heilmikið ævintýri.

–Hvernig ævintýri?

–Ég vildi svo sannarlega að ég vissi það.

–Það er eins gott að þú finnur upp á einhverju í hvelli. Ég sé þig ekki fyrir mér að leika þér með barbídúkkurnar hennar og kaupa blúndukjóra.

–Ekki ég heldur.

–Mér dettur eitt í hug. Gleymdu stelpustússinu, kaupu gallabuxur og kúrekastígvél handa henni. Farðu með hana á ferðamannabúgarð.

–Hún er hrifin af kúrekum.

–Mér líkar strax vel við krakkann. Þú gætir sjálfsagt notað ný stígvél og hatt líka. Kaupu þér skyrtur og þú verður til í slaginn. Þú hefur alltaf getað spígsporað eins og kúreki.

–Og ég er myndarlegastur í fjölskyldunni.

–Þú ert með óráði. Bíddu við, ég fékk hugmynd. Gleymdu ferðamannabúgarðinum. Ég veit nákvæmlega hvert þið Jaci eigið að fara í ævintýrið ykkar.

–Lát heyra.

–Texas. Dveljið hjá Kavanaughhjónum. Það má guð vita að Esther og Charlie björguðu okkur þegar foreldrar okkar dóu. Jaci missti ekki mömmu sína eins og við en tilfinningin hlýtur að vera svipuð hjá fimm ára krakka.

–Veistu, þetta er ekki svo slæm hugmynd. Það væri svo gaman að hitta Esther og Charlie. Ég hef ekki heyrt frá þeim í ár, jafnvel meira.

–Ekki ég heldur en Tucker var hjá þeim í nokkra daga í

fyrrasumar þegar kúrekasýningahópurinn fór til San Antonio. Hann sagði að þau væru ennþá með búgarðinn og gengi vel. Sagði að þetta hefði verið eins og í gamla daga. Þau höfðu elst svolítið en ekkert breyst að öðru leyti.

Pierce hugsaði málið. Að eyða nokkrum dögum hjá Esther og Charlie til að hefja sex mánaða tengslatímabil með Jaci gæti verið það besta. Hann hefði gjarnan viljað hitta þau og treysti engum betur en Esther til að ráðleggja sér varðandi umönnun barna. Hún var óendanlega ástrík.

Og Charlie. Það var enginn eins og hann. Þrjúskur eins og múlarni, sagði það sem hann hugsaði og fannst að allir ættu að bera sinn hluta af byrðunum.

Þegar allt fór í óefni, eins og Tucker, Riley og Pierce höfðu upplifað þegar foreldrar þeirra létust í bílslysi, voru það Charlie og Esther sem gengu í málið. Þau höfðu tekið bræðurna að sér svo þeir gætu verið saman, hjálpað þeim í sorginni og veitt þeim hugrekki til að halda áfram.

–Ekki verða of góður með þig en ég held að þú hafir fengið frábæra hugmynd, sagði Pierce.

–Gott að ég gat hjálpað þér og það var líka kominn tími fyrir þig til að fara til Texas, þar sem rætur þínar eru, brósi.

–Það gæti líka verið rétt hjá þér.

–Láttu mig vita hvernig gengur og gangi þér vel í föðurhlutverkinu.

–Takk, ég þarf á því að halda.

Það var enginn vafi á því en hann var allavega kominn með áætlun og farinn að hugsa um Texas.

Grace lyfti hægri hendinni af stýrinu og nuddaði hálsinn sem hana verkjaði í. Þetta var þriðji dagurinn hennar á flóttu, hún ók eftir fáförnum vegum og forðaðist bæi, stoppaði bara á

bensínstöðvum til að fylla tankinn, nota salernið og kaupa sér mat.

Hún var einmana, hrædd, kjarkurinn að bresta, stundum var hún bálreið yfir því að lífið skyldi ekki gefa henni tækifæri. Hún hafði gert það rétta. Unnið með yfirvöldum til að réttlætið næði fram að ganga.

Átti hún ekki skilið tækifæri til að verða hamingjusöm eða að minnsta kosti til að þurfa ekki að lifa í stöðugum ótta um það að fyrrverandi maðurinn hennar myndi leiða hana til að hefna sín?

Hún varð dauðþreytt og augnlökin þyngdust. Það var of snemmt að stoppa til að fara að sofa, meira en klukkutími af dagsbirtu eftir.

Hún lét rúðuna síga niður til að svalt loftið gæti blásið fram- an í hana og vonandi bægt þreytunni frá. Lyktin var ókunnug- leg. Kannski hey, hugsaði hún þegar hún sá rúllur á afgirtu túni vinstra megin. Kýr bitu gras innan annarrar girðingar, hestar voru í öðrum afgirtum haga.

Hún hafði aldrei ætlað að aka í suður þegar hún flúði frá Tennessee, hafði lagt af stað í norðvestur en vetrarveðrið hafði breytt áætlunum hennar. Hún hafði viljað flýta sér burtu frá mannum sem tók myndina af henni á bókasafninu svo hún setti dótið sitt í bílinn og lagði á flóttu um miðja nótt. Texas hafði aldrei verið á áætlun en hérna var hún komin, inn í mitt ríkið og landslagið eins og hún væri langt frá siðmenningunni. En það var ekki þannig.

Hún hafði séð skilti og tekið á sig krók framhjá litla bænum Winding Creek fyrir tæpum 10 mínútum síðan. San Antonio var í suðaustur, Mexíkó í suður.

Hún ætlaði að halda í vestur, reyna að henda reiður á hugsunum sínum og róa sig áður en hún tæki endanlega ákvörðun um eitthvað.

Bíllinn fór að hristast og hún hrökk upp úr hugsunum sínum. Hjólin hægra megin voru komin út á vegaröxlina. Hún tók fastar um stýrið og reyndi að koma bílnum upp á veginn aftur, þegar það tókst sá hún hvað hún hafði verið nálægt því að lenda útaf við mjóa brú.

Hún hefði getað drepið sig. Fáránlegt þegar hún lagði svona mikið á sig við að halda lífi.

Hún varð að stoppa, ganga um eða fá sér blund.

Grace rak augun í malarveg framundan og hægði ferðina til að athuga hvort þetta væri vegur eða sveitaslóði. Þetta leit út fyrir að vera vegur sem lá ekki neitt.

Það var ekki nema ein leið til að komast að því. Hún beygði til hægri. Vegurinn var holóttur og ekki hægt að forðast holurnar alveg. Girðingar báðum megin og mikið af trjám.

Fimm mínútum seinna þorði hún ekki að fara lengra af hræðslu við að sitja föst, opnaði hurðina og steig út. Henni leið eins og hún væri alveg ein og hefði ekið burt frá síðmenningunni.

Hún gekk af stað eftir holóttum veginum til að skoða sig um. Slóðinn sveigði til hægri og upp á við. Hún kom upp á hæð og stoppaði til að anda að sér fersku lofti, heyrði vatn renna og skýldi augunum fyrir síðdegissólinni og horfði í kringum sig til að reyna að sjá ána. Sá hana ekki en sér til undrunar sá hún hvítt hús standa þarna í þessum óbyggðum.

Þetta var stórt hús, gluggahlerarnir og hurðin máluð dökkgræn, svo heimilislegt að Grace fékk sting í hjartað.

Hún ímyndaði sér að þarna byggi fjölskylda, mamman væri að elda eða hjálpa börnunum við heimanámið, pabbinn væri að horfa á sjónvarpið eftir að hafa unnið á búinu allan daginn. Notalegt, ástrikt andrúmsloft.

Líf sem Grace myndi aldrei eignast.

Hún sneri sér við og ætlað að fara en stoppaði þegar hún

heyrði hálfkæft hljóð. Dýr? Fugl? Það gat ekki verið að kýr gæfu svona hljóð frá sér.

Hún heyrði hljóðið aftur. Hvað ef þetta var ekki dýr? Ef einhver þyrfti á hjálp að halda? Grace gat ekki farið án þess að athuga málið.

Hún hætti að hafa áhyggjur af sjálfri sér og klifraði varlega gegnum gaddavírsgirðinguna og inn í hagann, vonaði að hún rækist ekki á kýr eða naut sem væri ennþá verra. Adrenalínið streymdi um æðarnar þegar hún hljóp af stað þangað sem hljóðið barst.

Þegar hún nálgæðist varð hljóðið skýrara. Greinilega manneskja. Barn eða kona. Hljóðið átti upptök sín nálægt húsinu.

Esther hélt aftur af tárunum og hvíslaði hjálparbeiðni, reyndi að standa upp aftur en sársaukann lagði um fótinn, ennþá meira en áðan. Hún féll niður í sitjandi stöðu.

Hægri ökklinn var eldraður og byrjaður að bólgnu upp.

Þetta var henni sjálfri að kenna. Hún hafði ætlað að spara sér ferðir og taka of mikið af eldiviði í einu. Hún hefði samt getað þetta ef hún hefði ekki stigið í holu sem eitthvert smádýr hafði grafið rétt hjá eldiviðarstaflanum.

Hún hafði snúið sig um ökkklann, misst jafnvægið því fangið var fullt og fallið eins og kubbabygging.

Henni að kenna en hvernig átti hún að vita að það gæti verið svona flókið að sækja eldivið? Charlie hafði alltaf séð um það síðan þau giftu sig.

Tárin fóru að renna niður vangana... ekki bara út af sársaukanum í ökklanum. Hún saknaði Charlie. Það var of mikil þögn í húsinu án hans, lífið of einmanalegt.

Það myndi ekki leysa neitt að vorkenna sjálfum sér og það kom ekki til greina að vera úti því það var spáð rigningu og

kulda. Hún varð að bíta á jaxlinn og koma sér að bakdyrunum og inn í húsið. Hún þurrkaði tárin af sér með skyrtuerminni en kallaði einu sinni enn, ef ske kynni að vinnumaðurinn, Buck Stalling, væri ekki farinn heim.

–Hjálp! Hjálp!

–Ég er að koma, stattu þig, ég kem.

Esther dauðbrá. Þetta var kvenrödd, ókunnug. Hún átti ekki von á neinum og hafði ekki heyrt bíl koma upp veginn.

Kannski var hún farin að ímynda sér hluti. Það var dapurlegt.

–Hvar ertu?

Þetta var greinilega rödd. –Bak við, kallaði hún.

Ung kona, sem hún hafði aldrei séð áður, kom fyrir húshornið. Hún sá Esther og flýtti sér til hennar.

–Ertu meidd? Hvað kom fyrir?

Hræðslan gufaði upp eins og döggi fyrir sólu.

–Ég var að sækja eldivið, sá ekki hvar ég steig niður og steig í holu.

Ókunnuga konan kraup við hliðina á Esther og snerti bólginn ökkllann varlega. –Það lítur út fyrir að þú hafir snúið þig. Er þetta sárt hérna?

–Já, mjög sárt, sagði Esther.

–Það hlýtur að vera. Hvað ertu búin að vera hérna lengi?

–Mér finnst eins og það séu margir klukkuþímar en sennilega 20 mínútur eða svo.

–Við þurfum að koma þér inn og setja kælingu á ökkllann til að minnka bólguna.

–Mér list vel á það. Esther virti konuna fyrir sér, skildi ekki af hverju hún hafði birst svona skyndilega. –Ég er mjög ánægð að sjá þig en hver ertu og hvaðan komstu? Ég heyrði ekki í bíl.

–Ég var á malarvegi sem liggur meðfram landareigninni hjá þér og heyrði þig kalla á hjálp.

–Gamla timburflutningaveginum. Hann er ekki notaður lengur, nema af unglíngum sem keyra á þessum háværu fjórhjólum eða eru að leita að stað til að kela. Hvað varstu að gera þar?

–Ég átti bara leið um og varð of syfjuð til að keyra. Ég fór út úr bílnum áður en vegurinn varð ófær og fékk mér gönguferð til að losa hnútana í hálsinum og bakinu.

–Og þú heyrðir í mér á malarveginum? Það er eiginlega kraftaverk.

–Ég heyrði varla í þér, hélt fyrst að þetta væri sært dýr. Sem betur fór ákvað ég að athuga málið.

–Hvað heitir þú? spurði Esther.

–Grace. Hún beit á vör, eins og hún hefði misst út úr sér blótsyrði og óskaði þess að hún gæti tekið það til baka, hikaði aðeins. –Grace Addison.

–Ég er Esther Kavanaugh. Ég hef búið á þessum búgarði árum saman og man ekki eftir að hafa dottið áður þannig að ég hafi ekki getað staðið upp.

–Það getur komið fyrir alla. Við skulum koma þér innfyrir og svo getum við spjallað saman.

–Ég veit ekki hvernig þísl eins og þú ætlar að koma mér inn, ég er tvöfalt stærri en þú.

–Það eru miklar ýkjur en það yrði ekki eins vont fyrir þig ef við fáum annan með okkur. Varstu að kalla í manninn þinn? Ég get kannski fundið hann ef hann er nálægt.

Esther hristi höfuðið. –Charlie er dáinn. Ef hann væri á lífi væri ég ekki hérna. Hann sá um mig og ég sá um hann, þannig var það alltaf.

–Mér þykir það leitt.

Esther átti erfitt með að fela sorgina sem hafði læðst fram í röddina. –Það er ekki þér að kenna, það er einhverjum að kenna en ekki þér.

–Á hvern varstu að kalla? spurði Grace.

–Á vinnumanninn en hann hefði heyrt til mín ef hann væri ennþá á búgarðinum.

–Þá þarftu að treysta mér fyrir því að hjálpa þér inn. Trúðu mér, ég er sterkari en ég lít út fyrir að vera. Ef þetta verður of sárt þó að ég hjálpi þér þá hringi ég á neyðarlínuna.

–Það vil ég ekki. Það eina sem þetta hjúkrunarfólk gerir við fólk á mínum aldri er að fara með okkur á sjúkrahús og rukka okkur fyrir ekki neitt.

–Hallaðu þér þá að mér og reyndu að stíga ekki í fótinn meðan ég hjálpa þér að standa upp. Grace tók um handlegginn á Esther og hjálpaði henni að standa á fætur. –Þetta var auðvelt. Láttu mig vita ef sársaukinn verður óbærilegur.

Esther gerði eins og hún var beðin. Sem betur fer hafði þessi miskunnsami Samverji sagt satt, hún var miklu sterkari en hún leit út fyrir að vera. Esther haltraði með stuðningi Grace.

–Við þurfum að fara rólega upp tröppurnar, sagði Grace þegar þær komu að bakdyrunum. –Haltu í handriðið með lausu hendinni til að halda jafnvæginu betur.

Esther fylgdi ráðum Grace og það varð alls ekki eins sárt að fara upp tröppurnar og hún hafði verið hrædd um. Það leit allt miklu betur út eftir að Grace kom en auðvitað færi hún aftur um leið og þær væru komnar inn, þá væri Esther ein aftur.

Alltaf ein án Charlie. Einhvern tímann fengi einhver að gjalda fyrir það. Esther ætlaði ekki að hvílast fyrr en réttlætinu væri fullnægt.

En núna var hún þakklát fyrir að hafa Grace.

4. kafli

Grace hefði átt að vera orðin að taugahrúgu núna því hún hafði gert alvarleg mistök bak við húsið áðan. Hún hafði ekki notað sitt rétta eftirnafn þessi sex ár sem hún hafði verið á flóttu. Sem betur fór hafði hún áttað sig tímanlega og notað eftirnafnið á nýjustu fölsuðu skilríkjunum.

Þetta var út af þessum óvæntu fundum hennar og Esther. Allajafna skipulagði hún líf sitt vandlega og tók ekki áhættuna á að umgangast ókunnuga.

Þrátt fyrir það var Grace róleg. Esther var svo ljúf og hæversk, húsið hennar svo notalegt að það var ómögulegt annað en að líða vel með henni.

Esther sat á sófanum í þægilegum slopp sem Grace hafði hjálpað henni að klæða sig í. Fóturinn lá ofan á nokkrum púðum, ísbakstur um ökkulann ásamt hreinu teygjubindi úr sjúkra-töskunni.

–Ertu hjúkrunarfræðingur? spurði Esther.

–Nei en ég hef reynslu af snúnum ökklum, yfirleitt mínum eigin. Ef þetta verður ekki orðið mun betra á morgun skaltu fara til læknis og láta taka röntgenmynd.

–Þetta getur ekki annað en orðið betra, þú dekrar svo við mig.

–Ég geri bara það sem allir myndu gera. Grace lagði teppi yfir fótleggina á Esther. –Áttu verkjatöflur í húsinu?

–Ég á íbúprófen sem ég nota þegar gigtin gerir vart við sig.

–Það væri ekki verra að taka það, hvar er það?

–Í eldhússkápnnum ofan við bekkinn næst vaskinum.

–Ég skal sækja það, bauð Grace. –Má bjóða þér eitthvað annað, kannski tebolla?

–Ekkert eins og er en bjargaðu þér ef þig langar í eitthvað. Það eru heimabakaðar súkkulaðibitakökur í krukkunni og sætt te í ísskápnum.

–Takk en ég borðaði hádegismatinn seint. Kartöflufloður og gos, ef það var hægt að kalla slíkt hádegismat.

Grace horfði í kringum sig í eldhúsinu. Það var notalegt, eins og afgangurinn af húsinu. Blá ávaxtaskál var of freistandi til að láta hana eiga sig og fyrst Esther hafði boðið henni að fá sér eitthvað þvoði hún sér um hendurnar og fékk sér svo banana.

Hún beit í bananann og leit svo í ísskápinn til að athuga hvort þar væri eitthvað sem lélegur kokkur eins og hún gæti útbúið handa Esther í kvöldmatinn. Beikon, egg og álegg í samlokur en lítið annað.

Það gegndi öðru máli með frystinn sem var sneisafullur af alls konar matvælum. Grace sá að Esther myndi ekki svelta svo hún dreif sig við erindið. Lauk við bananann og sótti verkjatöfluglasið, hristi tvær töflur fram í lófann og setti ísmola og vatn í glas, flýtti sér svo með þetta inn í stofu.

Esther reisti sig upp á olnbogana, tók töflurnar og lauk næstum því úr glasinu.

–Þú ert búin að þjóna mér nóg, sagði Esther. –Mér þætti vænt um það ef þú gætir stoppað hjá mér lengur en það er betra fyrir þig að finna bílinn þinn áður en það verður dimmt.

–Góð hugmynd, sagði Grace, –en svo kem ég aftur og hita eitthvað handa þér í kvöldmatinn. Ertu viss um að það verði allt í lagi með þig meðan ég skrepp?

–Ég verð kyrr á þessum sófa en þú ættir ekki að hlaupa yfir hagann og fara gegnum girðinguna aftur, tilkynnti Esther, –þú gætir meitt þig.

–Ég fer varlega. Hún hlakkaði samt ekki til þess að rekast kannski á naut.

–Enga vitleysu, réttu mér símann. Ég hringi í Buck. Ég borga honum stórfé fyrir nokkur viðvik svo það gerir honum ekkert til að gera mér smágreiða.

Sem minnti á annað mikilvægt. Grace rétti henni símann. –Talandi um greiða, getur þú hringt í einhvern sem getur komið og verið hjá þér í nótt?

–Ég þarf þess ekki. Ég get haltrað þessi fáu skref á salernið þegar þess þarf og inn í eldhús til að sækja fleiri ísmola þegar mig vantar þá. Annars get ég sofð hérna á sófanum.

–Þú ert mjög sjálfstæð kona Esther Kavanaugh.

–Þegar maður er einn þarf maður að vera það.

Grace þekkti það allt of vel en leið samt ekki vel yfir því að skilja Esther eftir eina um nóttina.

Esther hringdi í Buck og leit svo á Grace. –Mamma hans sagði að hann væri í sturtu en að hún myndi senda hann hingað þegar hann er búinn.

–Kannski gæti hann eða mamma hans verið hjá þér í nótt, lagði Grace til.

–Buck er ágætur við bústofninn en ég vil samt ekki að hann hjálpi mér. Hann er ekkert nema lappirnar og klaufskur eftir því.

–En mamma hans?

–Libby myndi halda fyrir mér vöku með blaðri alla nóttina. Hún er mesta blaðurskjóðan í Winding Creek og þá er mikið sagt.

–En kannski einhver annar?

–Enginn sem ég nenni að hafa. Þú sagðir að þú hefðir verið á ferðinni hérna framhjá, hvert ertu að fara?

Nú var kominn tími á lygar en sem betur fór hafði Grace náð að semja það helsta um nýja hlutverkið sitt meðan hún ók. Að vísu hafði hún klúðrað nafninu.

Það var samt ekkert auðveldara að ljúga þó að hún væri undirbúin og alls ekki að manneskju sem var opinská eins og Esther og treysti fólki.

–Ég missti vinnuna í Houston, sagði Grace, –svo ég ætla að heimsækja vinkonu mína í Albuquerque. Hún heldur að hún geti útvegað mér vinnu þar.

–Þú ert komin af leið þangað, er það ekki?

–Jú en ég er ekkert að flýta mér svo mér datt í hug að sjá meira af Texas, fara fáfarna vegi og stoppa í bæjum sem ég hef aldrei komið til.

–Eins og Winding Creek?

–Hann var ekki á listanum hjá mér, viðurkenndi Grace, –en mér líkar vel við þennan hluta af Texas.

–Flestir eru hrifnir af Texas Hill County. Ef þér liggur ekki á skaltu stoppa einn eða tvo daga, líta á bæinn.

–Ég kem kannski einhvern daginn og skoða mig um.

–Því ekki að gera það núna. Ég hef nóg pláss í þessu stóra húsi og vil gjarnan hafa félagsskapinn.

–Ertu ekki hrædd um að ég tali of mikið? spurði Grace stríðnislega.

–Það er allt í lagi mín vegna, ég fengi allavega ekki sömu gömlu slúðursögurnar og ég hef hlustað á í mörg ár.

–Ég er ókunnug, sagði Grace, –og þú veist ekkert um mig. Þú ættir ekki að bjóða ókunnugu fólki inn á heimili þitt.

–Ég veit heilmikið um þig. Þú klifraðir gegnum gaddavirs-girðingu og hljópst til að hjálpa manneskju sem þú heyrðir kalla þó að þú hefðir ekki hugmynd um út í hvað þú værir að fara.

–Það hefðu allir gert þetta.

–Nei, ekki núorðið. Kannski í Winding Creek en ekki alls staðar. Það skiptir ekki máli, mér sýnist að þú sért góð manneskja og ég er frábær mannþekkjari. Meira að segja Charlie var

vanur að viðurkenna að ég sæi hvort einhver væri að ljúga um leið og viðkomandi opnaði munninn. Ég er ennþá fljótari að þekkja heiðarlega manneskju.

Þetta boðaði ekki gott fyrir Grace því allt sem hún segði héðan í frá yrði byggt á lygi en hún þoldi ekki tilhugsunina um að skilja Esther eftir eina um nóttina.

–Ég er með fjögur laus svefnherbergi, sagði Esther hvetjandi. –Þér ætti að lítast á eitt þeirra. Þau eru ekki íburðarmikil en rúm-in eru góð og rúmfötin hrein. Það er betra en að keyra í klukku-tíma eða meira og enda á gömlu vegahóteli við þjóðveginn.

–Þú færir góð rök fyrir máli þínu.

–Þá er það ákveðið. Þú gistir hér í nótt. Við kynnumst betur. Ég hef á tilfinningunni að við eigum eftir að verða frábærar vin-konur.

Grace var viss um að það stæðist ekki. Hún gat aldrei kynnst neinum vel því hún þurfti að halda fortíð sinni og réttu nafni leyndu, eins og gömlu fjölskylduleyndarmáli.

–Allt í lagi, sagði Grace, –eina nótt. Ef þú vilt að ég sé kyrr. En þú verður að lofa því að leyfa mér að hugsa um þig. Ég vil ekki að þú reynir að vera gestrisin meðan ökklinn er svona.

–Ég ligg bara hér nema þegar ég þarf á salernið. Esther brosti og svipurinn varð blíðlegri, hún hagræddi fætinum á koddun-um.

Grace hafði tekið rétta ákvörðun, fyrir Esther.

Meðan Esther kæmist aldrei að því að konan sem hún hélt að hétu Grace Addison var ekki til nema sem persóna í hryllings-sögu.

Grace vaknaði af værum svefni við blindandi birtu frá eldingu sem var rétt við gluggann hennar. Hávær þruma fylgdi í kjölfarið. Hún teygði sig í símann til að athuga hvað klukkan væri. Tíu

mínútur yfir þrjú. Annarri eldingu sló niður og þruman á eftir var svo hávær að rúðurnar nötruðu.

Esther var við hinn endann á löngum gangi og hlaut að hafa vaknað líka við veðrið. Það var eins gott að fara og líta á hana því Grace var héra til þess. Hún gæti að minnsta kosti fært henni nýjan ísbakstur.

Grace kveikti á lampanum, fór í inniskóna og sloppinn, fegin því að hafa munað eftir að taka þetta með sér þegar hún pakk-aði niður í ofboði. Hún var komin fram á ganginn þegar hún mundi eftir ömurlegu hárkollunni sem hún hafði verið með þegar hún kom.

Regnið buldi á rúðunni þegar hún tók hárkolluna ofan af kommóðunni og setti hana á sig, lagaði hana til þangað til hún var fullviss um að brúnir lokkar hennar sjálfrar stæðu ekki undan kollunni.

Hún læddist að herbergisdyrnum hjá Esther og heyrði háværar hrotur yfir hávaðann í veðrinu. Kannski hafði hún ekki vaknað við veðrið þess vegna.

Það var töluvert kaldara í húsinu en það hafði verið þegar Grace fór í háttinn og hún fann kaldan gust á ganginum. Hún hafði fullvissað sig um að útihurðirnar væru læstar en þessi gustur hlaut að koma einhvers staðar að.

Hún fylgdi kuldunum inn í stofuna og kveikti ljósið, sá vandamálið eftir nokkrar sekúndur. Það var rifa á glugganum bak við sófann og það blés inn og rigndi líka. Hún lokaði glugganum og sótti handklæði inn á baðherbergið til að þurrka bleytuna upp.

Annarri eldingu sló niður, þruman öskraði, ljósin blikkuðu og slokknuðu svo.

Grace leið eins og hún væri að kafna þegar myrkrið umlukti hana.

Svona hafði veðrið verið um nóttina fyrir tæpum sex árum síðan þegar allt byrjaði. Hryllingsnótt sem hún gat ekki losnað við. Minningarnar klifruðu út úr myrkustu hugskotum hennar og hún var komin þagnað aftur.

Lá alein í stóra rúminu, silkirúmfötin umluktu nakinn líkamann. Umkringd ríkidæmi, að drukkna í grunsemdum sem hún gat ekki neitað lengur.

Grace gekk inn í svefnherbergið aftur í myrkrinu og fór upp í rúm. Stormurinn geisaði fyrir utan en mesta umrótíð var innra með henni.

–Hjálp mér, þú ert óstöðvandi Grace. Ég sver að þú hefur ekki stoppað síðan þú vaknaðir.

–Ég hef ekki gert mikið.

–Eldað handa mér morgunmat, gengið frá í eldhúsinu, ryksugað, þvegið og þurrkað rúmföt og handklæði, lagað til í hreiðrinu mínu hérna við sófann og þjónað mér eins og ég væri Englandsdrottning. Ég myndi segja að það væri heilmikið.

–Mér finnst gott að hafa nóg að gera og verð að vinna fyrir mat mínum. Þú varst eins og höfn í storminum í nótt.

–Það varst þú sem gerðir mér greiða. Ég viðurkenni vel að ég hafði áhyggjur af ökklanum, ég var hrædd um að eitthvað væri brotið. Ég þurfti ekki á því að halda.

–Ég er fegin að hann skuli vera betri í dag en þú skalt ekki reyna of mikið á hann. Það væri betra fyrir þig að vera með göngugrind eða jafnvel staf.

–Veistu, ég held að stafurinn sem Charlie átti gæti verið inni í fataskáp í einhverju af gestaherbergjunum. Hann keypti hann eftir hnjáliðaaðgerð fyrir nokkrum árum.

–Ég skal athuga það áður en ég fer en núna þarftu að fá nýjan ísbakstur á ökkla. Ertu tilbúin?

–Hvað þurfum við að gera þetta lengi?

–Í sólarhring í viðbót að minnsta kosti. Þú vilt ná bólgunni eins vel niður og hægt er.

–Það er gott að mér finnst vínrauður fallegur litur, sagði Esther. –Mér sýnist að litbrigðin verði þannig þegar mar-blettirnir blómstra.

–Það gæti verið.

Grace sótti ísbakstur og setti um öklklann.

–Ég vona að þér finnist ekki að ég sé að notfæra mér þig, sagði Esther.

–Það dettur mér ekki í hug. Ég ætla að athuga hvort ég finn stafinn og svo þarf ég að halda ferðinni áfram. Get ég gert eitt-hvað fleira fyrir þig áður en ég fer?

–Ja... það er eitt sem væri mér mikils virði. Ekki greiði því ég borga þér það sem ég get.

–Hvað er það?

Esther saug neðri vörina inn í munninn og lagði lófana á vangana eins og hún væri hrædd við að segja það hún var að hugsa.

–Spurðu bara, sagði Grace hvetjandi. –Ég lofa því ekki að ég geti sagt já en ég verð ekki reið við þig þó að þú spyrjir.

–Ég var að hugsa hvort ég gæti fengið þig til að dvelja hjá mér í viku eða svo, kannski kringum jólin. Tilhugsunin um jólin er þrúgandi. Ég fer að gráta í hvert skipti sem ég hugsa um þau.

Esther fékk tár í augun og eitt slapp út og rann niður vang-ann.

Grace fylltist samúð og skynsemin hvarf um leið. –Eru þetta fyrstu jólin þín án Charlie?

Esther kinkaði kolfi. –Það eru þrír mánuðir síðan hann dó. Ég ætlaði að sleppa jólahaldinu en Charlie elskaði jólin. Hann

myndi ekki vilja sjá mig sleppa trénu og skreytingunum. Ég get eiginlega ekki hunsað þau því fólk sendir jólakort og ef ég kveiki á útvarpi eða sjónvarpi er verið að tala um jólin.

–Áttu fjölskyldu sem þú getur verið hjá? spurði Grace.

–Nei, við Charlie eignuðumst engin börn. Okkur langaði til þess en það bara tókst ekki. Það næsta sem við komumst því að eiga fjölskyldu voru Lawrencebræðurnir. Þeir bjuggu hjá okkur í 10 mánuði fyrir nokkrum árum. Það sem okkur þótti vænt um þessa stráka. En þeir eru allir orðnir fullorðnir, dreifðir um heiminn og uppteknir af eigin lífi. Það væri indælt ef þú gætir verið hjá mér um jólin.

Grace fannst ömurlegt að þurfa að neita svona beiðni þegar hún hafði engan stað til að fara á en ef hún yrði kyrr þyrfti hún að ljúga stanslaust að konu sem treysti henni. Það gat líka alltaf hent sig að það stofnaði Esther í hættu.

En ef Grace færi ekki af búgarðinum, hvernig gæti nokkur komist að því að hún var hérna? Á yfirborðinu leit þetta út fyrir að vera góður staður til að fara huldu höfði.

–Ég skil það ef þú getur það ekki, sagði Esther, –mér datt þetta bara í hug.

–Ekki slæm hugmynd, viðurkenndi Grace.

Hún var sjálf ekki vel stemmd á jólunum, var vön að vera á náttfötunum allan tímann, horfa á gamlar jólabíómyndir og gráta.

–Ég get ekki lofað því að ég geti verið yfir öll jólin, sagði Grace. Hún gat aldrei lofað neinu. –En ég skal vera einn dag í viðbót, við sjáum hvernig framhaldið verður.

–Það verður mjög gott, sagði Esther, ég finn það á mér.

–En ég vil ekki fá greiðslu, sagði Grace ákveðin. –Ég lít á okkur sem vinkonur núna og ég vil hjálpa þér.

–Þú veist ekki hvað þetta er mér mikils virði.

–Ekki treysta á að ég geti verið hérna um jólin. Get ég gert eitthvað fyrir þig áður en ég fer að leita að stafnum?

–Mér finnst leiðinlegt að láta þig alltaf vera að gera eitthvað, sagði Esther, –en það væri gott ef þú gætir sótt egginn í hænsnakofann.

–Ég skal aðstoða þig með ánægju en ég þarf meiri leiðbeiningar.

–Ertu að segja mér að þú hafir aldrei sótt nýorpin egg? Esther var greinilega hissa.

–Aldrei.

–Þá áttu von á góðu. Esther brosti samsærislega og benti Grace að setjast hjá sér í sófann. –Ertu nokkuð hrædd við hænur?

–Ætti ég að vera það?

–Ekki ef þú vilt fá egg að borða. Það er stór karfa í glugganum í forstofunni bakdyramegin, taktu hana með þér í hænsnakofann. Þú sérð það strax. Farðu inn og þú sérð tvær raðir af hreiðrum. Þú stingur hendinni í hreiðrin og tekur egginn.

Þetta hljómaði sáraeinfalt. –Er hænunum sama?

–Já, þær eru vanar þessu. Ef hæna situr á hreiðri skaltu ekki trufla hana. Hún gaggar og fer þegar hún er búin. Þá getur þú tekið úr hreiðrinu.

–Hvað um fóður?

–Það er fóður í fóðurskammtaranum en komdu við hjá eldiviðarskúrnum á leiðinni í hænsnakofann. Þar sérðu járnfall, á hillunni yfir korntunnunni. Settu korn í dallinn eða í vasa þinn.

–Hvað á ég að gera við kornin?

–Dreifa þeim um hænsnakofann og þá koma hænurnar hlaupandi.

Hænur á hlaupum til hennar. Betra en kýr eða naut en henni fannst þetta ekki góð tilhugsun.

–Er orðið of seint fyrir mig að hætta við að hjálpa þér? spurði Grace stríðin.

–Já en hafðu ekki áhyggjur. Það er gaman að sækja eggin. Þú átt eftir að sakna þess þegar þú ferð.

Grace efaðist um það.

Nokkrum mínútum síðar var hún lögð af stað með körfuna í hendinni og vasana fulla af korni. Sjálfsöryggið jókst með hverri mínútunni.

Hversu erfitt gat það verið að sækja egg?

Hún gekk inn í hæsnakofann. Nokkrar hænur voru að krafsa á gólfinu undir hreiðrunum. Falleg hæna sat á hreiðri eins og drottning í háseti sínu.

–Ég ætla ekkert að gera þér ljúfan, sagði Grace rólega, –sinntu bara þínu.

Hænan hunsaði hana. Grace safnaði eggjunum saman og gætti þess að brjóta þau ekki. Þegar karfan var orðin full var hún orðin býsna stolt af sjálfri sér. Það var ekkert mál að tína egg.

Hún gekk að hliðinu með eggjakörfuna á handleggnum, tók handfylli af kornum og dreifði þeim á jörðina. Hæurnar komu hlaupandi alls staðar að og hámuðu kornið í sig en létu hana í friði.

Hún tók nokkur skref frá hliðinu og ætlaði að dreifa restinni af kornunum þegar hún sá risastóran hana stefna á sig.

Hann stoppaði milli hennar og hliðsins og gaf frá sér hljóð. Ekki gott. Þetta hljómaði eins og hercall. Hann tók á rás til hennar.

Grace hljóp af stað, haninn á eftir. Eggin sem hún hafði tínt svo varlega saman flugu eitt og eitt upp úr körfunni.

Kastaðu korninu eins langt og þú getur og hlauptu að hliðinu.

Hún hægði á sér, fyllti lófann af korni en rann til og datt á rassinn í drullupoll.

Hún endaði með því að kasta korninu eins langt og hún gat. Hæurnar og haninn eltu matinn en nú lá meira en helmingurinn af eggjunum brotinn á jörðinni. Hún var útötuð í leðju og hárkollan hafði runnið fram á ennið og var komin langleiðina fyrir augun.

Þetta gat varla versnað.

Hún ætlaði að standa upp en rann til aftur. Leðjan slettist framan í hana og á gleraugun.

Þá heyrði hún hlátur. Djúpan karlmannlegan hlátur. Hún leit upp og horfði framan í myndarlegasta mann sem hún hafði nokkru sinni séð.

Hún hafði haft rangt fyrir sér. Þetta hafði versnað heilmikið.

5. kafli

Pierce barðist við að bæla niður hláturinn meðan hann flýtti sér til hennar til að bjóða aðstoð. Hann var ekki að hlæja af því að hún hafði dottið og sem betur fer var ekki að sjá að hún hefði meitt sig en hann hafði hlegið þegar hann sá hana hlaupa í leðjunni með hanann og helminginn af hænunum úr hæsnakofanum á eftir sér í leit að korni. Egginn sem flugu upp úr körfunni eins og stökkbaunir. Og ljótu hárkolluna sem var öll skökk.

Hann opnaði hliðið og hláturgusa slapp út.

–Þetta var ekki svona fyndið, sagði hún glaðlega þegar hann nálgaðist.

–Fyrirgefðu, ég hefði ekki átt að hlæja en...

Hann gat ekki að sér gert en gat ekki hætt að hlæja. –Þetta var reyndar bráðfyndið frá mínu sjónarhorni séð, viðurkenndi hann.

–Ég drep þig ef þú hefur tekið þetta upp til að setja á YouTube.

–Engar myndir, ég sver það.

Hún var miklu yngri en honum hafði sýnst úr fjarlægð og brúna hárið sem hafði sloppið undan kollunni glansaði, var ekkert lík úfnu svörtu hárkollunni.

–Ertu meidd? spurði hann.

–Bara stoltið. Hún þurrkaði af hendinni á sér í gallabuxurnar.

Hann dró vasaklút upp úr rassvasanum og rétti henni. –Þetta gæti hjálpað til.

Hún tók af sér gleraugun og stakk þeim í vasann og þurrkaði sér í framan með klútnum en hann gerði lítið annað en að dreifa leðjunni eins og stríðsmálningu.

Hann ýtti hárkollunni aftur upp á ennið á henni.

–Hvað er málið með hárkolluna? Varstu í dulargervi svo haninn myndi ekki þekkja þig?

–Hvernig kemur þér það við?

–Meðtekið. Það var sennilega ekki besti tíminn til að ræða um útlit konu þegar hún var slettótt af leðju.

Loks kom Jaci til þeirra. Hún studdi höndum á mjaðmir og starði ögrandi á útbíuðu konuna.

–Af hverju stalstu hænueggjunum? Það er ekki fallega gert.

–Ég stal þeim ekki, mótmælti konan, –ég var að sækja þau til að fara með þau inn.

–Hæurnar eiga þau. Þú varst að stela.

–Það er rétt og trúðu mér, ég geri þetta ekki aftur ef ég kemst hjá því. Konan tindi óbrotnu egginn upp.

–Þetta er ekki að stela, sagði Pierce við Jaci. –Hæurnar verpa eggjum handa okkur til að borða. Egginn sem við kaupum í búðinni eru líka úr hænum.

Jaci var greinilega ekki sátt við þessa skýringu og steig á faldinn á jakka konunnar sem hætti að tina egg og leit á hana.

–Af hverju eltu hæurnar þig ef þú varst ekki að stela eggjunum?

–Góð spurning. Spurðu þær.

–Hænur geta ekki talað, er það pabbi?

–Ekki á tungumáli sem ég kann.

Pierce steig á brotnu egginn, eitt af öðru, þangað til skurnin var orðin að mylsnu og vökvinn horfinn ofan í jörðina.

–Af hverju ertu að þessu? spurði Jaci en var strax farin að hjálpa honum.

–Svo hæurnar fatti ekki að það er gott að borða þau. Þá gætu þær étið egginn svo við fengjum ekkert.

–Ertu þá bæði sérfræðingur í hænum og hárkollum kvenna? spurði konan glettnislega.

–Ég er fjölhæfur maður.

–Það efast ég ekki um.

–Sannleikurinn er sá að ég lærði um hænur á sama hátt og þú... af erfiðri reynslu og í sama hænsnagarði.

Hann tók síðustu óbrotnu egginn upp og setti þau í körfuna. –Ég heiti Pierce Lawrence og þetta er forvitna dóttir mín, Jaci.

–Ég heiti Grace Addison. Hæðnin hvarf að mestu úr röddinni. –Ertu vinur Esther?

–Eiginlega í fjölskyldunni.

–Nú? Þá hlýtur þú að vera einn af þessum frægu Lawrence-bræðrum sem Esther minntist á.

–Frekar alræmdu og fjölskylda er kannski of sterkt til orða tekið því það er orðið töluvert langt síðan ég kom síðast.

Þau fóru út úr girðingunni og Pierce lokaði vel á eftir þeim.
–Gefðu mér tíma til að sækja farangurinn okkar í bílinn og við verðum samferða þér inn.

Grace leit á pallbílinn sem hann hafði keypt nýjan í Chicago.

–Af hverju leggur þú hér fyrst þú komst til að heimsækja Esther?

–Mig langaði að prófa nýja bílinn á malarvegi áður en ég færi að keyra utanveggar.

Hann opnaði bílinn og sótti bakpoka barns.

Jaci seildist í hann. –Ég get borið leikföngin mín, ég er sterk, sagði hún.

–Það er gott, bakpokinn er mjög þungur, sagði Pierce og tók þátt í leiknum. Hann hjálpaði Jaci að koma honum fyrir á bakinu og tók svo tvær töskur úr aftursætinu.

–Er þetta allt og sumt? spurði Grace.

–Kúrekar ferðast létt, ekki satt Jaci?

–Ég er kúrekastelpa.

–Hvernig gæti ég gleymt því.

Þau gengu að húsinu. –Esther minntist ekki á að hún ætti von á þér, sagði Grace.

–Ég hef hvorki talað við Esther né Charlie í marga mánuði, viðurkenndi Pierce. –Það eru nokkur ár síðan ég hef komið á þessar slóðir, mér datt í hug að koma þeim á óvart.

–En leiðinlegt, þá hefur þú ekki frétt það.

Hún var greinilega í uppnámi. –Hvað er að?

–Charlie er dáinn.

–Ó nei, ekki Charlie. Þetta voru slæmar fréttir og hann átti erfitt með að átta sig. –Hvenær gerðist þetta?

–Fyrir þremur mánuðum síðan.

–Ég hafði ekki heyrt af því, bræður mínir ekki heldur. Það er erfitt að trúa þessu, ég meina, hann var við hestaheilsu

þegar ég sá hann síðast. Hann var ekki svo gamall. Pierce óð úr einu í annað, var alveg eins að tala við sjálfan sig. –Hvernig dó hann?

–Ég veit það ekki.

Það var svolitíð skrýtið. –Hvað hefur þú þekkt Esther lengi?

–Ekki lengi, sagði Grace. –Hún sneri sig um ökkklann í gær. Ég ætla að vera hjá henni í nokkra daga til að hjálpa henni. Ég efast um að hún treysti mér aftur fyrir eggjatíslunni.

–Ekki reikna með því. Esther heimtar að þú gerir þetta þang- að til þú ert búin að ná tókum á því. Hún rekur þig áfram og fær þig til að þykja vænt um hana fyrir það.

–Takk fyrir viðvörðunina.

–Hvernig líður Esther? Ég á við, án Charlie. Þau voru svo náin, héldust í hendur og borðuðu allar máltíðir saman. Hún var sú eina sem gat róað hann þegar eitthvað fór í skapið á honum.

–Hún er mjög einmana án hans.

–Það er ég viss um. Hver sér um búskapinn? Esther sá alltaf um garðinn og hænurnar og lætur nágrannana fá egg og grænmeti en Charlie sá alfarið um búpeninginn.

–Hún réð vinnumann í hlutastarf, ungan strák sem heitir Buck. Meira veit ég ekki.

Þau komu að húsinu en Pierce hikaði við að ganga upp tröppurnar og banka. Hvað gat hann sagt við Esther þannig að hún vissi hvað hann tók þetta nærri sér? Hann var ómögulegur við svoleiðis. Hann leit í kringum sig. Jaci var á eftir þeim, að sparka upp laufblöðum.

Grace stoppaði. –Ég skal bíða eftir dóttur þinni. Þú ferð inn og kemur henni á óvart. Dynnar eru ekki læstar og vonandi er hún á sófanum að hvíla ökkklann.

Þegar hann heyrði að Charlie væri dáinn hvarf gleðin við það

að koma henni á óvart. Kannski vildi Esther ekki sjá hann því enginn bræðranna hafði haldið nógu nánu sambandi við hana til að vita af dauða hans.

Að minnsta kosti einhver þeirra hefði komið á jarðarförina ef þeir hefðu vitað þetta en nú var Pierce kominn, hann varð að vinna út frá því.

Hann gekk inn í forstofuna bakdyramegin og tók af sér nýja kúrekahattinn, lagði hann á hilluna við hliðina á höttunum sem Charlie hafði átt.

Sorgin hitti hann beint í hjartað. Þetta yrði ekki auðvelt.

–Hvernig gekk eggjatínslan?

Hann stóð þögull þegar hann heyrði í Esther. Hún var greinilega í eldhúsinu og hélt að Grace hefði komið inn um bakdyrnar.

–Betur fyrir hænurnar en þann sem tíndi, sagði hann og gekk inn í eldhúsið.

Esther starði á hann, svo fór hún að skjálfa. –Pierce Lawrence, ert þetta virkilega þú?

–Hinn eini sanni.

Hann sagði ekki fleira, breiddi bara út handleggina og hún féll í fangið á honum og fór að gráta en Pierce deplaði eigin tár-um burtu.

–Ég hélt að þú værir ekki á landinu, sagði hún loks og snökti.

–Ég var það ekki en ég er hættur í hernum og kominn heim til að vera.

–Ég vissi að þú kæmir þegar þú gætir það, Pierce. Ég veit hvað þér þótti vænt um Charlie. Ég veit hvað honum þótti vænt um þig.

Jaci kom ein inn í eldhúsið með hálfótma eggjakörfu sem hún rétti Esther með stolti.

–Þetta er Jaci, dóttir mín, sagði Pierce. –Við ætlum að eyða tíma saman til að kynnast upp á nýtt. Ferðalag til Texas virtist vera góð aðferð til þess.

–Ég er fegin að þú skyldir taka hana með. Esther lagði höndina á öxlina á Jaci. –Gaman að hitta þig ungfrú góð. Pabbi þinn er einn af þeim sem ég held mest upp á í öllum heiminum svo ég veit að við tvær verðum góðar vinkonur.

–Jaci, þetta er Esther Kavanaugh, konan sem ég hef sagt þér svo mikið um.

Jaci horfði spyrjandi á Esther. –Ertu frænka mín eða amma?

–Hvað viltu að ég sé?

–Ég á bara eina ömmu, Joey vinur minn á tvær og Penny vinkona mín á þrjár. Mig vantar aðra ömmu.

–Ég vil gjarnan verða heiðursamma þín, ef það er í lagi pabba þíns vegna.

–Í finu lagi, sagði Pierce.

–Hvað er heiðursamma? spurði Jaci.

–Það þýðir að það er heiður fyrir mig að vera amma þín.

–Áttu ennþá hesta?

–Finnst þér gaman að hestum?

–Já. Pabbi ætlar að kenna mér að ríða út.

–En spennandi.

–Hvar eru hestarnir þínir?

–Nokkrir í hesthúsinu en flestir í haganum.

Grace kom inn í eldhúsið, hafði klætt sig úr forugum stígvélum og jakka en var ennþá slettótt í framan og á framhandleggjunum. Ljóta hárkollan var komin á sinn stað.

Esther tók andköf. –Hvað kom fyrir þig?

–Pierce segir þér frá því meðan ég fer í sturtu. Hann skemmti sér miklu betur yfir því sem gerðist en ég. Hvað ertu að gera í eldhúsinu þegar þú átt að hvíla ökklað?

–Ég skal sjá um að hún fari aftur í sófann áður en ég segi henni frá ævintýri þínu með hænsnunum, lofaði Pierce.

Grace ranghvolfdi augunum en brosti.

Gleraugu sem voru allt of stór fyrir andlitið, leðja en ekki farði og víðar gallabuxur en hún var sæt þegar hún brosti. Það var örugglega sjóðheit kona þarna í felum.

Það skipti hann reyndar engu máli. Það síðasta sem hann vantaði var önnur kona í lífi hans. Esther og Jaci voru alveg nóg til að glíma við.

Grace kom fram eftir hálf tíma og angaði af blómum og sápu. Pierce var ekki búinn að fá á hreint ennþá hver hún var, vissi bara að hún ætlaði að dvelja tímabundið hjá Esther.

Hann vissi lítið meira um dauða Charlie en áður. Esther hafði mjög litlu bætt við. Hann spurði hana út í þetta en hún hafði bara bent á Jaci sem hafði sest í gamla hægindastólinn hans Charlie og var upptekinn í leik í iPadinum sínum.

Esther fannst greinilega að Jaci mætti ekki heyra þetta. Hann ætlaði að fá fleiri upplýsingar þegar hann næði á henni einni.

Á hinn bóginn hafði það litla sem hún hafði sagt um Grace truflað hann. Hún hafði fyrir tilviljun verið á gangi á gamla timburflutningaveginum þegar hún heyrði Esther kalla á hjálp. Hún hafði bjargað gömlu konunni og var nú flutt inn tímabundið.

Hvernig ungar konur gerðu slíkt?

Annað hvort góðmenni eða kona sem vildi fá eitthvað fyrir sinn snúð. En eftir hverju var hún?

Peningum? Skartgripum? Stað til að fela sig fyrir yfirvöldum?

Kannski var hún í hættu. Á flóttu undan lögreglunni eða hættu sem úrskýrði ljótu hárkolluna og óaðlaðandi gleraugun sem runnu sífellt fram á nefbroddinn.

–Ég veit að þið hljótið að vera orðin svöng, sagði Esther.
–Það er komið framyfir hádegi.

–Ég get borðað, sagði Pierce.

Esther hló lágt. –Þú gast alltaf borðað. Ég tók mat úr frystinum þegar Grace fór að sækja egginn, hann er að þiðna.

Esther dró fótinn niður af koddunum og ætlaði að standa upp.

–Ó nei, mótmælti Grace. –Ég skal hita matinn upp. Þú skalt taka því rólega. Það er ekki hægt að flýta fyrir batanum.

–Sjáðu Pierce, ég sagði þér að hún spillir mér.

–Eins og þú átt skilið, sagði Pierce. Þetta sannfærði hann ekki um að ekkert byggi undir hjá Grace. –Ég skal hjálpa til í eldhúsinu, bauð hann, vonaði að hann fengi færi á að átta sig betur á ástandinu.

Jaci leit upp frá leiknum. –Ég vil ekki hádegismat. Þú lofaðir að ég mætti fara á hestbak.

–Við gerum það, sagði Pierce. –Strax og við erum búin að borða, ef það er í lagi þín vegna Esther.

–Þú veist að þú skalt láta eins og þú eigir heima hérna, Pierce. Ég held að það sé allt sem þarf í reiðtygjageymslunni.

–Við keyptum hjálm handa henni á leiðinni hingað, sagði Pierce, –og stígvél og hatt.

–Og kúrekastelpuföt, bætti Jaci við. Hún sneri sér í heilan hring svo þau sæju gallabuxurnar og köflóttu skyrtuna vel.

–Flott, sagði Grace.

–Þá veit ég að við eigum allt annað sem þú þarft, sagði Esther, meira að segja hnakk í réttri stærð.

–Og þú sem vissir ekki einu sinni að við vorum að koma.

–Nei en einn af vinum okkar úr kirkjunni keypti hnakkinn handa afabarninu sínu þegar hann kemur í heimsókn. Charlie kenndi stráknum að ríða út. Ég veit ekki hvor þeirra hafði meira gaman af því.

–Er þetta í fyrsta skipti sem þú ferð á hestbak, Jaci? spurði Esther.

–Ég hef einu sinni setið á smáhesti en hann var fastur við aðra hesta og við fórum bara í lítinn hring. Leiðinlegt. Pabbi ætlar að leyfa mér að ríða á hesti sem er ekki bara fyrir afmælisveislur.

–Það er miklu meira spennandi, sagði Grace.

–Við erum í ævintýraferð af því að mamma fór til Kúbu. Hún vildi ekki leyfa mér að koma.

–Í alvöru? Til Kúbu? sagði Esther spyrjandi.

Pierce gaf henni merki um að láta umræðuefnið bíða í bili.

–Ætlar þú líka á hestbak? sagði Jaci við Esther.

–Ekki í dag. Ég elskaði að fara á bak en gömlu beinin mín eru ekki alltaf sátta við að hrossast í hnakk.

Jaci hljóp til Grace og greip í hönd hennar. –Vilt þú þá koma með okkur? Gerðu það?

–Ég horfi kannski á, sagði Grace sem var greinilega ekki spennt fyrir þessu.

Pierce fékk upplýsingar um það hjá Esther hvaða hestar væru rólegastir og traustastir og fór svo fram í eldhús til Grace. Hún stóð hálfbogin við skáp og gramsaði í honum. Víðu buxurnar gátu ekki leynt því að afturendinn var flottur. Hann leit undan áður en fiðringurinn í naranum varð að einhverju meira.

–Þú getur látið Esther fá nýjan ísbakstur meðan ég byrja að hita matinn, lagði Grace til.

–Ég get það.

Hún setti matinn í pott. –Borðar Jaci það sem er á borðum eða á ég að leita að hnetusmjöri og sultu eða pasta með osti? Ég veit hvað krakkar á hennar aldri geta verið matvandir.

–Mér þykir leitt að segja það en ég veit í rauninni ekki hvað hún borðar. Ég hef verið í hernum og erlendis mestalla ævi

hennar. Ég veit þó að hún hikar ekki við að láta okkur vita ef hún vill ekki matinn, hún er mjög þver.

–Ég varð vör við það við hænsnakofann.

–Jæja, það er ljótt að stela eggjum frá litlum og sætum hænum.

Grace vöðlaði saman servíettu sem hún var að þurrka sér á og kastaði í hann.

Hann greip kúluna. –Þú verður að vera fljótari ef þú ætlar að koma fyrrum hermanni á óvart.

–Eða undirförlari. Þú veist ekki á hverju þú átt von frá mér.

Sennilega hafði hann mestar áhyggjur af því þegar Grace átti í hlut.

Jaci var bráðger og meistari í að vefja fólki um fingur sér.

Grace gat ekki neitað henni um að koma með þeim og horfa á hana í fyrsta reiðtúrnum sínum.

Pierce var á heimavelli, strauk snoppuna á hestunum og spjallaði við þá eins og þeir skildu hann. Grace hefði gert eins en ákvað að vera skynsöm. Ef hún léti eins og hún væri hrædd við hesta hefði hún góða afsökun til að fara ekki á hestbak með Pierce.

Pierce lyfti Jaci upp og lét hana renna fingrunum gegnum faxið á hestinum.

–Hver sér um hestana á búgörðum? spurði hún.

–Stundum eigandinn, stundum kúreki sem vinnur hjá honum.

Miðað við mann sem hafði viðurkennt að hann eyddi litlum tíma með dóttur sinni var Pierce afskaplega þolinmóður gagnvart henni og virtist njóta þess að hafa hana hjá sér.

Grace varð samt hugsað til þess hvernig samband hans við móður barnsins væri fyrst hún var í ævintýraferð á Kúbu. Pierce hafði ekki minnst á að hann væri skilinn en hann var ekki með giftingarhring.

Þetta kemur mér ekki við, minnti Grace sjálfa sig á og hún ætlaði ekki að spyrja. Allt sem tengdist búgarðinum var bara til skamms tíma hjá henni.

Hesturinn sem var næstur Grace fór að hneggja og krafsaði í jörðina eins og hann ætlaði að leggja á flóttu. Hún ætlaði að reyna að róa hann en mundi þá eftir uppgerðarhestahraðslunni og hörfaði skyndilega.

–Rólegur Huckleberry.

–Það er allt í lagi, mér brá bara.

–Þetta var samt flott bakk, hjá þér en ekki hestinum.

–Ég er ekki hæfileikalaus. Nú var hún farin að daðra, í sjálfsvörn en það var samt daður. Það kom henni á óvart að muna hvernig átti að fara að því.

–Jaci ætlar að fá Dreamer, sagði Pierce. –Á hvaða hross á ég að leggja fyrir þig?

–Þetta er hennar dagur, ég ætla að halda mig til hlés og horfa á ævintýrið hjá henni.

–Ertu nokkuð hrædd við hesta?

–Nei, auðvitað ekki, ég elska þá, er að hugsa um að skipta á bílnum mínum og hesti.

Hann brosti lítilllega, stríðnislega. Hún fann hitastraum fara um sig en barði hann til hlýðni.

–Hefur þú farið á hestbak? spurði Pierce.

–Telst hringekja með?

–Ekki eftir fimm ára afmælisdaginn.

–Þá er svarið nei.

–Við getum ekki látið þetta ganga svona. Við komum aftur á morgun... í einkakennslustund.

Hún þóttist ekki heyra þetta, ætlaði ekki að gera neitt „einka“ með Pierce. Þokkinn streymdi frá honum og það myndi bara leiða til vandræða.

–Allt í lagi Jaci, þú ert sú eina sem ætlar í reiðtíma.

Hún klappaði saman höndunum af ánægju. Nokkrum mínútum síðar var Dreamer kominn með hnakk og tilbúinn. Grace stóð við hliðina á Jaci í lítilli hrossarétt bak við hesthúsið.

Pierce benti Jaci að koma. –Hann er tilbúinn.

Jaci greip í hönd Grace í staðinn fyrir að fara til Pierce og togaði hárlökk undan hjálminum og stakk endanum upp í sig.

–Ég skipti um skoðun, mig langar ekki heldur að fara í ævintýri í dag.

–Það er ekkert sem þú þarft að vera hrædd við, sagði hann róandi. –Við leggjum ekki af stað nema þú sért tilbúin. Prófaðu að setjast í hnakkinn. Ég sleppi ekki takinu af þér nema þú segir mér að sleppa.

–Loforð?

–Loforð.

Jaci gekk varkár til Pierce og hestsins.

–Slakaðu á, sagði Pierce. –Ég læt ekkert koma fyrir þig. Þetta verður gaman.

Jaci lyfti höndunum svo hann gæti tekið hana upp og sett hana í hnakkinn. Pierce lyfti henni varlega og hélt um mittið á henni, eins og hann hafði lofað.

Eftir nokkrar sekúndur hvarf hræðslusvipurinn og brós breiddist yfir andlitið.

Pierce lagði beislistaumana í hendurnar á henni.

Hún lyfti þeim svo Grace sæi. –Ég er alvöru kúrekastelpa.

–Það sýnist mér.

Jaci sat þráðbein og bar höfuðið hátt. –Þú mátt sleppa mér núna, pabbi.

Hann sleppti, steig skref aftur á bak en hélt sjálfur í þjálfunartauminn.

–Áfram, kallaði Jaci.

Pierce slakaði á taumnum og leiddi Dreamer af stað í girðingunni.

Jaci ljómaði. –Grace, sjáðu, ég er á stórum hesti.

–Það ertu og þú stendur þig vel.

Pierce líka. Það var honum greinilega eðlislægt að vera faðir. Grace fylltist hlýju en þar á eftir fylgdu vonbrigði sem mynduðu hnút í brjóstinu. Svona hefði líf hennar getað orðið. Eiginmaður. Barn. Ástrík fjölskylda.

Líf sem hún fengi aldrei. Missirinn varð bara sárari við að velta sér upp úr því, bera það saman við lífið sem hún var neydd til að lifa.

Hún hafði lofað Esther að dvelja hjá henni í nokkra daga en nú voru Pierce og Jaci komin. Esther þurfti ekki lengur á henni að halda. Hún gæti pakkað niður á morgun og haldið áfram. Það væri best fyrir þau öll.

Og erfiðara en henni hefði dottið í hug.

6. kafli

Riley átti helling inni hjá Pierce fyrir að leggja til að hann færi með Jaci til Texas. Þau kæmu til með að þurfa miklu lengri tíma til að Jaci næði að tengjast honum en reiðkennslan á Dreamer hafði komið ferlinu vel af stað.

Honum hafði brugðið við að fréttu að Charlie væri dáinn. Skyndilegt andlát hans hlaut að hafa valdið Esther mikilli sorg og hún hlaut að vera mjög einmana. Það var ekkert skrytið að hún skyldi hafa tekið svona vel á móti ókunnugri manneskju sem kom henni til hjálpar.

Grace Addison. Dularfull kona. Lagleg þrátt fyrir viðleitni til að líta ekki aðlaðandi út. Snögg að hugsa. Þægilegt að vera nálægt henni. Kom vel saman við Jaci.

Hún var samt á flóttu undan einhverju, nema honum væri farið að förlast. Hann ætlaði að komast til botns í því áður en hann skildi hana eftir hjá Ester.

Jaci og Grace voru komnar út í bíl og biðu meðan hann kláraði að brynna hestunum. Hann settist undir stýri og setti í gang.

–Er þér sama þó að við keyrum aðeins um búgarðinn áður en við förum heim aftur? spurði Pierce. –Það er orðið langt síðan ég hef séð þennan stað sem var einu sinni heimili mitt.

–Ef þú vilt, sagði Grace, –en við skulum ekki vera of lengi í burtu ef Esther þarf á okkur að halda.

Jaci svaraði engu, hún var komin með heyrnartólin í eyrun. Hann vissi ekki hvort þetta var svona hjá öllum þessa dagana eða hennar leið til að forðast hann.

Hvort heldur sem það var vonaðist hann til að geta fljótlega fengið hana til að skipta þessu út fyrir verkefni sem kröfðust þess að hún talaði við hann og hreyfði sig meira en hún gerði meðan hún var tengd við rafmagnstæki.

Hann ók af stað eftir slóðanum sem lá meðfram girðingunni, beygði svo inn á aðra slóð sem lá yfir afgirta akra.

–Hvernig ratar þú? spurði Grace. –Það eru engin skilti eða kennileiti.

–Það er fullt af kennileitum ef maður veit eftir hverju á að horfa. Sjáðu trjáþyrpinguna á fjallshryggnum þarna, horfðu framhjá staka furutrénu. Þarna byrjar norðvesturhaginn. Farðu í norður þaðan og þá lendir þú á uppáholdstjörninni minni til að veiða í. Þegar ég bjó hérna var ég yfirleitt á hestbaki eða á fjór-hjóli. Charlie var sá eini sem keyrði pallbílinn en hann kenndi mér samt á hann, á búgarðinum hérna.

–Var það Charlie sem lagði vegina?

–Hann lagði þá ekki beinlínis, þetta eru bara leiðirnar sem hann notaði til að komast milli staða. Ef maður ekur nógu oft eftir þeim treðst moldin niður og grasið drepst.

–Hvað er búgarðurinn stór?

–Tæpir 4800 hektarar ef ég man rétt. Ekki mjög stór á mælikvarða Texasbúa en nógu stór til að lifa af honum ef maður rekur hann rétt, ekki síst af því að hér er mikið af góðu beitilandi.

Þau óku þegjandi og Pierce varð sífellt áhyggjufyllri. Viðhaldið á búgarðinum var ekki eins og hann mundi eftir því. Girðingarnar voru að falli komnar á stöku stað og ofbeit í nokkrum högum en hann hafði samt ekki séð eins marga nautgripi og hann hafði búist við. Hann hafði líka tekið eftir því að það þurfti að dytta að hesthúsinu og næsta umhverfi. Ekki dýrar viðgerðir en það tæki tíma að koma hlutunum í sama horf og þeir voru meðan Charlie lifði.

Pierce sá svartan pallbíl framundan og náunga nálægt honum sem var að gera við gaddavírsstreng. –Þetta hlýtur að vera Buck, sagði Pierce, hægði ferðina og ók upp að bílnum. –Ég ætla að kynna mig, þið getið beðið hér eða stigið út og teygt úr ykkur.

Jaci sat kyrr í rafeindalegu óminni.

Grace opnaði hurðina en steig ekki út. –Eru kýr og naut nálægt?

–Vonandi, og líka ungnaut. Annars yrði þessi búgarður ekki til mikils.

–Þá bíð ég í bílnum.

–Þýðir það að þú ætlir ekki að hjálpa mér að gefa gripunum á eftir?

–Ekki reyna of mikið á þig, kúreki.

Hann ýtti undir hattbarðið og stikaði burtu.

Buck tók af sér vinnuvettlingana og heilsaði með handabandi.

–Þú ert þá Pierce Lawrence. Kavanaughhjóinnin töluðu um þig. Hetja í hernum, ekki satt?

–Þetta með herinn er rétt en ég myndi ekki leggja mark á hitt.

–Charlie sagði að þú hefðir bjargað mannlífum.

–Bara að sinna starfi mínu.

–Ég er feginn að þú ert kominn, sagði Buck. –Frú Kavanaugh hefur átt erfitt síðan Charlie dó. Hún segir að þetta sé eina lífið sem hún þekkir en satt að segja veit hún lítið um rekstur búgarða.

–Mig grunaði það.

–Ég reyndi að útskýra fóðurþarfir og magn og að hrossin þurfi hreyfingu og að það þurfi að stækka hlöðuna en hún segir alltaf að ég verði að láta nægja það sem til er.

–Hún var aldrei í búgarðsverkunum, sagði Pierce.

–Jæja, þú getur kannski sannfært hana. Heybrigðirnar eru langt komnar. Við endum það sem eftir er ekki allan veturinn.

–Ég skal athuga það og láta panta áður en ég fer.

–Það er byrjunin, sagði Buck, –en það þarf að gera heilmikið á búgarðinum. Ég geri það sem ég get en hér þarf vinnumann í fullu starfi. Esther segist ekki hafa efni á því svo ég þarf að vinna hjá Dudley Miles og kem svo hingað í nokkra tíma þangað til dimmir.

–Það skýrir hluta af viðhaldsleysinu. Ég skal tala um þetta við hana, sagði Pierce. –Kannski hugsar hún ekki skýrt í sorginni. Ég er viss um að hún er ennþá að vinna úr skyndilegu andláti Charlie.

–Ekki nóg með það, mamma segir að hún sé ekki búin að jafna sig eftir hjartaáfallið.

–Fékk Esther hjartaáfall?

–Já, mjög slæmt, þegar hún fann Charlie dáiinn í hlöðunni.

–Ég hafði ekki heyrt af því, sagði Pierce. –Ég fékk ekki fréttir af andláti Charlie fyrr en ég kom hingað í dag. Fékk hann hjarta-áfall og lést af því?

Buck togaði hattinn neðar á höfuðið með tveimur fingrum. –Mér þykir leitt að þurfa að segja þér frá þessu en Charlie framdi sjálfsmorð. Skaut sig í höfuðið með eigin byssu. Það voru blóðslettur um alla hlöðuna.

Pierce sá þetta fyrir sér og var allt í einu kominn aftur í fjöllin í Afganistan og sá vini sína skotna hvern af öðrum.

En Charlie hafði skotið sig sjálfur. Hvað hafði komið yfir hann að gera svona lagað? Hann elskaði búgarðinn, elskaði Esther meira en lífið sjálft.

–Mamma var á sjúkrahúsinu hjá frú Kavanaugh þegar henni var sagt að andlát Charlie væri skráð sem sjálfsmorð.

–Hún hlýtur að hafa orðið miður sín.

–Hún missti alveg stjórn á sér. Það þurfti að gefa henni lyf til að róa hana svo hún fengi ekki annað hjartaáfall.

Það var ekkert skrytið þó að Esther hefði ekki viljað ræða þennan hryllilega atburð fyrir framan Jaci eða Grace en Pierce varð að ræða þetta við hana. Hún þurfti á styrk hans og stuðningi að halda, að geta talað við einhvern sem hafði þótt vænt um Charlie.

–Takk fyrir upplýsingarnar, sagði Pierce.

–Þetta er ekkert leyndarmál, sagði Buck. –Það vita allir hér um slóðir hvað gerðist. Mamma dauðvorkennir Esther, hún er alltaf að tala um það.

–Það er ég viss um.

Pierce fór aftur inn í bíl og ók á brott án þess að yrða á Jaci og Grace. Hann varð að fá tíma til að átta sig á þessu. Augun fylltust tárur og hann var feginn að vera með sólgleraugu.

Hann stoppaði ekki fyrr en þau komu að tjörninni þar sem þeir Charlie höfðu oft verið í marga klukkutíma í senn. Þeir höfðu veitt vatnakarfa og steinbít úr þessari manngerðu tjörn, talað um lífið og að maður mætti aldrei gefast upp, alveg sama hvað.

Pierce lagði bílnum. –Þá erum við komin að frægu veiði-tjörninni þar sem ég lærði að beita öngul og veiða vatnakarfa og steinbít.

Jaci lagði tækið frá sér, losaði bílbeltið og stökk út, teygði sig í aftursætið aftur og tók flísjakkann sinn, klæddi sig í hann og skoppaði fram fyrir bílinn.

–Sjáið, kallaði hún og benti á hóp af dádýrum sem var að drekka úr tjörninni. –Ég vissi ekki að það væru dádýr hérna líka.

–Dádýr og fullt af öðrum dýrum, sagði Pierce. –Allt hluti af ævintýrinu.

–Getum við farið að veiða?

–Ekki núna. Við erum ekki með veiðigræjur, við komum seinna og veiðum.

Pierce gekk að vatnsbakkanum, tók lítinn stein og fleytti kerlingar á vatnsyfirborðinu.

Jaci reyndi að herma eftir en hennar datt í vatnið. –Steinninn minn kann ekki að dansa.

–Það þarf að æfa sig, sagði hann.

Tvær endur komu fljúgandi og settust á vatnið skammt frá þeim. Jaci fylgdist heilluð með þangað til þær flugu burtu aftur.

–Flugu þær burtu af því að vatnið er kalt?

–Nei, fiðrið heldur á þeim hita. Þær voru í matarleit, senni-lega hafa þær ekki fundið neitt sem þær langaði í.

Jaci flýtti sér að því næsta sem fangaði athygli hennar, klifri-

aði upp á trjástump og stökk niður. –Sjáðu mig Grace, kallaði hún og endurtók stökkið aftur og aftur.

–Vá, þú ert góð að stökkva. Grace gekk til Pierce og stoppaði. –Er eitthvað að? spurði hún, nógu lágt til að Jaci tæki ekki eftir því, –þú hefur verið ansi þögull síðan þú talaðir við Buck.

–Það var... hann ætlaði að segja ekkert en það var ekki rétt. Þetta ásótti hann, olli honum þungum áhyggjum og satt að segja langaði hann til að ræða um þetta við Grace.

–Buck sagði að Charlie hefði ekki dáíð af eðlilegum orsökum. Hann skaut sig í höfuðið.

–Slys?

–Sjálfsmorð.

–Ó nei. Aumingja Esther. Það hlýtur að vera svo erfitt. Hún elskaði hann svo heitt. Ég vona að hún kenni sjálfri sér ekki um.

–Hver veit. Ég þarf að heyra söguna frá henni. Það er fleira. Esther fann víst líkið og áfallið varð til þess að hún fékk hjartaáfall.

–Hún minntist ekkert á hjartaáfall. Ætli hún fylgi fyrir mælum læknanna. Hún var að sækja eldivið í skúrinn þegar hún sneri sig um ökkklann.

–Hún getur ekki rekið þennan búgarð ein. Hún gæti það ekki þó að heilsan væri góð. Ég verð að hjálpa henni, veit bara ekki hvar á að byrja.

–Hvernig varðst þú svona náinn Kavanaughhjúonunum?

–Foreldrar mínir lentu í fimm bíla árekstri á hraðbrautinni þegar ég var 15 ára. Þau voru flutt með þyrlu á sjúkrahús en látin þegar þau komu þangað. 18 hjóla trukkurinn fyrir aftan þau reif toppinn af bílnum.

–Þú hlýtur að hafa verið mjög sorgmæddur.

–Og hræddur. Ég var elstur og fannst að ég yrði að vera sterkur, yngri bræður mínir voru 12 og 14 ára.

–Áttir þú fleiri ættingja?

–Já en við vissum það ekki þá. Það átti að aðskilja okkur og senda okkur í fóstur á þrjú mismunandi heimili. Við áttum enga aðra að og það átti að slíta okkur frá einu ættingjunum. Mér leið eins og hefði valdið bræðrum mínum vonbrigðum.

–Samt varstu bara krakki.

–Já en ég var fljótur að fullorðnast. Hvað um það, Kavanaugh-hjónin fréttu af vandræðum okkar og tókst að koma því þannig fyrir að við fórum allir þrír til þeirra.

–Það er ekkert skrytið þó að þér finnist þú náinn þeim.

–Einmitt, við vorum ekki bara heimilislausir strákar í þeirra augum. Við vorum fjölskylda frá fyrstu stundu.

–Ég skil það. Esther fékk mér til að líða þannig og við erum nýbúnaar að kynnst. Hvað bjóstu lengi hjá þeim?

–10 mánuði, þá komst ömmubróðir okkar að þessu og hafði samband við félagsmálayfirvöld. Við vorum sendir til hans af því að hann var blóðskyldur okkur.

–Hvernig gekk það?

–Við þurftum að venjast Raymond frænda en hann var frá-bær náungi. Hann var kominn á eftirlaun en var ruðningsþjálfari í framhaldsskóla svo áhugi okkar beindist frá bústörfum að ruðningi. Við lékum allir með skólaliðinu. Tucker, yngri bróðir minn, hélt áfram að spila í háskóla en ákvað svo að snúa sér að kúrekasýningum.

–Og þú endaðir í hernum.

–Elskaði hverja mínútu. En það var Charlie og Esther sem voru til staðar fyrir okkur þegar við þurftum á því að halda. Það er of seint fyrir mig að hjálpa Charlie en ég geri allt sem ég get til að hjálpa Esther. Ég vil ekki hafa það öðruvísi.

Grace tók um hönd hans og þrýsti létt. Engin orð, bara snerting. Einmitt það sem hann þurfti.

Pierce ætlaði að faðma hana að sér en hætti við. Hún gæti misskilið það eða hann misskilið eigin tilgang.

Hann hafði veitt líkamlegum þörfum sínum meiri athygli en heilanum og þess vegna hafði hann gifst Leslie þó að þau þekktust varla neitt.

Hann ætlaði ekki að gera þau mistök aftur og alls ekki með konu sem hann grunaði að væri ekki sú sem hún sagðist vera.

Pierce gekk inn í stofuna til Esther og Grace og settist í stóra hægindastólinn hans Charlie. Hann fann næstum fyrir sektar-kennd fyrir að setjast í hann en þetta hafði verið langur dagur og stóllinn var allt of freistandi.

Hann hafði verið að vinna síðan þau komu úr skoðunarferðinni, lagað lausar tröppur og skipt um ljósaperur, gert við leka í eldhúsvaskinum og skipt um rafhlöðu í reykskynjara sem vældi af og til í.

Það var greinilegt að landareignin var ekki það eina sem þurfti á viðhaldi að halda.

–Er Jaci sofandi? spurði Esther.

–Hún er komin í háttinn, sagði Pierce, –meira get ég ekki sagt. Ég reyndi að lesa fyrir hana sögu en hún kvartaði yfir því að ég læsi ekki eins og mamma hennar.

–Það er eðlilegt að hún sakni mömmu sinnar, sagði Esther.

–Ég skil það, ég held bara að það væri hægt að gera þetta betur.

–Hvernig var þín hugmynd? spurði Esther.

–Að Leslie yrði heima í nokkrar vikur í viðbót svo dóttir okkar hefði tíma til að kynnst mér betur og líða vel hjá mér áður en mamma hennar færi úr landi.

Grace færði sig frá arninum. –Ég ætla að skilja ykkur eftir til

að ræða þetta. Ég verð inni í herbergi ef þið þurfið á mér að halda.

—Ég vil frekar að þú sért kyrr, sagði Pierce, sannleikanum samkvæmt. —Jaci líkar vel við þig og þú gerir greinilega eitt-hvað rétt í hennar augum. Ég þigg öll ráð sem þú gætir gefið mér.

—Þér gengur betur með henni en þú heldur. Það er greinilegt að þér þykir mjög vænt um hana. Hún er sennilega svolítið reið út í þig og mömmu sína en hún er vel gefin og íhugul stúlka. Hún jafnar sig.

—Hvað er svona mikilvægt á Kúbu til þess að Leslie gat ekki beðið með brottförina í nokkrar vikur? spurði Esther.

—Sá sem kemur í staðinn fyrir mig. Hann þarf að fara í viðskiptaerindum og hún vill fara með honum. Ég hef ekki áhyggjur af því, ég vil bara að dóttur minni líki vel við mig og líti ekki á mig sem vonða gaurinn.

—Þú ert það ekki, sagði Esther. —Þú ert pabbinn sem fór með hana í ævintýraferð til Texas sem hún gleymir aldrei. Vertu bara þú sjálfur og njóttu þess að vera með henni. Hún verður ekki lengi að jafna sig.

—Ég vil helst fá það skriflegt.

—Þú veist að þú ert að fá foreldraráð frá konu sem hefur aldrei eignast börn?

—Ertu að segja mér það núna?

—Hvað er langt síðan þið skilduð? spurði Grace.

—Tveir dagar.

—Er það allt og sumt?

—Síðan það var löglegt. Við höfum ekki verið nálægt hvort öðru í 9 mánuði og andlega ekki í miklu lengri tíma en það.

—Hvað um þig, Grace? spurði Esther.

—Ég hef aldrei gifst, sagði hún, —allavega ekki ennþá?

–Þú finnur rétta manninn einn góðan veðurdag, sagði Esther.
–Þegar þú finnur hann skaltu grípa og halda fast. Það sagði Charlie, að maður yrði að halda í það sem maður elskaði.

Þetta var sennilega besta ráðið sem Pierce átti eftir að fá.

–Charlie var frábær maður, sagði Pierce. –Ég veit að þú hefur tekið dauða hans afskaplega nærri þér. Ég vildi að þú hefðir haft samband við mig eða bræður mína. Einhver okkar hefði getað verið viðstaddur jarðarförina.

–Ég hugsaði ekki mjög skýrt þá en ég skildi eftir skilaboð í talhólfinu hjá Riley, ég hringdi í síðasta númerið sem ég var með. Ég hélt að það væri ástæðan fyrir því að þú komst núna?

–Nei, Riley fékk aldrei skilaboðin.

–Hann er flakkari, sagði Esther. –Það er í blóðinu en ég viðurkenni að þetta var mér mjög erfitt. Það er auðveldara að þola við þegar þú, Jaci og Grace eruð hjá mér.

–Varðandi það, sagði Pierce, –hvernig er heilsan hjá þér eftir hjartaáfallið... að öðru leyti en bólginn ökkli?

–Hvernig vissir þú um hjartaáfallið?

–Ég rakst á Buck Stalling í dag.

–Ég sver að drengurinn á eftir að verða sami slúðurberinn og mamma hans. Það er allt í lagi með mig. Ég get ekki gert allt sem Charlie gerði en ég kemst af.

–Ég hjálpa þér eins og ég get meðan ég er hérna, bauð Pierce. –Ég hef aldrei rekið búgarð en ég er viss um að Riley getur gefið mér fullt af góðum ráðum.

–Ég hef ekki áhyggjur af búgarðinum, sagði Esther, –hann er mér einskis virði án Charlie. Þú þarft að hjálpa mér að finna þann sem myrti hann.

7. kafli

Silfruð tunglsbirtan skein milli laufblaðanna eins og töfraduft. Stjörnurnar á himninum glitruðu og voru svo nálægt að Grace fannst eins og hún gæti tínt þær niður eins og skraut.

Fullkomin vin... en þó ekki.

Grace stóð á veröndinni og skalf af kulda þó að hún væri með teppi um axlirnar. Ef Esther hafði rétt fyrir sér var búgarðurinn ekki ónæmur fyrir banvænni illsku.

Grace þekkti þannig illsku af eigin raun, hafði séð hana í augum eiginmannsins. Heyrt hana í rödd hans. Hafði orðið óglatt við að sjá hana og heyra og barist við hana en uppgötvað að líkurnar voru henni að öllu leyti í óhag.

Útidyrnar opnuðust og hún heyrði fótatak fyrir aftan sig. Hún vissi, án þess að snúa sér við, að Pierce var kominn til hennar. Hún var farin að þekkja ilminn af honum, sambland af moskus- og skógarilmi, eftir einn dag. Nærvera hans hafði furðulega mikil áhrif á hana.

Pierce gekk að handriðinu þar sem hún stóð og hallaði sér að stólpa rétt hjá henni.

–Heldur þú að Esther hafi rétt fyrir sér, að Charlie hafi verið myrtur? spurði hún.

–Hún er sannfærð um það, sagði Pierce.

–En hefur þú efasemdir?

–Það er allt hægt en eftir því sem ég best veit átti Charlie enga óvini.

–Kannski var þetta rán sem fór úr böndunum, lagði Grace til.

–Það er auðvelt fyrir ókunnuga að koma inn á búgarðinn án þess að til þeirra sjáist, ég gerði það.

–En myndi ókunnugur maður stoppa nógu lengi til að láta þetta líta út fyrir að vera sjálfsmorð? Þá hefði þetta þurft að vera einhver sem átti bara leið hjá. Enginn sem þekkti Charlie hefði reynt að ræna hann. Ef hann hefði verið spurður hefði hann gefið utan af sér fötin.

–Hún sagði mér líka frá því áðan að Charlie hefði verið með veskið í rassvasanum þegar líkið var rannsakað. Kannski getur Esther ekki sætt sig við að hennar heittelskaði Charlie hafi kosið að fara frá henni.

–Það hljómar ekki líkt henni að loka augunum fyrir veruleikanum en eins og ég sagði er allt hægt.

–Hvað ætlar þú að gera?

–Rannsaka málið svolítið. Ef ég kemst að sömu niðurstöðu og Esther geri ég það sem ég þarf að gera til að réttlætið nái fram að ganga. Charlie væri viss með að elta mig vopnaður eldingum frá hinnum ef ég geri það ekki.

–Ef það er tilfellið gæti hann hafa reynt að ná athygli þinni í gærkvöldi. Ég var viss um að elding hefði lent í húsinu, rafmagnið fór um tíma.

–Þetta var Texas að bjóða þig velkomna til að athuga hvort það væri einhver dugur í þér, sagði Pierce.

–Ég hélt að haninn hefði séð um það.

–Nei, ég var boðinn velkominn með því atviki, sagði Pierce stríðinn. –Ég hef ekki hlegið svona mikið í mörg ár.

–Þú ert með undarlega kímningáfu Pierce Lawrence.

–Mér hefur verið sagt það.

Honum hafði tekist að draga úr spennunni hjá henni að einhverju leyti en aukið hana að öðru leyti. Það var ómögulegt að neita því að aðráttaraflíð hafði aukist.

–Ég skil ekki ennþá hvernig Esther gat sannfært þig um að ganga á hólm við hanann.

—Á sama hátt og hún sannfærði mig um að vera kyrr. Hún er svo yndisleg og opinská og býður mann velkominn. Ég gat ekki heldur skilið hana eftir eina til að staulast um á bólgna ökklanum. Það var reyndar áður en ég vissi að ég þyrfti að slást við hana og stela eggjum.

—Og ríða á hesti, sagði Pierce. —Ekki gleyma að þú ætlar að koma í reiðtíma.

—Jæja, ég þarf að eiga það inni, kúreki. Fyrst þið Jaci eruð komin þjónar engum tilgangi að ég verði lengur.

—Hvað liggur þér á? Esther sagði að þú værir ekki með nein-ar sérstakar áætlanir.

—Mér liggur ekki á, viðurkenndi hún. Það beið enginn eftir henni. —Þið Jaci ættuð að fá þennan tíma ein með Esther, ég verð bara fyrir.

Pierce gekk nær og þau horfðust í augu. Augu hans voru reyklituð í tungsljósinu. Stingandi. Komu henni úr jafnvægi. Hún leit undan, fylltist krefjandi löngun.

—Frá hverju ertu að flýja, Grace?

—Engu. Hún var orðin stíf af taugaspennu. Átti erfitt með að halda ró sinni og röddinni stöðugri. —Hvar fékkstu þá hugmynd?

Pierce strauk með fingurgómunum eftir kinnbeininu á henni og renndi þeim svo undir kantinn á hárkollunni. —Gervihárið. Allt of stóru dökku gleraugun sem renna sífellt niður á nefbroddinn á þér. Föt sem passa illa.

—Ég hugsa ekki um útlitið og hárkollan er hagkvæmari en að þurfa sífellt að sinna þessu síða hári.

—Ef þú ert að reyna að láta ekki taka eftir þér, Grace, þá tekst það ekki.

Tóntegundin var orðin alltof lokkandi. Hún var að komast frá honum áður en hún segði eitthvað sem hún sæi eftir. Áður en hún færi að halda að hún gæti trúað honum fyrir þessu.

Hún gat það ekki. Pierce myndi ekki segja til hennar. Hann var góður maður. Hugrakkur, bjargaði mannlífum, átti heiðursmerki til að sýna það. Það var vandamálið. Ef hann vissi sannleikann myndi honum finnast að hann þyrfti að bjarga henni á sama hátt og hann þyrfti að ná fram réttlæti fyrir Charlie.

Ef hann reyndi að bjarga Grace myndi það stofna honum í hættu, kannski Jaci og Esther líka.

–Ef þú ert í vandræðum þá get ég hjálpað þér, sagði hann.

Grace dró andann djúpt og notaði eina af tilbúnu sögunum sem hún átti til reiðu. –Ef þú þarft að vita það þá missti ég ekki vinnuna, ég sleit sambandinu við kærastann og það fór ekki vel. Ég tók allt dótið sem hann átti hjá mér og henti því í næsta ruslagám og ákvað svo að fara í stutt frí meðan hann kælir sig niður aftur.

–Minntu mig á að reita þig ekki til reiði.

–Náunginn átti þetta skilið og hann veit það, sagði hún glettnislega. –Þegar hann er búinn að kæla sig niður á hann eftir að grátbiðja mig um að fyrirgefa sér og byrja með sér aftur.

–Þú þarft að vera einhvers staðar þangað til. Er til betri staður en Double K búgarðurinn? Ég lít á þetta sem bestu lausnina fyrir okkur öll.

Það leit út fyrir að hún hefði málað sig út í horn og hana grunaði að Pierce hefði ekki trúað þessari upplognu sögu.

–Það er engin þörf fyrir mig, sagði hún ákveðin.

–Það er ekki satt.

Hann tók um báðar hendurnar á henni. Snertingin hafði hættuleg áhrif á tilfinningar hennar. Hún mátti ekki láta undan ástríðunni sem kraumaði innra með henni. Samband með Pierce yrði ekki að neinu. Það yrði til þess að hún tæki slæmar ákvarðanir.

–Við þurfum öll á því að halda að hafa þig hérna, Grace.

–Ég sé ekki af hverju.

–Þá vanmetur þú sjálfa þig. Esther á örugglega eftir að haltra um næstu dagana ef þú verður ekki hjá okkur til að halda henni félagsskap.

Hann færði sig aðeins nær. Púlsinn hjá henni fór upp úr öllu valdi.

–Jaci er mjög hrifin af þér, hélt hann áfram, –og ef þú ert hjá þeim meðan ég rannsaka þessa fullyrðingu um morðið og dytti að því sem liggur mest á herna á búgarðinum yrði þetta miklu auðveldara fyrir mig.

Nokkrir dagar í viðbót með Pierce, Esther og Jaci. Þegar þeim lyki yrði miklu erfðara að snúa aftur í eigin heim í tilfinningalegri einangrun.

Pierce setti þumalfingurinn undir hökuna á henni og lyfti undir þangað til það voru ekki nema nokkrir millimetrar milli vara þeirra. –Mig langar til að þú verðir herna Grace.

Varir hans snertu varir hennar. Löngunin helltist yfir, þráin var svo sterk að hún átti erfitt með að anda.

Hún átti að snúa sér við og forða sér. Hugurinn heimtaði það, líkaminn neitaði að hlýða. Hún bráðnaði við unaðinn í kossinum. Ástriðan átti hana alla meðan hann kyssti hana, þrýsti henni að sér þannig að hún fann greinilega að hann þráði hana líka.

Hún þráði hann, alla leið, hér og nú.

Þessi brjálsemi varð til þess að hún áttaði sig, færði sig frá en hnén létu undan og hún hefði hnigið niður fyrir framan hann ef hann hefði ekki haldið henni uppi.

Hún reyndi að finna eitthvað að segja... eitthvað svo hann sæi ekki hvað kossinn hafði haft mikil áhrif á hana.

–Ég skal hugsa málið, muldraði hún, gat varla gert sig skiljanlega.

Svo sneri hún sér við og gekk hratt í burtu til að enda ekki í fanginu á honum aftur. Annar koss, þá gætu allar ástæðurnar fyrir því að hún átti ekki að fara út í neitt með Pierce gufað upp.

Pierce glaðvaknaði við hanagal rétt áður en sólin náði að koma upp á gráleitan himininn. Herþjálfunin vandi fólk á að glaðvakna.

Núna var ekki um líkamlega hættu að ræða en hugurinn lék á hann, rifjaði upp erfiðar hugsanir sem höfðu haldið honum vakandi fram á nótt.

Af hverju í ósköpunum hafði hann kysst Grace kvöldið áður, jafnvel þótt hann hefði verið að hugsa um það síðan hann sá hana á hröðum flótta undan hananum.

Kossinn hafði kippt undan honum fótunum í óeiginlegri merkingu og miðað við hvernig Grace hafði kysst hann á mótí hafði hún líka fundið fyrir töfrunum.

Það var vandamálið.

Þetta hafði breytt öllu milli þeirra. Þau höfðu farið yfir strikið, viðurkennt líkamlega aðdráttarafið sem kraumaði á milli þeirra. Nú yrði létt snering eða samtal ómögulegt.

Líf hans var í rúst. Skilnaðurinn við konuna sem hann hafði ekki átt í almennilegu sambandi við undanfarin ár var rétt orðinn endanlegur. Hann var að reyna að tengjast dóttur sinni en vissi ekkert um foreldrahlutverkið. Það síðasta sem hann þurfti á að halda var að falla fyrir konu sem hafði ekki sagt honum satt um neitt, sennilega ekki rétt nafn heldur.

Pierce ýtti hlýrri sænginni af sér, sveiflaði fótunum yfir rúmstokkinn og þrammaði inn á baðherbergið. Gerði það sem þurfti að gera, þvoði sér svo um hendurnar og skvetti köldu vatni framan í sig.

Hann dauðlangaði í kaffi en vildi ekki vekja Esther. Hún

hafði gott af að hvíla sig út af meidda ökklanum og eftir sorgina sem hún hafði glímt við undanfarna þrjá mánuði.

Þessi fullyrðing hennar um að Charlie hefði verið myrtur var undarleg en vakti líka áhyggjur. Það var samt jafnerfitt að trúa því að hann hefði framið sjálfsmorð með því að skjóta sig í höfuðið og eftirlátið Esther, sem var honum svo kær, það að finna líkið af honum.

Pierce vonaðist til að hitta lögreglustjórann seinna um daginn og fá svör við nokkrum spurningum. Þar á eftir gæti hann betur áttað sig á hvernig best væri að haga rannsókninni.

Svo þurfti hann ekki síður að eyða tíma með Jaci, til dæmis að fara á hestbak. Það yrði sjálfsagt gaman fyrir hana að koma með í bílnum til Winding Creek en kannski vildi hún ekki koma með nema Grace kæmi líka.

Skoðunarferðir um landareignina með Grace. Ástríðan blossaði upp. Þessar óvelkomnu tilfinningar voru greinilega ekki að fara neitt.

Hann tók tölvuna með sér á leiðinni í rúmið aftur og eftir nokkrar mínútur var hann kominn með fjölmarga tengla á konur sem hétu Grace Addison.

Blómasala, lagahöfund, bloggara... en engin þessara kvenna líktist Grace að neinu leyti. Ef þetta var rétt nafn hafði Grace tekist að forðast samfélagsmiðlana.

Þetta skilaði engu svo Pierce fór aðra leið, leitaði uppi gamlan félagu úr hernum, Andy Malone, sem var orðinn tilsjónarmaður hjá FBI og starfaði í Flórída.

Það var of snemmt að hringja þó að tímamismunurinn væri til staðar svo Pierce lét nægja að senda honum textaskilaboð til að biðja hann að hringja þegar hann hefði tíma. Hann þurfti samt að finna fleiri upplýsingar til að Andy gæti hjálpað honum.

Grace var kyrr í gestaherberginu þangað til hún hætti að heyra djúpa rödd Pierce í eldhúsinu. Það síðasta sem hana langaði til að gera núna var að horfast í augu við hann yfir eldhúsborðið.

Hvað gat hún sagt við ókunnugan mann sem hafði kysst hana þannig að hún gat ekki gleymt því.

Réttu mér beikonið virtist ekki við hæfi.

Kossinn var það mest spennandi sem hefur komið fyrir mig í mörg ár en það gæti orðið þér að aldurtíla að vera með mér?

Eða kannski, *það sem þú heldur að þú vitir um mig er allt lygi?*

Þá myndu flestir forða sér en hún gat ekki treyst því að Pierce gerði það. Sem fyrrverandi hermaður var líklegra að hann reyndi að bjarga henni en að hann legði á flóttu.

Hann hafði rétt fyrir sér varðandi eitt. Hárkollan fengi að fjúka í bili. Þegar hún færi af búgarðinum ætlaði hún að lita á sér hárið en núna yrði klipping að duga, vonandi þannig að hún yrði ekki auðþekktanleg af myndinni sem hafði verið tekin af henni á bókasafninu því þá var hún með hárið tekið saman í hnút.

Grace gramsaði í skúffunum í kommóðunni þangað til hún fann skæri sem litu út fyrir að vera nógu beitt.

Hún starði í stóra kringlóttu spegilinn yfir kommóðunni. Henni fannst hún ekkert lík myndinni af 18 ára nemandanum á myndinni sem hafði verið í öllum fjölmiðlum fyrir sex árum síðan.

Þessi sex ár höfðu skerpt alla andlitsdrætti, rænt hana sakleysinu, hluta af æskunni.

Hún klippti fyrsta lokkinn. Var að klippa þann þriðja þegar það var bankað á dyrnar. Hún var alls ekki tilbúin til að hitta

Pierce svona en sem betur fór var það Jaci sem kom inn án þess að bíða eftir svari.

–Góðan daginn, Jaci.

–Af hverju svafstu svona lengi? spurði Jaci.

–Það er langt síðan ég vaknaði.

–Þú fékkst engar pönnukökur.

–Ég var ekki svöng svo ég las svolitla stund, fór svo í sturtu og klæddi mig.

Jaci klifraði upp á rúmið og dinglaði fótunum. –Hárið á þér er skrýtið.

Það jafnaðist ekkert á við einlægni fimm ára barna. –Vonandi lítur það betur út þegar ég er búin að klippa það.

–Ég klippti hárið á mér einu sinni, mamma setti mig í skammakrókinn.

–Ég vona að Esther geri það ekki við mig.

Jaci flissaði. –Fullorðnir fara ekki í skammakrókinn.

–Úff, gott að vita það.

–Mamma mín er með ljóst hár.

–Ég er viss um að hún er mjög falleg.

–Hún er það. Hún er ekki gift pabba lengur.

–Ég er viss um að þau eiga alltaf eftir að elska þig.

–Mamma segir að pabbi elski ekkert annað en að fara í stríðið.

–Hann er hérna núna, með þér.

–Við erum í ævintýraferð.

–Það leit út fyrir að vera mjög spennandi ævintýri að fara á bak á Dreamer í gær.

–Ég ætla aftur í dag, pabbi lofaði því. Viltu koma með okkur?

EKKI ef hún kæmist hjá því. –Við sjáum til en þú þarft ekki að hafa mig með. Pabbi þinn veit allt um hesta.

–Þú gætir lært það.

–Látum þig læra á undan.

–Allt í lagi, þú getur horft á. Pabbi fór að athuga um kýrnar áðan en þegar hann kemur aftur ætlum við í annað ævintýri.

–En spennandi, ég er viss um að þið eigið eftir að skemmta ykkur vel.

–Ekki bara við pabbi, við öll fjögur. Hún lyfti fjórum fingrum til áherslu. –Þú, Esther amma, pabbi og ég.

–Eigum við öll að horfa á þig á Dreamer?

–Nei, við ætlum í ökuferð í bílnum hans pabba.

–Og hvert ætlum við að fara í þetta ævintýri?

–Pabbi þarf að hitta einhvern og svo fáum við okkur ís.

Grace hafði ekki samþykkt vettvangsferð. Öll ævintýri með Pierce voru áhætta. Hún hafði forðast allar tilfinningalegar freistingar undanfarin ár vandræðalaust.

En Pierce var ólíkur öllum sem hún hafði kynnst. Hún gat alls ekki eytt tíma með honum án þess að verða ennþá heillaðri af honum.

Grace hefði kannski staðið föst á sínu gagnvart Pierce en þegar Esther og Jaci hjálpuðust að við að sannfæra hana átti hún enga möguleika. Eftir að búið var að ganga frá eftir hádegismatinn fóru þau öll akandi til Winding Creek, eins og þau væru fjölskylda.

Eins og fjölskyldan sem hún fengi aldrei, sama hversu mikið hana langaði til þess.

–Hvað finnst þér um þessa stöndugu höfuðborg okkar? spurði Esther.

Grace horfði eftir þröngu götunni sem þau óku eftir og tók andköf af undrun. –Mér líður eins og ég hafi lent í upptöku á gamalli vestramynd. Það eina sem vantar er byssubardaginn.

–Sem betur fer myndi löggan ekki láta það viðgangast nú-orðið, sagði Esther.

Jaci klessti nefinu á sér að hliðarrúðunni. –Hvar er ísbúðin amma? Pabbi lofaði að ég gæti fengið súkkulaðiis.

–Í næstu götu. Blue Bell, búinn til hér í Texas.

–Alltaf geysigóður.

–Hvað er geysigóður?

–Það er orð sem kúrekastelpur í Texas nota í staðinn fyrir að blóta.

Jaci mátaði orðið, átti svolítið erfitt með að segja geysigóður en var býsna ánægð með nýja orðið sitt.

Pierce gekk greinilega vel við að vinna dótturina á sitt band þó að hún hefði ekki leyft honum að bursta á sér hárið áður en þau fóru að heiman og heimtað að Grace sæi um það. Grace grunaði að hann hefði verið feginn að losna.

Jaci hafði ekki heldur viljað fara með honum til að láta nautgripina fá nýtt hey og fóður og það hafði valdið honum vonbrigðum.

–Það er líka nýtt bakarí í bænum, sagði Esther. –Besta sæta-brauð sem hægt er að fá, ég sver það.

–Geysigóðar kökur, sagði Jaci og flissaði að eigin orðfimi.

–Þú skilur þetta, kúrekastelpa, sagði Pierce.

–Getum við keypt okkur kökur? spurði Jaci.

–Ég held að það sleppi því þú kláraðir næstum því af diskinum þínum í hádeginu. Hins vegar hef ég aldrei hitt neinn sem getur ekki borðað allavega tvo bita af kjúklingnum hennar Estherar.

–Þú borðaðir meira en tvo.

–Ég er að vaxa.

Jaci flissaði aftur. –Mamma hefði sagt að þú yrðir bara feitur.

–Það gæti verið rétt hjá henni, ég fæ mér lítið af ísnum.

Grace fannst frábært hvað Jaci virtist vera í góðu jafnvægi þrátt fyrir skilnað foreldranna. Það hlaut að hjálpa til að þau voru ekki bitur eða fjandsamleg gagnvart hvort öðru, allavega ekki Pierce.

–Sérðu stóra tveggja hæða húsið á horninu? spurði Esther.
–Þarna var barinn þegar bærinn byggðist upp fyrst. Það eru til margar sögur um atburði sem gerðust þarna inni.

–Það er ég viss um. Hvað er þarna núna?

–Byggingavöruslun Henry Logan er á neðri hæðinni. Hann er rótgróinn hérna, hefur verið með verslunina síðan ég man eftir mér. Okrar samt á vörunum. Ég sá rólubekk hjá honum í síðustu viku til að hafa á veröndinni, mjög fallegan en ekki þess virði að borga það sem hann setti upp.

–Hvað varð um rólubekkinn þinn? spurði Pierce.

–Hann fauk í roki, lenti á tré og brotnaði í spón. Það var mér að kenna, ég tók keðjurnar af til að mála hann.

–Þetta hlýtur að hafa verið heljarinnar rok fyrst rólubekkurinn fauk.

–Eins og hvirfilbylur, sagði hún, –reif næstu því þakið af hlöðunni en sem betur fer skemmdist húsið ekkert. Sjáið búðina vinstra megin. Esther fór á milli umræðuefna án þess að stoppa til að draga andann á milli. Henni fannst greinilega gaman að sýna gestunum bæinn sinn.

–Skartgripaverslun Creightons, sagði Pierce. –Ég man eftir nafninu þó að ég hafi aldrei komið hingað inn.

–Adler Creighton er orðinn frægur. Jake Dalton verslaði hjá honum á dögunum, jólagjöf handa nýju eiginkonunni Carolinu, áður Carolina Lambert. Adler sagði mér þetta sjálfur.

–Þekkir þú alla í bænum? spurði Grace.

–Flestir þekkja alla innan bæjarmarkanna, maður hittir sama fólkíð í kirkjunni, við hátíðahöld í bænum og á fundi kúabænda.

–Hvað eru margir íbúar í bænum? spurði Grace.

–2200 við síðustu talningu en fjöldinn gæti innhaldið einn eða tvo hunda.

–Það er erfitt að trúa því að svo fáir geti haldið öllum þessum verslunum uppi, sagði Grace og horfði á búðarglugga gjafavörverslunar með margbrotna útstillingu.

–Þessi fjöldi er fyrir utan alla búgarðseigendurna á svæðinu eða þá sem eiga sumarhús utan við bæinn.

–Ekki heldur alla ferðamennina sem koma frá San Antonio og Austin um helgar, þegar veðrið er gott, til að leita að fornumum eða koma í róleghæitin. Pierce lagði bílnum framan við verslun, svo hjálpaði hann Esther út með stafinn. Grace og Jaci stigu út úr bílnum.

Svartur bíll sem var að keyra framhjá hægði ferðina, var líklega að leita að stæði. Esther veifaði en ökumaðurinn leit undan án þess að taka undir kveðjuna.

–Forvitni nefni, sagði Esther, –hægir á þér til að góna og veifar ekki einu sinni á móti.

–Hver var þetta? spurði Pierce.

–Ég sá ekki almennilega framan í hann og þekki ekki bílinn. Hann er örugglega ekki héðan, það eru bara ferðamenn sem veifa ekki.

Bíllinn beygði fyrir næsta horn.

–Fyrsta stopp er þessi fatabúð, tilkynnti Pierce.

–Ætlum við að kaupa fleiri gallabuxur? spurði Jaci.

–Ekki í dag. Mig vantar vinnujakka og flónelsskyrtur.

–Meðan þú verslar ætla ég í næstu búð og kaupa jólanáttföt handa Jaci eins og ég sá í glugganum í síðustu viku, sagði Esther. –Jaci, þú þarft að koma með mér svo við getum verið vissar um að þau passi.

–Ég fer í dömudeildina, sagði Grace.

Hún náði ekki að komast að gallabuxunum áður en hún sá þau. Eldrauð stígvél með svörtu mynstri, alls ekki hagnýt. Hún tók annað upp. Leðrið var ótrúlega mjúkt.

Sölumaður kom til hennar. –Má bjóða þér að máta?

–Hvað kosta þau?

–Ekki nema 295 dollara, mjög góð kaup.

Ekki fyrir konu sem færi frá búgarðinum á næstu dögum.

–Mátaðu bara, sagði sölumaðurinn hvetjandi, –það kostar ekkert. Hvaða númer?

–39.

–Gott, ég held að ég eigi þá stærð til. Ég kem strax aftur.

Það voru hræðileg mistök að máta þau. Um leið og Grace var komin í þau vissi hún að hún færi ekki úr þeim aftur.

Pierce birtist þegar hún var að borga þau.

–Vá, þessi eru flott. Rauð. Þú átt eftir að koma nautunum í stuð.

Hræðileg tilhugsun. –Þau elta mig ekki, er það nokkuð?

–Ég var bara að grínast. Naut og aðrir nautgripir eru litblindir. Það er blaktandi skikkjan sem fangar athygli þeirra í nautaati.

–Gott að vita það, ég fer varlega við að veifa skikkjum.

Esther og Jaci biðu þegar þau komu út. Báðar urðu heillaðar af stígvélunum. Það var gaman, þetta var fyrsti óþarfinn sem hún hafði eytt peningum í undanfarin ár.

Jaci skoppaði á undan, gat ekki beðið eftir að komast í ísbúðina, en stoppaði á leiðinni og lagði andlitið við rúðuna á blóma-búðinni, heilluð af fallega skreyttu jólatré.

–Þetta er fallegasta tré sem ég hef séð, tilkynnti hún.

–Það er fallett, sagði Grace.

–Er það til sölu? spurði Jaci.

–Það hugsa ég, sagði Esther þegar þau Pierce komu til þeirra.

–Það er allt til sölu ef maður á nóga peninga en við þurfum ekki

að kaupa tré, við eigum óteljandi mörg. Pabbi þinn og bræður hans völdu fullkornasta tré, sem ég hef nokkru sinni séð, fyrir jólin þegar þeir dvöldu hjá okkur.

–Ég man eftir trénu, sagði Pierce. –Við komum því varla upp á pallinn á bílnum. Charlie sagði að það kæmist aldrei inn í húsið.

–Komst það? spurði Jaci.

–Eftir að við styttum það um 30 sentimetra eða svo.

–Og þið strákarir skreyttuð það með tréenglum sem þið skáruð út í skúrnum hjá Charlie, bætti Esther við.

–Það passar. Tucker heimtaði að mála vængina á sínum bláa. Hvað ætli hafi orðið af þeim.

–Ég á þá ennþá, hengi þá á tréð á hverju ári, meira að segja þann sem hundurinn þinn nagaði hausinn af.

–Hvar er hundurinn þinn núna? spurði Jaci spennt.

–Hann dó fyrir mörgum árum en hafðu ekki áhyggjur, hann lifði lengi og honum leið vel.

–Getum við fengið okkur hund?

–Eitt í einu, sagði Pierce. –Fyrst skulum við fá okkur jólatré, það er að segja ef þú vilt hjálpa mér að velja rétta tréð.

–Mig langar í stórt tré sem er jafnstórt og þú, sagði Jaci.

–Ég veit um rétta staðinn í stofunni, sagði Esther, –þar sem Charlie setti tréð á hverju ári.

Esther hafði verið að velta því fyrir sér daginn áður að láta jólin framhjá sér fara en hafði greinilega skipt um skoðun við að hafa Pierce og Jaci hjá sér. Hún var næstum jafnspennt og Jaci. Grace grunaði að henni fyndist að með þessu gerði hún Charlie líka til geðs, ekki bara Jaci.

–Ég á fullt af skrauti, bætti Esther við, –en ef við kaupum nokkra af þessum silfrudu dropalöguðu kúlum í glugganum hugsa ég að þetta verði fallegasta tré sem ég hef haft.

Nýjar hefðir sem bættust við gamlar. Tré með handgerðum englum og minningum. Fjölskyldujól.

Grace fékk kökk í hálsinn. Hún hafði komist gegnum jólahátíðina undanfarin sex ár með því að vænta einskis og halda sjálfsmeðaumkun í lágmarki, hugsa ekki um fjölskyldu, þrá ekki það sem hún fengi aldrei aftur.

Jól á búgarðinum yrðu bara til að minna hana á allt sem hún hafði glatað.

En Esther, Jaci og Pierce þurftu á jölunum að halda.

Esther sem hafði verið að drukkna í sorg. Jaci sem saknaði mömmu sinnar og var varkár gagnvart pabba sínum sem hún var hægt og rólega að venjast. Pierce sem hafði verið í hernum í baráttu við hryðjuverkamenn hinu megin á hnettinum og hafði komið heim til þess að takast á við skilnað.

Fjórmeningarnir þrömmuðu inn í verslunina og Esther og Jaci skoðuðu skrautið, dáðust að hverjum hlut. Pierce lagði höndina á mjóbakið á Grace og fékk hana með sér að litlum jólasveinum, þar sem Jaci heyrði ekki til þeirra.

–Hvað er að? spurði hann. –Þú lítur út eins og jóli hafi sett kolamola í jólasokkinn þinn.

–Það er allt í lagi með mig. Mér finnst ég svolítið utangátta, flækingsdýrið sem átti leið um en passar ekki inni.

–Ég skil þig en við erum öll þannig. Meira að segja flækingsdýr þurfa á jölunum að halda... og kannski mistilteini, sagði hann stríðinn.

Það fór hitastraumur um hana enn einu sinni. Hún gat ekki hugsað um mistiltein og kossa og hugsað skýrt um leið.

–Ég sagði þér ekki frá því hvað mér finnst þú vera falleg í dag. Gerðu það, hentu hárkollunni.

–Áttir þú ekki að hitta einhvern um þetta leyti?

Pierce leit á úrið. –Ég á að hitta lögreglustjórann eftir 10

mínútur en það er rétt hjá. Hvernig list þér á að koma með mér?

—Ég yrði bara fyrir.

—Þú gætir hjálpað mér. Þú þekktir Charlie ekki og gætir verið hlutlaus yfir því sem Cavazos lögreglustjóri segir um sjálfsmorðið.

Hún fann til hræðslu við tilhugsunina og fékk hnút í magann. Síðasti maðurinn sem hún vildi tala við var lögreglustjórinn. Ef einhver ætti eftir að bera kennsl á hana yrði það líklega einhver sem hefði verið í lögreglunni fyrir sex árum síðan.

—Mér fyndist það ekki þægilegt. Svo lofaði ég Jaci að fara með henni að kaupa ís.

—Þetta var bara hugmynd, sagði Pierce, —ég ætlaði ekki að koma þér úr jafnvægi.

—Þú gerðir það ekki. Auðvitað vissi hann að það var ekki satt. Henni leið þannig innra með sér það hlaut að hafa sést á viðbrögðunum.

—Njóttu íssins og að skoða bæinn, sagði Pierce. —Ég hringi þegar ég fer frá lögreglustöðinni og við getum hist herna við bílinn.

—Allt í lagi, gangi þér vel.

—Takk. Ég vona bara að ég fái nægar upplýsingar til að mynda mér skoðun á því hvernig Charlie dó.

—Ég líka.

Grace horfði á eftir Pierce. Hann var nýkominn úr hernum en spígsporaði um eins og sannur kúreki.

Þetta var í fyrsta skipti í mörg ár sem hún hafði kynnst manni sem hana langaði til að kynnst nánar. Manni sem kom henni til að hlæja og lét henni líða eins og hún væri örugg þó að hún vissi að öryggið var aldrei tryggt. Manni sem hafði kysst hana þannig að hún fann fyrir því í öllum líkamanum.

Hún átti allt í einu erfitt með andardrátt og klæddi sig úr rauða flísjakkanum. Það dugði ekki til svo hún fór út og beið meðan Esther og Jaci borguðu fyrir haug af vörum sem þær höfðu valið.

Henni tókst að ná tókum á sjálfri sér meðan hún beið eftir að þær kæmu út. Jaci flýtti sér til Grace og greip um hönd hennar. –Við keyptum silfurhreindýr og kúlur með glitrandi steinum og pínulitla skó eins og Öskubuska á. Viltu sjá?

–Endilega, en ég get beðið þangað til við komum heim. Ef við förum að skoða dótið hérna gætum við misst eitthvað og brotið það.

–Æi nei! sagði Jaci, –ég gæti misst skóna. Mér finnst þeir bestir, þeir glitra.

–En gaman, sagði Grace, –ég elska glitrandi hluti.

–Getum við fengið okkur ís núna? spurði Jaci.

–Þetta er besta hugmynd sem ég hef heyrt í allan dag, sagði Esther.

Jaci valhoppaði á undan. Grace vissi að Esther næði ekki að halda í við þær en flýtti sér á eftir Jaci. Þær voru rétt hjá ísbúðinni þegar Grace heyrði væl í dekkjum.

Hún sá svartan bíl koma á fleygiferð fyrir hornið. Hvaða fífl keyrir svona hratt á mjórri götu sem er full af bílum og fólki?

Esther steytti hnefann að kærulausa ökumanninum. Bíllinn hægði á sér áður en hann kom að þeim og Grace leit ósjálfrátt á ökumanninn. Hann rétti út höndina og hún sá glitta í málm. Sjálfsbjargarviðleitnin tók strax við sér.

–Niður með ykkur, æpti hún, henti jakkanum sínum ósjálfrátt yfir höfuðið á Jaci og togaði hana með sér niður á gangstéttina, huldi líkama hennar með sínum eigin.

Þrír hvellir. Snöggir, háværir. Hljóð þegar gler brotnar. Svo öskur. Grace vissi ekki hver öskraði, kannski hún sjálf.

Glerbrotunum rigndi yfir hana. Heitt blóð rann niður andlitið. Hryllingurinn helltist yfir hana eins og náttmyrkur. Einn af leiguþorpurum Toms hafði fundið hana aftur.

8. kafli

Pierce var við gangbrautina í þarnæstu götu við ísbúðina, með bílrúðurnar niðri og útvarpið í gangi, og var að hugsa um Grace. Hann vissi að hann var ekki þannig staddur í lífinu að hann ætti að fara í nýtt samband en vandamálið var að hann fann fyrir aðdráttaraflinu.

Skyndilegur hávaði kallaði hann aftur inn í veruleikann. Byssuskot. Hann var allt í einu kominn aftur inn á stríðssvæðið og dauðinn við hvert fótímal.

Vöðvarnir spenntust upp eins og víravirki. Hann hugsaði hratt og skýrt, adrenalínið flæddi um hann.

En hann var ekki á stríðssvæði heldur í Winding Creek í Texas sem var sjálfsgast öruggasti staðurinn í heiminum.

Þá heyrði hann hávær öskur og köll á hjálp. Hann tók u-beygju og steig bensínið í botn. Áður en hann kom að horninu sá hann fólk í hnipri nálægt dyrunum.

Esther var þarna og hélt í handlegginn á konu sem hann þekkti ekki. Jaci og Grace sáuust hvergi. Öll bílastæðin voru full. Hann skildi bílinn eftir á miðri götunni og hljóp til fólksins.

Loks sá hann Grace sitjandi á gangstéttinni upp við búðina. Það var blóð á vanganum og dropaði niður af hökunni. Hún hélt utan um Jaci og vaggaði henni fram og aftur til að róa hana. Stóri búðarglugginn fyrir aftan þær var brotinn.

–Hringið í sjúkrahúsi. Pierce trúðst gegnum hóp áhorfenda og kraup hjá Grace. –Er allt í lagi með ykkur?

Grace tókst að kinka kolla, hún var náfól og hendurnar titruðu.

–Það blæðir úr hægra gagnauganu á þér, sagði Pierce.

–Þetta er ekkert, sagði hún. –Athugaðu bara hvort það er allt í lagi með Jaci.

–Mér er illt í olnbogunum, sagði Jaci.

Pierce klæddi hana úr jakkanum og Jaci benti á rauðan blett en hörundið var heilt.

Það var allt í lagi með alla. Pierce fór að anda rólega.

Esther hallaði sér yfir Jaci til að líta á olnbogann. –Þetta hefur gerst þegar þú lentir á gangstéttinni. Ég er viss um að súkkulaðiís gerir allt betra.

Pierce tók hreinan vasaklút upp úr vasanum og lagði hann við blæðandi sárið á gagnauga Grace. Sem betur fór var skurðurinn ekki djúpur en hann var um það bil 3 cm á lengd.

Jaci setti stút á munninn og snerti olnbogann. –Ég vil fá mömmu.

–Ég veit það elskan.

–Ég vil fara heim.

Hann efaðist um að hún væri að tala um búgarðinn.

Pierce hjálpaði Grace að standa upp og klæða sig í jakkann. Hann reyndi að lyfta Jaci, ekki síður sjálfs síns vegna en hennar. Hann hafði verið of nálægt því að missa hana.

Hún ýtti honum frá sér og lagði handleggina um mittið á Grace. Þarna var þó einhver sem dóttir hans treysti.

Hann horfði á kúlugötin í brotna glugganum. –Hvað gerðist?

Honum hafði tekist að leiða hjá sér spjallið í áhorfundunum en nú hækkuðu raddirnar. Allir töluðu í einu þangað til Esther þaggaði niður í þeim.

–Pierce skilur ekki orð af því sem þið segið þegar þið talið öll í kór. Ég stóð hérna, ég sá allt saman og ég skal tala.

Kona sem tók stjórnina. Þannig var sú Esther sem hann mundi eftir.

–Einhver hálfviti á svörtum bíl kom á fullri ferð fyrir hornið. Hann hægði á sér nógu lengi til að stinga byssu út um gluggann og skjóta. Þetta gæti verið sami náunginn og var að góna á okkur áðan en þetta gerðist svo hratt að ég er ekki viss.

–Þetta er það sem gerðist, sagði maður nokkur.

Aðrir lögðu orð í belg, skipulegar en áður.

–Skotárás hérna á aðalgötunni. Við sættum okkur ekki við það.

–Ég heyrði einhvern öskra, niður með ykkur, svo fóru kúlurnar að fljúga.

–Það var Grace sem öskraði, sagði Esther, –svo greip hún Jaci og lét sig falla ofan á hana.

–Þetta bjargaði krakkanum, sagði einhver.

–Bjargaði þeim báðum, sagði Esther. –Kúlurnar lentu þar sem þær hefðu staðið.

Lögreglubíll kom að og stoppaði fyrir aftan bíl Pierce. Lögreglumaður með höndina á byssunni virti hópinn fyrir sér meðan hann rölti til þeirra.

–Vill einhver segja mér hvað gengur á hérna?

Þau sögðu öll frá í einu.

–Náði einhver bílnúmerinu? spurði lögreglumaðurinn.

Enginn.

Þegar hann var kominn nógu langt til að spyrja Grace út í atvikið stóð hún við hliðina á Pierce og Esther, Jaci hélt um lærið á henni og hálfaldi sig bak við hana.

Dóttir hans en hann hafði ekki bjargað henni heldur Grace, konan sem hann hafði ekki einu sinn þekkt fyrir tveimur dögum

síðan. Núna var hún orðinn mikilvæg í lífi hans, hetja sem var fljót að hugsa og hafði bjargað lífi Jaci.

Grace sagði lögreglumanninum frá atvikinu á sama hátt og hún og Esther höfðu sagt Pierce frá því. Lögreglumaðurinn spurði spurninga sem hún gat ekki svarað en hann þrýsti ekki mikið á hana. Eflaust hafði skotárásin líka komið honum úr jafnvægi.

Lögreglumaðurinn skrifaði líka hjá sér að Grace væri í heim-sókn á Double K búgarðinum. –Það er sjúkrabíll á leiðinni, sagði hann svo.

–Þetta er bara smáskráma, mótmælti Grace. –Ég fer ekki með sjúkrabíl.

–Það er undir þér komið, sagði lögreglumaðurinn, –en reglurnar krefjast þess að þegar sjúkrabíllinn er kominn verður þú að skrifa undir yfirlýsingu um að þú viljir ekki læknishjálp.

–Allt í lagi.

–Ekki alveg, sagði Pierce. –Það má alveg sauma þennan skurð.

–Það er heilsugæsla við þjóðveginn, rétt hjá nýja stórmarkaðnum, sagði Esther. –Sonur Ellen Crosby er yfirlæknir þar. Þú manst eftir honum, Pierce, þið voruð saman í ruðningsliðinu í skólanum.

–Ég man eftir honum, sagði Pierce sem hafði eiginlega ekki áhuga á að rifja upp gamla daga í augnablikinu. –Ég sé um að Grace láti skoða sárið.

Þó að þau þyrftu að keyra alla leiðina til San Antonio til þess.

–Ég bíð hérna þangað til vettvangsrannsóknarteymið okkar kemur til að taka myndir, sagði lögreglumaðurinn. –Ef þú og stúlkan þurfið far heim frá Kavanaugh skal ég hringja í annan lögreglumann og biðja hann að keyra ykkur á búgarðinn.

–Ég skal keyra þær heim, bauð kona sem stóð við hliðina á Esther. –Það er engin fyrirhöfn fyrir mig. Eftir að Jaci fær ísinn, að sjálfsögðu.

Pierce hafði verið búinn að gleyma því hvað allir í bænum voru vingjarnlegir, sem þýddi að skotárás um hábjartan dag var ennþá undarlegri atburður.

–Ég er viss um að Cavazos eða einhver annar í lögreglunni hefur samband við þig fyrir dagslok, frk Addison.

–Ég er búinn að segja þér frá öllu sem ég veit og það er það sama og öll hin sögðu þér. Það hefur enga þýðingu að láta einhvern annan í lögreglunni spyrja mig fleiri spurninga.

–Þetta er bara hluti af rannsókninni. Við líðum ekki glæpi í þessum bæ. Skotárás upp úr þurru á aðalgötunni í bænum er alvörumál og ég ábyrgist að við meðhöndlum málið þannig.

–Handtakið bara brjálæðinginn sem skaut, sagði Esther.

–Við gerum það, þú getur verið viss um það.

Pierce var alls ekki sannfærður um að þetta væri árás út í bláinn. Hann hafði strax verið viss um að Grace væri á flótta undan einhverju eða einhverjum. Viðkomandi gæti hafa fundið hana og hefði drepið bæði hana og Jaci.

Það var kominn tími til að fá raunveruleg svör um þessa dularfullu konu sem kyssti þannig að hann gat ekki hugsað og sem dóttir hans var að verða ansi hænd að.

Hann ætlaði ekki að taka neina áhættu þegar líf dóttur hans var annars vegar. Málið stóð þannig að Grace hafði bjargað lífi Jaci og þetta batt þau saman, óháð því hvert leiðin lægi héðan í frá.

–Ég held að þetta ætti að gróa vel án þess að valda þér vandræðum. Ég vil helst hitta þig aftur eftir fjóra daga, fyrir en þér sýnist að það sé að koma sýking í þetta.

–Allt í lagi. Grace samþykkti að hlýða skipunum læknisins en vissi að hún yrði löngu farin frá Texas eftir fjóra daga.

–Þú ert heppin að hafa sloppið með smáskurð. Mér skildist að ef þú hefðir ekki kastað þér á jörðina værir þú að öllum líkindum í lífshættu núna.

Eða dáin. Hún fann kuldahroll inn við beinin, hræðslu sem var frekar vegna Jaci og Esther en hennar sjálfar. Þær hefðu aldrei lent í þessum aðstæðum ef hún hefði ekki komið til.

Lögreglustjórinn og aðrir bæjarbúar héldu kannski að skotárásin hefði verið út í bláinn en Grace vissi betur.

Þú átt eftir að þurfa að líta um öxl það sem eftir ef ævinnar, verður með eilífar áhyggjur og reiknar með því versta. Einn daginn kemur að því.

Hún hafði verið 18 ára og aðvörun lögfræðingsins hafði ekki náð inn hjá henni. Þó að það hefði gerst hefði hún valið það sama.

Hún hafði leyft aðdráttarafla Pierce og löngun sinni til að vera hluti af fjölskyldunni að lokka sig til að taka rangar ákvarðanir. Ef hún hefði farið um morguninn hefði ekkert af þessu gerst. Pierce hélt að hún hefði bjargað lífi Jaci.

Hvernig liði honum ef hann vissi að árásin hafði beinst að Grace? Eða hafði hann komist sjálfur að þeirri niðurstöðu?

Læknirinn lauk ræðunni en hún var löngu farin að hugsa um annað. Vonandi kæmist hún gegnum það sem eftir var af deginum án þess að þurfa að sitja undir spurningum frá lögreglunni.

Yfirheyrsla eða rannsókn yrði án efa til þess að einhver bæri að lokum kennsl á hana. Það kæmist í fréttirnar og þá yrði ennþá erfiðara að hverfa aftur.

Hún varð að forða sér úr bænum áður en einhver tengdi hana við martraðarkennda fortíðina. Það eina sem hún þurfti að gera

var að forðast lögreglustjórann og menn hans þangað til hún gæti horfið aftur.

Því miður kom í ljós að þetta var óskhyggja.

9. kafli

Lögreglustjórinn hafði lagt til að Pierce og Grace hittu hann á kaffihúsi nálægt heilsugæslunni. Pierce hafði ekki náð að hitta hann fyrr um daginn en var fljótur að sjá einkennisklædda manninn í básnum innst á kaffihúsinu.

Hann gaf þeim bendingu um að koma til sín, þekkti þau greinilega af myndunum sem lögreglumaðurinn hafði tekið á vettvangi. Pierce var viss um að þeir væru búnir að ræða um málið.

Grace settist andspænis lögreglustjóranum og Pierce við hliðina á henni. Hún var varla sest þegar hún fór að nudda blett á hálsinum rétt neðan við hægra eyrað.

–Mér þykir leitt það sem kom fyrir í dag, Grace, sagði lögreglustjórinn þegar þau voru búnir að kynna sig formlega.

–Skotárás er ekki beinlínis til að bjóða fólk velkomið til Winding Creek. Verst að þú skulir eiga svona slæma reynslu af bænum okkar sem er yfirleitt svo vinalegur.

–Svona kemur fyrir. Fólkíð í bænum hefði ekki getað stutt mig betur en það gerði.

–Gott að heyra það en svona lagað gerist ekki á þessum slóðum og ég ætla ekki að leyfa því að byrja heldur, ekki meðan ég er með þetta. Hann benti á lögreglumerkið á skyrtunni.

–Sem betur fór meiddist enginn alvarlega, sagði Grace.

–Nei en þetta hefði getað endað í blóðbaði. Konur, börn,

fullorðnir menn með byssu. Það er ómögulegt að segja hvernig þetta hefði endað ef það hefði ekki staðið svona stutt. Sárið sem þú fékkst var eftir glerbrot.

–Það er ekki hægt að neita þessu, sagði Pierce.

Miðaldra gengilbeina með vingjarnlegt bros fyllti á kaffibolla lögreglustjórans og tók við pöntun. Svart kaffi handa Pierce, kaffi með mjólk handa Grace.

Lögreglumaðurinn drakk kaffi, dró svo minnisbók upp úr skyrtuvasanum og lagði hana á borðið. –Mér þykir leitt að þurfa að spyrja þig fleiri spurninga en ég þarf nánari upplýsingar í skýrsluna.

–Ég sagði lögreglumanninum frá öllu sem ég veit.

–Hann sagði að þú hefðir verið mjög hjálpsöm, takk fyrir það. Honum fannst mikið til koma að þú skyldir bregðast svona hratt við, kalla á fólk og segja því að leggjast niður og kasta þér svo ofan á barnið.

–Ég sá byssuna, allt annað var ósjálfrátt.

–Góð viðbrögð. Hefur þú verið í lögreglunni?

–Nei.

–Þá er ég viss um að þú ert íþróttamanneskja.

–Ekki beinlínis.

–Við hvað starfar þú?

Grace horfði á hendurnar á sér, hikaði en svaraði svo. –Ég var skrifstofustjóri þar sem ég vann síðast.

–Við hvað starfar þú núna?

–Ég er atvinnulaus. Það voru uppsagnir í Houston af því að hráolíuverðið lækkaði svo mikið.

–Já, það fer illa með fólk í öllu ríkinu. Ertu þá bara í heimsókn hjá Esther þangað til þú finnur aðra vinnu?

–Ég átti bara leið um. Esther sneri sig um ökkklann og ég ákvað að vera hjá henni í nokkra daga og hjálpa henni.

Grace skrökvaði ekki beinlínis en það lá í orðunum að þær hefðu þekkt áður en Esther sneri sig.

–Sástu bílinn vel?

–Nei, ég sagði lögreglumanninum frá þessu. Bíllinn ók hratt eftir götunni, ég sá bara byssuna.

–Ertu ekki viss hvort þetta var sami bíllinn og þið sáuð nokkrum mínútum áður?

–Þeir voru báðir svartir, meira veit ég ekki.

Lögreglumaðurinn tók upp penna og lét smella í honum. –Ég þarf að fá fullt nafn, fyrir skýrsluna.

Hún hikaði, teygði sig í kaffibollann og saup á en svaraði svo. –Grace Ann Addison, sagði hún lágt og niðurlút.

–Get ég fengið að sjá ökuskírteinið?

Hún lagði lófana á borðið. –Ég er ekki með það á mér.

–Hvar er það?

–Heima á búgarðinum, í hanskahólfinu á bílnum mínum. Ég var ekki á honum í dag svo ég bjóst ekki við að þurfa að nota það.

–Ekkert mál, ég get séð það seinna hjá þér. Ég þarf samt heimilisfangið þitt og kennitöluna.

–Ég er ekki með fast heimilisfang í augnablikinu, ég er að flytja frá Houston til Albuquerque.

–Ég skil, gefðu mér þá upp kennitöluna þína og símanúmer þar sem ég næ í þig.

Hún þuldi upplýsingarnar.

Cavazos fékk sér meira kaffi og þurrkaði sér um munninn með bréþurrku. –Tímasetningin fyrir heimsókn þína til Estherar var góð. Hún hefur átt mjög erfitt síðan Charlie dó. Hún er farin að upphuga og trúá á ýmsar samsæriskenningar.

–Esther er enn í sorg en mér finnst hún vera alveg með réttu ráði, sagði Grace.

–Ég reikna með að þú sért að tala um að hún heldur að Charlie hafi verið myrtur og að ekkert hafi verið gert í málinu, sagði Pierce. –Ég ætlaði að ræða það við þig þegar ég mælti mér mót við þig fyrir í dag, fyrir skotárásina.

–Ég var hræddur um það, sagði lögreglustjórinn. –Esther er alltaf að hamra á þessari samsæriskenningu en ég sá sjálfur um rannsóknina. Það voru engin gögn sem studdu að þetta væri morð.

–Ég vil gjarnan fá að lesa skýrsluna.

–Sjálfsagt mál, þá getur þú vonandi komið vitinu fyrir Esther.

–Ég geri eins og ég get, sagði Pierce, –en ef ég á að segja eins og er á ég erfitt með að trúá því að Charlie hafi framið sjálfsmorð.

–Kannski vegna þess að þú hefur ekki séð hann í mörg ár. Þú varst unglingur síðast þegar þú dvaldir hjá honum.

–Rannsakaðir þú mig líka?

–Nafn þitt og nöfn bræðra þinna komu upp við rannsóknina en við náðum ekki sambandi við neinn ykkar.

–Ég var í hernum, í miðausturlöndum.

–Ég frétti það. Ég yfirheyrði fjölmarga, sagði lögreglustjórinn, –og enginn hafði neitt slæmt að segja um Charlie Kavanagh. Hann var ekki rændur, Esther drap hann ekki. Það var ekkert tilefni fyrir morði.

–Hvaða tilefni hafði hann þá til að fremja sjálfsmorð?

–Hann var í peningavandræðum. Þurrkurinn fyrir tveimur árum hafði slæm áhrif fyrir alla búgarðseigendur. Grassprettan var léleg og ekki næg til að fódra dýrin. Charlie seldi hundrað gripi með miklu tapi. Þá borgaði enginn gott verð fyrir kjötið.

–Ég er viss um að Dudley Miles, vinur hans, hefði lánað honum ef ástandið var svona slæmt.

–Þú hefur þá ekki frétt af Dudley. Lögreglustjórinn tók upp veskið, samtalinu var greinilega að ljúka.

–Frétt hvað? spurði Pierce.

–Dudley á við eigin vandamál að stríða, hann er í fangelsi og verður þar næstu tíu árin þangað til hann getur sótt um reynslausn.

Nú var Pierce orðlaus. Dudley Miles var gamall vinur Charlie og átti og rak einn af stærstu og best reknu búgörðunum í þessum hluta ríkisins.

–Þetta er löng saga, sagði Cavazos, –en vandræðagripurinn dóttir hans kemur við þá sögu. Biddu Esther að segja þér söguna. Ef ég byrja get ég haldið lengi áfram og ég hef ekki tíma til þess í dag.

Cavazos tók símann upp úr vasanum. –Þetta er mikilvægt símtal og ég þarf að svara því í næði. Verði ykkur kaffið að góðu, ég býð.

Hann sagði þeim sem hringdi að biða aðeins og lagði peninga fyrir veitingunum á borðið.

Gengilbeinan kom og fyllti á kaffibollana. –Nýlagað. Má bjóða ykkur eitthvað fleira? Bestu eplabökuna í Texas?

Þau neituðu. Grace saup á kaffinu. Hendurnar skulfu, ekki nógu mikið til að kaffið sullaðist niður en nóg til að Pierce tæki eftir því.

–Er allt í lagi með þig? spurði hann.

–Eins og við má búast eftir skotárás upp úr þurru, nokkur spor í höfuðleðrið og spjall um sjálfsmorð og fangelsi.

–Það jafnast ekkert á við Texas ef mann langar í ævintýri.

–Þið Jaci eruð í leit að ævintýrum, ekki ég.

Þeim til undrunar kom lögreglustjórinn aftur áður en þau voru búin með kaffið. Hann settist ekki.

–Góðar fréttir.

–Við þurfum á því að halda, sagði Pierce.

–Einn mannanna sem sat á bekknum andspænis blómabúðinni þegar skotárásin var gerð bar kennsl á bílstjóran.

–Bæjarbúi? spurði Pierce.

–Ekki eins og er. Reid Peterson, á þrítugsaldri. Sagður vera í hóp eiturfjásala í San Antonio og sennilega svo útúrdópaður að hann vissi ekki hvar hann var.

Það var erfitt fyrir Pierce að ímynda sér að þannig maður hefði ráðist á Grace svo kannski var þetta tilviljun. –Hvað var þessi meðlimur eiturfjásöluhóps að gera í bænum?

–Foreldrar hans eiga jörð við Blackstone Road. Hann hlýtur að hafa verið í heimsókn.

–Er þetta í fyrsta skipti sem hann veldur svona vandræðum?

Það var hræðsla í rödd Grace. Pierce tók um hendur hennar, þær voru ískaldar.

–Í fyrsta skipti sem hann skýtur úr bíl á ferð í Winding Creek en hann var nokkrum sinnum handtekinn fyrir skemmdarverk þegar hann var í framhaldsskóla. Skaut allar rúðurnar í gluggunum á húsi skólafélaga síns eftir að þeir rifust á fótboltaæfingu.

–Sennilega verið byrjaður í eiturfjum, sagði Pierce.

–Eflaust en vonandi kemst hann í afvötnun meðan hann er í fangelsinu.

–Ertu þá sannfærður um að skotárásin hafi verið tilviljun? spurði Grace.

–Alveg viss. Krakk getur farið með heilann í fólki.

–Ég hef heyrt það.

Hún andvarpaði, eins og hún hefði haldið niðri í sér andanum.

Pierce varð ennþá sannfærðari um að hún væri á flótta undan einhverju. Skotárásin í dag var því máli kannski óviðkomandi

en það var ómögulegt að vita. Hún vildi sjálfsagt ekki þiggja hjálp hans en hann ætlaði sér ekki að sleppa henni burtu fyrir en hann væri viss um að hún yrði örugg.

Eina leiðin sem hann sá til þess var að snara hana með kálfa-vaði og binda hana fasta.

Það var Charlie að þakka að Pierce var ansi fær með kálfa-vað.

Grace starði á landslagið, kýr á beit og endalausar gaddavírs-girðingar á leiðinni heim. Spennan sem hafði verið að gera út af við hana meðan þau töluðu við lögreglustjórann hafði minnkað en ekki horfið alveg.

Hún var uppgefin eftir atburði dagsins, frekar eftir andlega áreynslu en líkamlega. Ef hún hefði stofnað Jaci eða Esther í hættu hefði hún ekki getað fyrirgefið sjálfri sér. Hún þekkti þá kvöl allt of vel, það var hluti af martröðinni sem stjórnaði lífi hennar.

Henni hafði létt gríðarlega þegar lögreglustjórinn fullvissaði hana um að skotárásin hefði verið tilviljun en kvíðinn jókst samt. Þó að hana langaði til að trúá honum gat hún ekki útilok- að að kúlnar hefðu verið ætlaðar henni.

Myndatökumaðurinn frá Tennessee hefði getað elt hana hingað. Hún vissi ekki hvernig en það gat samt verið. Ef það var tilfellið var Lacostefjölskyldan örugglega ennþá með tengsl við eiturlyfjasala á svæðinu sem hafði ítök í glæpahóp í San Antonio.

Eða þá að ár einsemdar og persónulegar fjarlægðar höfðu breytt henni í vænisjúkan rugludall. Maðurinn í Tennessee gat verið sá sem hann sagðist vera, maður sem hafði komið til Mountain Edge vegna vinnunnar. Hann gat verið ljósmyndari sem ætlaði að festa mannlífið í sérkennilega fjallabænum á

filmu, þar á meðal hversdagslega bókavörðinn sem var með hárið í hnút, í of síðu pilsí og flatbotna skóm.

Pierce beygði inn á þröngan malarveg sem virtist hverfa inn á milli trjáa sem voru svo há og sver að þau huldu sólina.

–Hvert erum við að fara?

–Heim á búgarðinn aftur.

Hann tók sveig framhjá stórum steini sem hafði endað á miðjum veginum.

–Þú eyðileggur dekkín og demparana, sagði hún.

–Söluumaðurinn fullvissaði mig um að bíllinn þyldi allt sem ég legði á hann. Ef hann þolir þetta ekki þá skila ég honum.

–Ef þú kemur honum á bílasölnuna í heilu lagi.

–Ertu nokkuð of viðkvæm fyrir nokkrum hrossum?

–Miðað við þessa lýsingu er Grand Canyon þínulítið gil.

Pierce stoppaði við málmhlið. –Vegurinn er aðeins betri eftir þetta.

–Ertu viss? Það er langt síðan þú komst hingað síðast.

–Já en ég ók eftir þessum vegi í gær og sá konu í eltingaleik við hana.

–Fyndinn. Er þetta þá fjallabaksleið að búgarðinum.

–Jamm.

–Engin skilti. Hvernig vita gestir hvar þeir eru?

–Charlie lagði þennan veg ekki fyrir gesti heldur til að komast með hey og fôður á þennan hluta búgarðsins á vorin þegar flæðir yfir vegina annars staðar.

Grace horfði í kringum sig. –Ég sé ekkert kunnuglegt. Í hvaða átt er húsið eða stóra hlaðan hjá hænsnakofanum?

–Til austurs, yfir nokkrar hæðir og einn eða tvo læki.

Hún opnaði bílhurðina. –Ég skal opna hliðið, hvað er kóðinn fyrir lásinn eða ertu með lykil?

–Enginn lykill. Enginn kóði. Það er aldrei læst.

–Hver er þá tilgangurinn með hliðinu?

–Sá sami og með rimlagrindunum, að halda búpeningnum innan við.

Grace steig út, opnaði hliðið upp á gátt. Pierce ók í gegn og hún gekk yfir rimlagrindurnar. Það þurfti ekki að passa upp á fallegu nýju stígvélin því þau höfðu líka orðið fyrir barðinu á glerbrotunum.

–Við ættum að hringja í Esther, sagði hún þegar hún settist inn aftur. –Hún er örugglega að velta því fyrir sér hvenær við komum aftur.

–Ég hringdi áðan meðan þú fórst á salernið á kaffihúsinu og sagði henni að við ætluðum eftir útsýnisleiðinni heim.

–Hvernig leið Jaci?

–Vel held ég. Hún var með hendurnar á kafi í kökudeigi svo ég náði ekki að tala við hana.

Vegurinn lá í austur, þangað sem Pierce hafði sagt að húsið væri, en hann beygði í vestur og gaf í því vegurinn lá upp á við. Bíllinn hossaðist eftir hörðum moldartroðningi og Pierce sveigði af og til framhá tré eða runna.

Þegar þau voru komin yfir hæðina stoppuðu þau hjá öðru hliði. Hún stökk út og sá um hliðstörfin.

–Hvað þarf að hafa mörg hlið á búgarði? sagði hún þegar þau lögðu af stað aftur.

–Stundum einhverja tugi, sagði hann, –allt eftir stærðinni. Ef þau væru ekki rynnu hagarnir saman og það væri ekki hægt að stjórna beitinni. Rekstur á búgarði er meira en að gefa hey af og til.

–Lærðir þú allt þessa þessa 10 mánuði sem þú bjóst hjá Kavanaughhjónum?

–Já, við bræðurnir lögðum okkar af mörkum. Ég hef gert

flest sem þarf að gera á búgarði. Það eina sem mér líkar ekki er að gelda naut en ég varð mjög fær við það.

–Það er ofarlega á lista yfir það sem ég myndi aldrei vilja sjá þig gera.

–Svona eiga kúrekastelpur ekki að tala. Við verðum að koma þér á hestbak til að koma þér í gírinn.

–Ég ætla að láta þig vita það núna að það verður ekki.

–Af hverju ekki?

–Þeir eru of stórir og ég sá engar bremsur eða stýri eða öryggisbelti.

–Eftir nokkur skipti í hnakknum áttu eftir að kunna að meta frelsistilfinninguna og vera fegin því að vera ekki fest á eitt-hvað.

Hún hristi höfuðið. –Þú átt aldrei eftir að sannfæra mig.

Hann lagði höndina á öxlina á henni. –Þú skalt aldrei vanmeta sannfæringarmátt kúreka.

Það ætlaði hún ekki að gera. Því lengur sem hún var með Pierce, því meiri áhrif hafði hann á hana. Þegar hann snerti hana eins og núna fann hún ástriðuna í öllum líkamanum.

–Þegar ég var yngri ætlaði ég að eignast búgarð eins og þennan einhvern daginn, sagði Pierce. –Þetta er annar dagurinn minn á Double K og ég er farinn að hugsa eins og þá. Þegar lífsstíll kúrekans nær tókum á manni er erfitt að hætta.

–En samt valdir þú að ganga í herinn.

–Það er líka í blóðinu. Kannski er það tilhugsunin um að vera njörvaður niður á kæfandi skrifstofu frá 9 til 5 sem ég þoli ekki.

Grace gat alveg trúað því. Pierce var svo sjálfstæður og hún öfundaði hann af því. Sterkbyggður og myndarlegur. Karlmannlegur en með strákslegan þokka sem lét henni líða vel þó að hún vissi að henni ætti ekki að líða þannig. Sterkur. Verndari. Eiginlega ómótstæðilegur.

Pierce ók upp á aðra hæð, stoppaði bílinn undir gömlu eikartré og drap á honum. Hann benti fram fyrir sig. –Horfðu yfir og þá sérðu hvað ég meina, búgarðurinn er í blóðinu.

Hún tók andköf þegar hún horfði í kringum sig á stórkostlegt útsýnið, óendanlega akrana og hrjúft landslagið.

Pierce steig út og gekk hálfhring til að opna fyrir henni en hún var stokkin út áður en hann kom, á mjúkt gulnandi gras og dauð lauf af eikartrénu.

–Ég heyri í vatni, sagði hún.

–Hingað. Hann tók í hönd hennar og leiddi hana út á klettasyllu. –Stígðu varlega niður og haltu í höndina á mér. Smásteinarnir geta runnið til þegar maður stígur á þá.

Þau stoppuðu á brún hamragils og hún hélt fast í hönd mannsins... sem hún þekkti varla nokkuð. Hún hefði átt að finna fyrir hræðslu og óvissu en fylltist gleði. Hvernig hafði hún náð að finna til gleði eftir svona stuttan tíma með Pierce, eftir allt sem hún hafði þurft að upplifa?

Fíngerður úði féll á andlitið og þá sá hún ána sem rann eftir klettunum og niður í ána fyrir neðan.

–Þetta er stórkostlegt, sagði hún lágt.

–Þetta er uppáhalds staðurinn minn á búgarðinum, viðurkenndi Pierce. –Þegar ég fann fyrir svo mikilli sorg eftir að foreldrar mínir dóu að mér fannst ég ekki geta haldið áfram þá fór ég hingað á hestbaki og tókst einhvern veginn að finna friðinn aftur.

–Það er erfitt að missa einhvern sem maður elskar.

–Þú hljómar eins og þú hafir upplifað það.

–Afa minn, sagði hún.

–Viltu tala um það?

Hún hristi höfuðið, vildi ekki að sú þrekaun yrði til að varpa skugga á þennan sérstaka stað.

Pierce hélt fast um hönd hennar og leiddi hana með sér að stórum kletti með útsýni yfir ána, hallaði sér að steininum og tók um mittið á henni aftanfrá og dró hana að bringunni á sér.

Augnablikið varð töfrum líkast. Fegurð umhverfisins, öryggistilfinningin að finna handleggi hans halda fast utan um sig, svo nálægt að hún fann hlýjan andardráttinn á vanganum.

Hún leyfði sér að bráðna inn í augnablikið. Engin fortíð. Engin framtíð. Bara hér og nú, augnablik sem hún ætlaði að muna að eilífu.

–Grace, treystir þú mér?

10. kafli

Treysti hún Pierce Lawrence? Þetta var ekki órökrétt spurning. Hún treysti honum þó að undarlegt mætti virðast en það breytti engu.

Hún færði sig frá honum, varð að geta hugsað skýrt. –Ég þekki þig ekki nógu vel til að svara því ákveðið en ég hef enga ástæðu til annars, ekki fram að þessu.

–Vertu þá hreinskilin við mig. Segðu mér frá hverju þú ert að flýja.

Hún hafði verið hrædd um að þetta kæmi en var ekki tilbúin fyrir það.

–Ég er ekki að flýja frá neinu.

–Hvað með kærastann?

Hún reyndi að muna hvernig sagan hafði verið. –Þetta er allt

í lagi, við báðumst bæði afsökunar og höldum áfram með líf okkar.

–Þú sagðir við Cavazos lögreglustjóra að þú hefðir misst vinnuna í Houston og að þess vegna værir þú á ferðinni.

–Ég sá enga ástæðu til að segja honum frá persónulegum upplýsingum sem koma skotárásinni ekki við.

–Ef þú ert ekki að flýja frá neinu, af hverju varstu þá í dulargervi í fyrradag?

–Ég var að gera tilraun með nýtt útlit og ég er hundleið á slæmum samböndum. Mér datt í hug að ef ég væri óaðlaðandi í útliti myndi enginn reyna við mig.

–Þú þyrftir að fá vörtur um allt andlitið til þess.

–Ég er ekki að flýja frá neinu, sagði hún ákveðin. –Þú misskilur þetta, Pierce, þú þekkir mig ekki mjög vel.

–Ég veit að skjót viðbrögð hjá þér björguðu lífi dóttur minnar í dag.

–Ég get ekki þakkað mér það, þetta voru ósjálfráð viðbrögð.

–Þú þarft ekki að vera hrædd við mig, Grace. Ég er ekki að reyna að stjórna lífi þínu og alls ekki að reyna að valda þér vandræðum. Mig langar bara til að hjálpa þér. Ég get það ekki nema þú sért heiðarleg við mig.

–Ég er heiðarleg við þig.

Hún beit á vörina, þoldi ekki lygarnar, dauðlangaði til að segja Pierce allt af léttu. Hann myndi halda utan um hana, fullvissa hana um að hann gæti verndað hana fyrir öllu. Hann myndi meina hvert orð sem hann segði.

En enginn hafði haft sigur gegn Tom Lacoste og Grace gat ekki dregið Pierce inn í það mál. Hann átti dásamlega dóttur sem þurfti á honum að halda og sannleikurinn var sá að meira að segja Jaci yrði ekki óhult ef Tom dytti í hug að Grace tæki það nærri sér ef dóttir Pierce yrði drepin.

Þetta var hennar barátta. Hún hafði gert mistökin sem leiddu þessa martröð af sér. Hún hafði valið og það hafði leitt til þessarar einmanalegu og ástlausu tilveru. Hún ætlaði að gjalda fyrir það.

Pierce greip um hönd hennar og sneri henni að sér. Augnaráðið fangaði augnaráð hennar, ákveðið og dáleiðandi.

–Ég er hérna ef þú þarft á mér að halda, Grace.

–Hvernig getur þú sagt þetta fyrst þú heldur að ég sé að flýja undan einhverju.

–Af því að ég trúi því ekki að þú gætir gert eitthvað sem er svo slæmt að þú verðir að vera svona hrædd.

–Af hverju skiptir þetta þig einhverju máli? Ég efast um að við sjáumst aftur eftir vikuna.

–Því það er rétt að hjálpa þér og mér er ekki sama. Mér líkar vel við það hvað þú ert hlýleg, ögrunina sem felst í því að kynnast þér. Svo er ég ansi hrifinn af því hvernig þú kysir.

Augu hennar fylltust af tárur. Fjandinn hirði hann. Hvernig hafði hún hleypt honum svona nálægt sér? Hvernig gat hún leyft honum að brjóta varnir sínar svona niður?

Varir þeirra mættust, hann kyssti hana blíðlega eitt augnablik og svo ákaft. Ástríðan blossaði upp þangað til Grace gleymdi sér alveg. Hún renndi höndunum undir jakkann hjá Pierce og glennti fingurna sundur á baki hans. Hana dauðlangaði til að rífa hann úr skyrtunni og strjúka bert bakið, renna fingrunum eftir stæltum vöðvunum undir henni.

Hann dró hana ennþá nær, lyfti henni upp og lét hana renna niður eftir líkama sínu svo hún fann vel fyrir stífum limnum.

Hjartað sló hratt og Grace átti erfitt með að anda eðlilega en tókst loksins að koma vitinu fyrir sjálfa sig. Hún losaði sig en það nægði ekki einu sinni til að kæla brennandi þrána innra með henni.

–Við ættum að snúa við, hvíslaði hún.

–Ég vona að þú vitir hvað þú ert að gera mér, sagði hann hás, af ástríðu eða kannski vonbrigðum.

Hún vissi ekki hvað hún var að gera honum en vissi allt of vel hvað hann var að gera henni. Það var dásamlegt en um leið skelfilegt.

Hún gekk til baka að bílnum og hann elti. Tilfinningar hennar voru í uppnámi, berskjaldaðar, eins og hann hefði farið djúpt inn í hana og snert staði sem höfðu ekki verið snertir áður.

Ef kossarnir höfðu svona áhrif á hana, hvernig yrðu þá áhrifin af því að njóta ásta með honum? Þorði hún að komast að því?

Þau töluðu lítið saman á leiðinni heim.

Jaci kom hlaupandi út á veröndina þegar þau komu upp að húsinu.

–Við fundum englana og jötu og Jesúbarnið og veistu hvað? Amma á dansandi kúreka sem syngur Snæfinnur snjókarl.

–Rænduð þið jólabúðina?

–Nei pabbi, það er kjánalegt. Þetta var uppi á lofti hjá ömmu. Getum við farið og sótt jólatré? Gerðu það.

–Hvað segirðu um að fara snemma í fyrramálið? Það er að koma kvöld og við finnum ekki gott tré í myrkrinu. Pierce tók Jaci upp og sveiflaði henni á háhest. –Hvaða græna dót er þetta á veröndinni?

–Jólalengi, maður hengir þau á veröndina og setur ljós með.

–Þú meinar jólalengjur til að skreyta með, sagði Pierce. –En hvaðan komu þær?

–Við keyptum þær á heimleiðinni. Þær lykta eins og jólatré.

–Ilmurinn er dásamlegur, sagði Grace.

Ilmurinn úr eldhúsinu var lökkandi og inni í húsinu var staffli

af jólaskrautskössum og dansandi jólasveinn. Esther kom fram til þeirra og heltin sást varla.

–Ekki segja mér að þú hafir farið upp á háaloft með ökklað svona og sótt alla þessa kassa, sagði Pierce.

–Láttu ekki svona, Pierce, þú veist að ég er skynsamari en það. Ég fékk Buck til þess. Þetta er jólaskautið sem ég hef safnað undanfarin 50 ár.

–Heldur þú að við þurfum allt þetta skraut? spurði hann.

–Við þurfum ekki að nota allt saman, það er bara við hendina ef við viljum nota það. Er það ekki, Jaci?

–Jú, sagði Jaci, steig upp í tóman kassa og hoppaði út úr honum aftur.

Grace kiknaði í hnjúnum.

Heimilislegt heimili, hamingjusöm fjölskylda, matur á leiðinni, ást og hlátur.

Eins og hún hafði hugsað um þegar hún sá húsið í fyrsta sinn en veruleikinn var betri en ímyndunin. Hérna var hún komin, þátttakandi í þessu. Hún þorði ekki að klípa sjálfa sig en vissi að þetta hlaut að vera draumur.

Mjög skammvinnur draumur.

Pierce spennti gamla verkfærabeltið hans Charlie um mittið og sótti langa stigann.

Sólin var að setjast en hann reiknaði með að hafa 45 mínútur áður en það yrði orðið alveg dimmt, nógu langan tíma til að hengja jólalengju með seríu yfir verandarhandriðið og girðinguna.

Þá yrði einu verkinu færra daginn eftir og þá ætlaði hann sér að byrja að yfirfara verkefnið sem þurfti að sinna á búgarðinum og skoða eignina. Svo þurfti hann að reyna meira á sig ef hann ætlaði sér að halda áfram að borða matinn hennar Esther.

Eftir matinn hafði hann þurft að smakka kökurnar sem Jaci og Esther höfðu bakað seinnipartinn meðan þau Grace voru að kanna útsýnið. Réttara sagt, meðan hann var að kanna sívaxandi aðdráttarafl Grace Addison sem vildi ekki vera heiðarleg við hann.

Hér var hann staddur, enn í sömu sporum, var að falla kylliflatur fyrir konu sem hann skildi ekki en þetta var samt allt öðruvísi en þegar hann féll fyrir Leslie. Grace var öðruvísi, hann hafði breyst.

Þegar hann rakst á Leslie á strönd í San Diego hafði hann verið nýbúinn með herþjálfunina, góður með sig og til í að skemmta sér. Hún hafði verið falleg og vel vaxin og þegar hún bað hann að bera sólarvörn á axlirnar á sér hafði hann verið fljótur að samþykkja.

Tveimur dögum seinna var dómari búinn að gefa þau saman. Tveimur vikum seinna fór hann í herinn. Áður en þau hittust næst hafði hann horft upp á besta vin sinn sprengdan í loft upp.

Þegar Pierce kom heim var hann annar maður. Hann reyndi að vera lífsglaði ungi maðurinn sem Leslie hafði orðið ástfangin af en gat það ekki. Sambandið náði aldrei flugi eftir það.

Svo eignuðust þau Jaci og það gerði þetta allt þess virði, hann kom svo heim og ætlaði sér að verða góður og ástríkur faðir. Hún þurfti ekki annað en að leggja handleggina utan um hann eða segja *pabbi* og hann varð eins og smjör.

Hann var ennþá að vinna sér inn traust Jaci. Hennar og Grace. Vonandi myndu skær lit jóla ljós og svolítill jólaandi hjálpa honum gagnvart þeim báðum.

Pierce svipaðist um eftir klaufhamrinum í skúrnum og sá hann á stóru verkfæratöflunni hans Charlie. Allt var eins og það

hafði verið í verkfæraskúrnum hans og Pierce sá Charlie fyrir sér í samfestingnum og heyrði glaðlegan hláturinn fyrir sér.

Sorgin helltist yfir eins og rigningardemba. Það var ekki erfitt að skilja af hverju Esther hafði tekið andlátið svona nærri sér. Charlie var besti maður sem til var.

Sjálfsmorð virtist ekki koma til greina þegar um mann eins og hann var að ræða. En morð? Sá möguleiki passaði eiginlega ekki heldur.

Jaci kom hlaupandi inn í skúrinn um leið og hann fest klaufhamarinn við beltið. Litla dramadrottningin hans sneri sér í hring eins og dansari og rétti honum svo ílát. –Esther amma sagði að þú þyrftir kannski á þessu að halda.

Hann lyfti lokinu. Festingar til að setja upp séríur og lengjur. –Þetta er nákvæmlega það sem mig vantaði.

–Má ég hjálpa þér að hengja ljósin upp?

–Auðvitað, þú getur verið verkstjórinn.

–Hvað er það?

–Sá sem segir mér hvernig ég á að fara að þessu.

–Allt í lagi. Hún valhoppaði út úr skúrnum.

Hann var hálfnaður að setja á fyrstu stoðina og ánægður með velgengnina þegar honum varð það á að slá ílátið með festingunum niður af efstu stigariminni.

–Fja... hvert þó í logandi, tautaði hann, reyndi að breiða yfir blótsyrðið sem hafði ætlað að sleppa.

Jaci kom hlaupandi. –Hvað er logandi?

–Ekkert, ég segi bara svona þegar ég drasla út.

–Ég skal hjálpa þér að tína þetta upp.

–Það væri vel þegið.

–Vel þegið? Þú notar skrýtin orð, pabbi.

–Ef þér finnst ég nota skrýtin orð ættir þú að sjá mig dansa.

Hann tók nokkur spor en sá þá að Grace var við dyrnar að fylgj-

ast með. Hann lyfti hattbarðinu lítillaga og hélt áfram að tíma saman festingarnar.

Síminn hans hringdi. Hann tók hann úr vasanum og leit á skjáinn. Leslie.

Hann hafði reynt að hafa samband við hana en ekki tekist það, hafði ætlað að segja henni frá skotárásinni án þess að Jaci væri nálægt. Hann vildi ekki að hún kæmi Jaci í uppnám því stúlkan kippti sér lítið upp við þessa lífsreynslu. Á þessum aldri voru jólin og ís greinilega mikilvægari en einhver skot þar sem enginn meiddist.

Hann svaraði í símann, –jólabærinn, hvernig get ég aðstoðað.
–Pierce?

Skilin í tæpa viku og hún var búin að gleyma hvernig rödd hans hljómaði. Honum var reyndar sama. –Þetta er ég. Hvernig er á Kúbu?

–Áhugavert. Hvernig gengur hjá ykkur Jaci?

–Betur en ég bjóst við. Við erum í ávintýraferð. Hann ætlaði ekki að minnast á skotárásina svo Jaci heyrði til.

–Ertu í Texas? spurði Leslie.

–Já, við fengum slæmar fréttir þegar við komum.

–Hvaða fréttir?

–Charlie dó fyrir nokkrum mánuðum en við ætlum að dvelja hérna á búgarðinum hjá Esther og halda jólin með henni.

–Reyndu að halda góð jól fyrir Jaci, Pierce, það er mikilvægt. Við höfum alltaf verið með tré, að vísu ekki alvöru tré. Þau eru svo sóðaleg þegar fjárans barrið festist í gólfteppinu.

–Svona er barr skrýtið.

–Þarftu að gera grín að öllu? Leyfðu mér að heyra í Jaci.

–Augnablik.

–Eitt í viðbót.

–Ég þvæ henni bak við eyrun eins og þú sagðir.

–Haltu henni frá hestunum, það er of hættulegt að fara á bak.

–Ég læt hana ekki gera neitt hættulegt. Hér er Jaci. Hann rétti dóttur sinni símann. –Þetta er mamma þín.

Jaci var svo spennt að hún hoppaði og talaði svo hratt að hann efaðist um að Leslie skildi helminginn af því sem hún sagði.

Pierce hélt áfram að hengja upp lengjur meðan hann hlustaði á Jaci segja frá bakstri, ís, dansandi jólasveinum og jólatré. Það eina sem tengdist skotárásinni var þegar hún sagðist vera með sár á olnbogunum og að Esther hefði sett plástur á hann.

Leslie gat ekki skammað hann fyrir neitt af þessu fyrr en Jaci fór að tala um að hún hefði farið á bak á Dreamer. Jæja, Leslie var á Kúbu og þau Jaci í Texas í ævintýraferð.

–Vel gert, sagði Grace þegar hún kom inn aftur eftir að hafa skoðað það sem Pierce hafði verið að gera. Hún gekk að arninum til að fá hita á afturendann.

–Þú ert rauðnefjuð, sagði Esther. –Er orðið svona kalt úti?

–Nógu kalt til að ég var fljót að skoða ljósin.

–Það er spáð frosti í fyrramálið, sagði Esther, –þið viljið kannski fresta því um einn eða tvo daga að finna jólatré.

–Nei, ekki fresta, mótmælti Jaci og leit upp úr jólалitabókinni... líka af háaloftinu. –Við getum farið í úlpur. Pabbi, þú lofaðir.

–Kúreki má ekki svíkja loforð. Ef þú vilt fá tré þá sækjum við tré. Við verðum bara að klæða okkur eins og það sé allt á kafi í snjó.

Enn eitt á sístækkandi lista yfir það sem Grace líkaði vel hjá Pierce, hann hélt loforð sín við Jaci.

Grace gekk frá arninum og settist í hægindastól. Jaci lokaði

bókinni og klifraði upp í fangið á henni. –Förum út og sjáum hvað húsið er fallett með jólaljósunum á.

–Ég var að því, minnti Grace á. –Þið pabbi ykkar skreyttuð frábærlega vel.

–Hann vann, ég var bara að leika mér.

–Ef allir eru sammála um að finna tré á morgun fer ég bara í úlpuna mína og dríf mig með ykkur, sagði Esther. –Ég bý til stóran brúsa af heitu súkkulaði svo okkur verði hlýtt að innan.

–Hljómar vel, sagði Pierce.

–Ég á sykurlúða, súkkulaði og tekex, sagði Esther, –langar einhvern í kexloku?

–Ég er til, sagði Grace, –ég hef ekki smakkað svona síðan ég var í skátunum.

–Allt í lagi, þið getið hætt að suða. Pierce stóð upp og lyfti höndunum eins og hann væri að gefast upp. –Ég skal fara í úlpu og vera búinn að kveikja eld úti eftir 10 mínútur.

Jaci hoppaði yfir herbergið. –Nammi, við ætlum að bræða sykurlúða.

–Ég skal búa til heitt súkkulaði, sagði Grace.

Pierce var búinn að kveikja eldinn þegar þau komu út í bakgarðinn. Þau grilluðu kexið með súkkulaði og sykurlúðum, borðuðu það og sátu og drukku heitt súkkulaði þegar síminn hjá Pierce hringdi.

Hann leit á skjáinn. –Lögreglustjórinn, ég þarf að svara þessu.

Jaci klifraði upp í kjöltuna á Grace sem reyndi að bæla niður kvíðann sem greip hana yfir því hvaða erindi lögreglustjórinn ætti fyrst hann hringdi núna.

Hún kyssti Jaci á kollinn og faðmaði hana að sér. –Ég held að sumir séu að verða syfjaðir.

–Viltu hjálpa mér að fara í það og lesa sögu fyrir mig?

–Auðvitað.

Þetta fullkomna kvöld var að taka enda snögglega. Grace horfði á Pierce og sá, þó að eina birtan væri frá eldinum, að fréttirnar sem lögreglustjórinn færði honum voru ekki góðar.

–Konan sem þú varst með í dag er ekki sú sem hún segist vera. Mér datt í hug að þið Esther vilduð vita af því.

11. kafli

Pierce hafði vitað alveg frá upphafi að Grace bjó yfir leyndarmálum og var hrædd við eitthvað þannig að hún gat ekki verið hún sjálf. Hann var ekki hissa þegar hann heyrði að kennitalan sem hún hafði gefið lögreglustjóranum upp væri fölsuð. Hún tilheyrði konu sem hafði dáið fyrir 10 árum.

Hann trúði því ekki að hún hefði framið svo skelfilegan glæp að hún yrði að flýja og láta sig hverfa með því að taka sér nýtt nafn. Hann hafði séð illskuna í augum fólks oft en einu sinni en sá ekkert nema gæsku í augum Grace.

Eða hafði hann fallið svo flatur fyrir henni að hann sá ekki lengra en testósterónið leyfði? Gat verið að hann stofnaði dóttur sinni og Esther í hættu af því að hann var að verða ástfanginn af Grace?

Hann starði í glæður eldsins, var orðið svo kalt að hann var allur dofinn. Hin höfðu farið inn fyrir klukkutíma síðan.

Jack hafði viljað að Grace... ekki hann... hjálpaði henni í það og að háttá sig. Hún hafði tengst Grace um leið, alveg eins og Esther hafði gert. Gátu þau öll haft á röngu að standa um hana?

Þegar síðustu glæðurnar urðu að ösku greip hann slöngu og

sprautaði á eldinn þangað til engin hættu var á að vindurinn næði að koma lífi í glæðurnar aftur.

Það var ljós í eldhúsinu en hann bjóst við að allir væru komnir í háttinn þegar hann kom inn. Esther sat við borðið og maulaði smáköku.

–Þú hefur loks ákveðið að koma inn.

–Ég þurfti að hugsa um ýmislegt.

–Ég tók eftir því. Hvað sagði lögreglustjórinn sem var svona slæmt?

–Var það greinilegt?

–Fyrir mér, ég er viss um að Grace hefur séð það líka.

Fyrstu viðbrögðin voru að segja Esther eins og var en hann varð að ræða málið fyrst við Grace. Hún átti það inni hjá honum. Hann þurfti samt að spyrja Esther að svolitlu.

–Ég frétti það í dag að Dudley Miles, vinur Charlie, væri í fangelsi.

–Það passar. Charlie lifði allavega ekki til að sjá það. Hann hafði svo mikið álit á Dudley. Það hefði farið með hann að sjá vin sinn viðurkenna fyrir réttinum það sem hann gerði við aumingja drenginn.

Pierce dró fram eldhússtól og settist öfugt á hann. –Hvað gerði Dudley?

–Hann var einn heima með fjögurra ára gömlum dóttursyni sínum, Kyle, fékk sér nokkur glös af áfengi og sofnaði, eða dó áfengisdauða eins og saksóknarinn orðaði það. Drengurinn klifraði víst upp á eldhúsbekkinn og datt svo ofan af honum og lenti á höfðinu. Hann var dáiinn þegar Dudley kom að honum.

–Aumingja maðurinn og aumingja drengurinn. Var þetta sonur Angelu?

–Já, manstu eftir henni?

–Hún var tveimur árum á eftir mér í skólanum en ég man að

hún var spillt af eftirlæti og hundleiðinleg. Svona ábyrgðarleysi er miklu líkara henni en Dudley.

–Einmitt það sem Charlie sagði áður en hann var myrtur. Hann var sannfærður um að Dudley væri alsaklaus.

–Gerðist þetta allt saman fyrir nokkrum mánuðum síðan?

–Já, Dudley játaði allt innan við tveimur vikum eftir að Charlie dó, játaði að hann hefði ekki litið nógu vel eftir drengnum og meira til.

–Meira til?

–Hann fór með líkið af drengnum og gróf það í skóginum. Það fannst ekki fyrr en eftir tæpan mánuð og Angela hélt að drengnum hefði verið rænt. Þú getur ímyndað þér örvæntingu hennar og mömmu hennar. Allan tímann lét Dudley eins og hann væri að leita að týnda drengnum.

–Það er ekkert vit í þessu. Þetta var slys, af hverju losaði hann sig við líkið?

–Það var margfarið yfir það við réttarhöldin. Saksóknarinn hélt því fram að Dudley hefði verið hræddur við að játa þetta fyrir fjölskyldu sinni og að verða ákærður eftir að aðgæsluleysi hans olli dauða drengsins. En Svo játaði Dudley allt og ég held að hann hljóti að hafa orðið vitstola fyrst eftir að hann fann dótturson sinn dáinn.

–Það er samt ekkert vit í þessu, nema að drengurinn hafi ekki dáið á þennan hátt.

Esther þerraði augun með servíettu. –Stundum held ég að Millie hafi það ennþá verra en ég. Hún missti dótturson sinn og eiginmaðurinn er í fangelsi. Hún á þó allavega dóttur. Ég á engan að.

Pierce lagði höndina á hönd hennar. –Þú ert ekki ein, Esther. Ég er ekki alltaf hjá þér en ég lofa að hafa reglulegt samband við þig héðan í frá.

–Ég er þakklát fyrir það en þið strákarnir lifið ykkar eigin lífi. Það kemur mér ekkert við en það verða gríðarleg mistök hjá þér ef þú sleppir Grace Addison frá þér.

–Það er kannski ekki mitt að ráða því.

–Jú víst, ég sé hvernig hún horfir á þig og hvernig þú horfir á hana. Frá mínum bæjardyrum séð er greinlegt að þið eruð vitlaus hvort í annað. Konur sjá þetta alltaf.

Þó að hún hefði rétt fyrir sér var það engin trygging fyrir því að hann gæti átt val. Hann fylgdi Esther að svefnherberginu hennar.

Pierce vissi að hann gæti ekki sofnað strax svo hann læddist inn ganginn og stoppaði fyrir framan lokaða herbergishurðina hjá Grace.

Hann hefði svo gjarnan viljað fara inn, vekja hana og biðja um að fá að heyra sannleikann.

Nei, hann langaði mest til að skríða upp í rúmið og halda henni þétt upp við sig. Hann verkjaði af löngun eftir að njóta ásta með henni.

Það skipti engu hvað hún hafði gert, hann þráði hana svo heitt að hann fann það í hverri frumu líkamans.

Hann sneri sér við og gekk burtu. Ef þau áttu að eiga eitt-hvert tækifæri var það undir henni komið. Hún varð að treysta honum nógu vel til að segja honum sannleikann.

Herbergið var dimmt en ekki mannlaut. Hún heyrði andardrátt og fótatak sem nálgaðist. Blóðrauð augu störfu á hana og hönd lagðist yfir hálsinn á henni.

–Héltu að þú kæmist undan eftir að hafa eyðilaggt allt fyrir mér, Grace? Héltu að ég léti þig ekki gjalda þess?

Hún var lömuð af ótta. Þetta gat ekki verið rétt. Tom var í fangelsi, hún var föst í martröð. Hún reyndi að öskra en hönd

hans á hálsinum á henni lokaði fyrir öndunarveginn og kæfði öll hljóð.

Hún heyrði lágværan en tryllingslegan hlátur, hann færði andlitið nær henni. Áfengislyktin var kæfandi og hana svimaði eins og hún væri sú sem var drukkin.

Fingur lausu handarinnar struku niður á milli brjóstanna og klipu svo fast um aðra geirvörtuna að hún kveinkaði sér af sársauka.

—Ég saknaði þín svo mikið fallega hórán mín. Manstu ekki hvað við skemmtum okkur vel, elskan? Fyrst þegar þú varst svo vitlaus í mig að þú gast ekki látið mig í friði. Hann settist klofvega yfir hana, hélt henni niðri með þyngd sinni.

Hann ætlaði að nauðga henni aftur, það yrði sárt, auðmýkjandi, eins og hann hafði gert ótal sinnum eftir að hann gafst upp á að misþyrma henni. Henni varð óglatt en var alveg sama, hún væri alveg til í að kasta upp yfir andlitið á honum.

Hann tók höndina af hálsinum á henni. Það var sárt að anda en loftið komst þó inn í lungun. Hann setti hendurnar á henni upp fyrir höfuðið og ýtti þeim fast niður í rúmið.

Hún sá greinilega framan í hann núna en hann var ekkert líkur Tom eins og hún mundi eftir honum, augun og óeðlilegt glottið gerðu hann líkari djöfli.

—Kynlífið var miklu betra eftir að þú snerist gegn mér, leikirnir sem við lékum voru miklu fjölbreyttari eftir að þú ákvaðst að þú værir of góð fyrir mig.

—Ég var of góð fyrir þig, ég er of góð fyrir þig. Þú ert viðbjóðslegur morðingi. Þú drepur fólk með köldu blóði.

Bara þá sem eiga það skilið, þá sem svíkja mig eins og þú gerðir.

—Þú myrtir afa minn. Hann var hjálparvana, gamall maður í hjólastól og þú skaust hann heima hjá sér eins og hann væri

óður hundur. Hann gerði þér aldrei neitt, hann var aldrei vondur við neinn.

–Þú getur bara sjálfri þér um kennt, Grace. Ég lifi samkvæmt lögmáli, einfaldri reglu sem þjónar mér vel. Ef þú svikur mig færð þú og allir sem þú elskar að gjalda fyrir það. En við skulum ekki eyða tímanum í að tala um fortíðina, við þurfum að ræða svo margt nýtt.

Hann losaði takið um hægri hönd hennar nógu lengi til að hún gæti losað hana. Hún klóraði hann í framan, neglurnar grófust inn í hörundið. Hann sló hana fast í andlitið.

Henni tókst að grípa um lampann á náttborðinu en Tom reif hann af henni og grýtti honum yfir herbergið.

Hann dró hana fram úr rúminu, hún datt á gólfíð og hann steig ofan á bringuna á henni, dró hana svo upp á hárinu.

–Þú klipptir á þér hárið, ég sagði þér að klippa það aldrei. Þú gerðir það fyrir hann, er það ekki?

–Ég veit ekki um hvað þú ert að tala.

–Auðvitað veistu það. Ég er að tala um elskhuga þinn sem þú heldur að eigi eftir að bjarga þér. Stór og sterkur kúreki sem grátbað mig um að þyrma sér áður en hann dó, alveg eins og afi þinn gerði. Eins og þú gerir þegar þinn tími kemur.

Nei. Þetta var martröð. Ef hún væri nógu sterk að berjast myndi hún vakna og þá yrði hún í rúminu sínu í Tennessee.

Nei, ekki í Tennessee, hún var í Texas.

Hún reyndi að flýja, fótleggirnir neituðu að hreyfast. Vaknaðu. Hún varð að vakna.

Hún gat það ekki. Þetta var of raunverulegt. Tom dró hana á hárinu yfir gólfíð og hún hafði ekkert þrek til að berjast á móti.

–Segðu mér hvers þú saknar mest varðandi mig, Grace. Heitt vax að leka á geirvörtunum á þér? Eða líkin á fallega heimilinu okkar í morgunsárið?

–Þetta var fyrir löngu síðan. Gerðu það, slepptu mér, leyfðu mér að eiga mitt líf.

–Það var rétt, grátbændu mig. Ég elska það þegar þú vælir og suðar. Þú getur fengið þetta líf, þú ert dauð fyrir mér, en fyrst er það þetta óvænta.

Tom opnaði dyr. –Hérna er líf þitt, Grace. Opnaðu augun og sjáðu allar gjafirnar sem ég kom með handa þér.

Hún opnaði augun, var hrædd við að horfa en ennþá hræddari við að gera það ekki. Þrjú lík lágu á gólfinu, á grúfu, ekkert yfir þeim nema rifin rúmföt.

Tom sparkaði í fyrsta líkið sem valt á bakið. Grace starði í brostin augun. Nei, það gat ekki verið. –Hún var bara lítil stúlka.

–Þú þekktir regluna en þú braust hana.

Hjartað í henni sló svo hratt að henni fannst það vera á leiðinni út úr brjóstinu.

Loksins náðu öskrin að rífa sig laus úr hálsinum.

–Dreptu mig Tom, auminginn þinn, og svo sjálfan þig. Skrattinn er orðinn leiður á að bíða eftir sál þinni.

Hlátur hans var það síðasta sem hún heyrði áður en hún fann að hjartað sprakk.

12. kafli

Pierce vaknaði við nístandi óp. Hann galopnaði augun og settist snögg upp. Hugurinn hringsnerist, reyndi að einbeita sér að sterkri tilfinningunni innra með sér. Óp? Eða höfðu draumarnir snúist um bardaga?

Ópin heyrðust aftur, nístandi og hrollvekjandi, eins og hjartað hefði verið rífið úr einhverjum.

Ekki Jaci, hún var í næsta herbergi.

Grace!

Hann stökk nakinn fram úr rúminu, greip gallabuxurnar sínar og tróð sér í þær en sóaði ekki tímanum í að renna lásnum upp. Hann heyrði fótatak Esther á eftir sér þegar hann hljóp eftir ganginum.

—Ég sé um þetta, kallaði hann án þess að hægja á sér eða líta við. —Viltu athuga um Jaci, ég vil ekki að hún sé ein og hrædd ef hún hefur vaknað við öskrin. Hann ruddist inn til Grace og fylltist skelfingu þegar hann sá rúmið hennar.

Sængin lá á gólfinu, rúmfötin í kuðli svo hann sá í dýnuna. Postulínsbrot úr lampa lágu á víð og dreif.

Loks sá hann Grace. Hún lá í fósturstellingu á gólfinu í innsta horninu á herberginu. Augun voru lokuð. Hún hreyfði sig ekki. Hjartað sló tryllingslega í brjóstinu þegar hann ruddist yfir herbergið og kraup niður til að athuga púlsinn hjá henni.

Hann var sterkur. Hann átti erfitt með andardrátt því honum létti svo mikið. Hann lagði höndina á ennið á henni, hún opnaði augun og tárin runnu úr augnkrókunum og niður vangana.

—Hvað gerðist hérna? spurði hann.

Grace dró sig upp í sitjandi stöðu en hallaði sér að veggnum til að styðja sig. —Ég fékk martröð.

—Hlýtur að hafa verið alvörumartröð.

Grace kinkaði kalli en sagði ekkert meira. Hún var sjálfsagt ennþá í áfalli, hann líka. Herbergið var eins og atriði í hryllingsmynd, eftir að brjálæðingurinn kemur í heimsókn.

Pierce fór inn á baðherbergið og bleytti þvottapoka. Þegar hann kom aftur var hún aðeins meira með á nótunum og starði á blóðugar rendur eftir klór á höndum og handleggjum.

–Ég hef aldrei áður klórað mig svo að það blæddi úr þó að ég fái martröð, sagði hún.

–Þetta hefur sennilega gerst þegar þú braust lampann á hausnum á einhverjum.

–Ég man ekki eftir að hafa gert það.

Hann renndi buxunum að sér og fór til hennar, þerraði andlitið á henni með svölum þvottapokanum og þvoði svo storknað blóðið af höndunum. –Manstu eftir öðru í martröðinni? spurði hann.

–Því versta. Hún reyndi að standa en ríðaði og var næstum dottin. Pierce greip hana. Þetta hafði ekki verið nein venjuleg martröð og hafði greinilega ennþá tök á henni.

Hann tók hana í fangið og bar hana yfir í ruggustólinn við gluggann. Náttkjóllinn var rakur, hörundið þvalt.

Hann settist, hélt henni þétt að sér og vaggaði henni eins og barni. Hann vissi lítið um sálfræði en hafði séð það með eigin augum á vígvellinum hvaða áhrif það hafði á fólk að lifa í stöðugum ótta og í sífelldri hættu.

Pierce var orðinn sannfærður um að Grace væri á flóttu, væri hrædd við eitthvað. Hræðslan hafði sprottið fram úr undirmeðvitundinni áðan. Hún gat ekki haldið svona áfram og hann varð að finna leið til að hún sæi það.

–Ég er héra Grace, sagði hann lágt, vonaði að tóntegundin væri róandi. –Martröðin var bara martröð. Hún getur ekki gert þér neitt. Ég læt ekkert gera þér mein. Ekki í kvöld. Aldrei.

Um leið og hann sleppti orðunum vissi hann að þetta voru ekki bara innantóm loforð. Þegar hann heyrði hana öskra og kom síðan að henni stjarfri af hræðslu fóru tilfinningarnar á nýtt stig og þaðan var ekki hægt að snúa til baka.

Þetta var ekki bara líkamlegt, hann elskaði hana. Það var

kannski ekkert vit í því en það var samt þannig. Hann myndi gera hvað sem var til að hjálpa henni að flýja undan því sem hún var á flótta frá en það gat hann ekki gert nema hún leyfði honum það.

–Viltu tala um martröðina?

–Það hjálpar ekkert.

Hún var að loka á hann en hann ætlaði ekki að leyfa henni það núna. Líf hennar gat verið í hættu.

–Hefur þú fengið þessa martröð áður?

–Allt of oft. Hún leit í kringum sig. –Ég hef aldrei lagt allt í rúst fyrir en núna.

–Kannski er martröðin að reyna að segja þér eitthvað.

–Hún gerði það, skýrt og greinilega og mér er ennþá óglatt. Hún fór úr fanginu á honum, gekk að rúminu og hallaði sér að fótagafflinum.

–Það er tímabært að fara svo þú, Jaci og Esther getið haldið upp á jólin eins og fjölskylda, án mín og minna vandamála.

–Við hræðum þig ekki, Grace, þú færð ekki martröð út af okkur. Ég veit ekki hvað kom fyrir þig en ég veit að ef þú tekur ekki á því hættir martröðin aldrei.

–Þú veist ekki hverju ég stend frammi fyrir, Pierce. Þú ert sterkur og hugrakkur, góður maður og ég veit að þú vilt hjálpa mér en ef þú vissir sannleikann myndir þú pakka niður fyrir mig á stundinni.

Hann gekk til hennar og tók um báðar hendur hennar. –Próf-aðu.

–Gerðu það, láttu kyrrt liggja.

–Þú veist að ég get það ekki.

–Af því að þú ert fyrirverandi hermaður?

–Af því að mér þykir vænt um þig, mjög vænt og miðað við kossana þína held ég að þér þyki líka vænt um mig.

–Mér finnst vænt um þig, Jaci og Esther, þess vegna get ég ekki dregið ykkur inn í þessa martröð.

–Þú ert ekki að því, ég er að biðja um að fá að taka þátt.

–Þú sérð eftir því.

–Allt í lagi, segðu mér hvað hræðir þig svona og ég læt þig vita ef ég vil ekki vera með.

–Þú gefst ekki upp, er það?

–Nei.

–Allt í lagi, þú baðst um það, en fyrst þarf ég í sturtu.

–Ég skal þvo þér um bakið.

–Við skulum geyma það þangað til þú veist út í hvað þú ert að fara.

Hann gat sætt sig við það. Hann dauðlangaði að kyssa hana en tímasetningin var ekki alveg sú rétta. Þetta snerist um miklu meira en augnabliksástríðu og hann hafði á tilfinningunni að líf hans væri við það að breytast.

Hann vissi bara ekki hvaða stefnu það tæki.

Grace var tilfinningalegt flak þegar hún kom úr sturtunni. Martröðin vildi ekki sleppa tókunum.

Öll dáin. Eins og mantra úr hræðilegri fortíðinni, þráður sem hafði bergmálaði í huga hennar og sál undanfarin sex ár.

En svo var það Pierce, maður sem hafði að bjóða allt sem hjarta hennar þráði. Hún hafði lofað að segja honum eins og var og ætlaði að gera það, hún skuldaði honum það.

Hún þurrkaði sér og fór í hreinan náttkjól og bleikar bómullarnærbuxur, ekki mjög kynþokkafull föt en hún var alltaf mjög meðvituð um kynferðislegar freistingar þegar hún var nálægt Pierce. Í kvöld var þó hryllingur fortíðarinnar sterkari.

Hún fór inn í herbergið aftur og sá að Pierce hafði búið um

rúmið aftur en dregið báðar sængurnar neðar í rúmið og hlaðið koddunum við höfðagaflinn.

Hún hafði reiknað með að hann sæti í stól meðan þau töluðu saman. Það yrði ennþá erfiðara fyrir hana ef þau sætu bæði í rúminu en þegar Pierce vissi alla söguna myndu straumarnir á milli þeirra verða ískaldir.

Hann yrði ekki lengur hrifinn af henni. Hún færi.

–Það er ennþá tími til að leggja á flóttu, sagði hún.

–Kemur ekki til mála en ég var samt farinn að halda að þú hefðir klifrað út um baðherbergisgluggann og flúið.

–Það hvarflaði að mér.

–Ég myndi bara elta þig.

–Mér datt það í hug. Takk fyrir að laga til.

–Það var ekki erfitt.

Hún gekk að rúminu og skreið upp í það, settist upp við koddana og dró sængina upp að hjám. Pierce fór uppí við hliðina á henni.

Það var ekki hægt að byrja annars staðar en á mistökunum sem höfðu endað þannig að líf hennar var í upplausn.

–Ég heiti Grace en eftirnafnið er Lacoste, ekki Addison. –Ég var gift hinum alræmda Tom Lacoste um tíma.

–Nafnið er kunnuglegt.

–Wilbert Lacoste var pabbi hans, hann var helsti eiturlyfjabaróninn í New Orleans á síðasta áratug.

–Þegar þú nefnir það rifjast eitthvað upp. Var það ekki háskólanemi sem felldi alla fjölskylduna?

–Það passar.

–Bíddu við, varst það þú? Er það þess vegna sem þú ert á flóttu?

–Ég var ekki í skólanum lengur þegar ég bar vitni en ég var það þegar ég giftist Tom.

Hann seildist í hönd hennar en hún dró hana að sér. –Sagan er miklu lengri. Ef þú sýnir mér einhverja samúð kemst ég kannski aldrei í gegnum hana.

Einhverra hluta vegna, þegar hún var búin að segja frá byrjuninni, í fyrsta skipti síðan réttarhöldin voru haldin, þurfti hún að geta sagt frá öllum viðbjóðinum.

Pierce setti hendurnar aftur fyrir höfuðið. –Ég skal geri mitt besta.

–Samþykkt. Ég ætla að byrja á byrjuninni, þú nærð kannski að átta þig betur á þessu öllu en ég gerði.

Þetta var erfitt en hún reyndi að hugsa til baka, þangað til áður en hún bauð heillandi, auðugan, völdugan og kaldrifjaðan morðingja velkominn inn í líf sitt.

–Ég ólst upp í litlum bæ, Deecatur í Mississippi. Ég man ekki eftir mömmu, hún dó af of stórum eiturlyfjaskammti þegar ég var tveggja ára, það enginn faðir nefndur á fæðingarvottorðinu mínu svo afi og amma ólu mig upp. Indælasta fólk sem til var. Mjög lík Esther.

–Eru þau enn á lífi?

Grace klemmdi augun aftur til að halda aftur af tárunum, blikkaði svo ótt og títt þegar fortíðin dró hana dýpra.

–Amma dó úr krabbameini þegar ég var á öðru ári í framhaldsskóla, rétt eftir að ég fékk skólstyrk í háskóla í New Orleans af því að ég var góður námsmaður.

–Þú hefur þá verið gáfnaljós.

–Frekar barnaleg og hafði enga reynslu af borgarlífinu. Ég syrgði ömmu ennþá þegar ég fór í skólann. Innan tveggja vikna var ég komin í kynni við skemmtanalífið á háskólasvæðinu.

–Og þar hefur þú eflaust rekist á Tom.

–Einmitt en hann kom mér til bjargar það kvöldið. Hann

sagðist hafa séð einn af félögum mínum lauma dufti í glasið mitt. Hann lét henda honum út og fór svo að reyna við mig. Ég var svo barnaleg að ég trúði honum en ekki bara það, ég féll fyrir þessum fagaða og heillandi eldri manni.

–Hversu mikið eldri?

–Ég var 18, hann 32. Ég held að hann hafði orðið ástfanginn af mér líka, á sinn hátt. Við giftum okkur innan við mánuði seinna í kapellu í Las Vegas.

–Og hafðir þú enga hugmynd um hvað hann fékkst við?

–Nei, mér datt það aldrei í hug. Ég vissi að fjölskyldan var mjög auðug og fannst svolítið skrytið að enginn talaði um vinnuna sína. Ég hefði aldrei gifst kaldrifjuðum morðingja ef mig hefði grunað þetta.

–Hvenær komstu að því hvernig hann var í raun og veru?

–Mánuði eftir að við komum heim úr brúðkaupsferðinni til Ítalíu. Þá var ég ennþá ástfangnari af honum en áður og mig langaði að sækja afa svo hann gæti hitt fjölskylduna en Tom sló því sífellt á frest. Ég fór þá að heimsækja afa til að segja honum að ég væri gift og að hætta í háskólanum.

–Hvernig gekk það?

–Ekki vel, ég sá að hann hafði miklar áhyggjur af mér en ég hélt að það væri bara af því að ég ætlaði að hætta í skólanum. Ég fór frá Mississippi tveimur dögum á undan áætlun til að snúa aftur í nýju tilveruna mína, til Tom. Það var í síðasta skiptið sem ég sá afa á lífi.

Pierce dró hana að sér, líkami hennar skalf. Núna færði hún sig ekki frá.

–Þú þarft ekki að segja meira núna, við getum lokið þessum samræðum í fyrramálið eftir að þú ert búin að sofa og hvíla þig eftir martröðina.

–Nei, ég verð að komast í gegnum þetta núna.

Hún sagði honum frá því þegar dyrabjallan hringdi um miðja nótt. Tom skipaði henni að bíða í svefnherberginu þangað til hann kæmi aftur, alveg sama hvað hún heyrði. Hún hafði heyrt háværar reiðilegar raddir, fleira fólk kom inn, svo byssuskot. Hún hafði öskrað og hlaupið þangað sem mennirnir höfðu safnast saman.

Blóðpollur á gólfinu á skrifstofunni hjá Tom, tveir menn látnir eftir skot í höfuðið. Tom skipaði henni að halda sig fjarri. Hún stóð í hnipri úti í horni og horfði á þegar hann tók upp byssu og skaut besta vin sinn í höfuðið.

Hún var orðin ódamála þegar hún sagði frá því að hún hefði hóttað að fara til lögreglunnar, að hann hefði lokað hana inni í svefnherbergi í margar vikur, nauðgað henni og misþyrmt þannig að henni varð ennþá óglatt við að segja frá því. Hún hafði breyst úr eiginkonu í innilokaðan kynlífsþræl.

Pierce blótaði hraustlega. –Fyrirgefðu, ég gat ekki haldið þessu inni lengur. Ef ég næ í Tom Lacoste þá drep ég hann, ég sver það. En eru þau ekki ennþá í fangelsi?

–Jú og vonandi verður hann þar þangað til hann deyr. Það þýðir ekki að hann sé ekki með skósveina utan fangelsisins sem gera það sem hann segir þeim.

Pierce losaði takið um hana, stóð upp og fór að ganga um gólf. –Hvað hefur þú lifað lengi í ótta? Sex ár? Sjö?

–Tæp sex ár. Ég var í verndargæslu meðan réttarhöldin stóðu yfir og fyrstu tvö árin eftir að Tom fór í fangelsi. Það var ennþá verið að rétta yfir öðrum í fjölskyldunni. Ég hef verið ein á flóttá síðan. Treyst á fölsuð skilríki, forðast nán sambönd. Mér datt í hug að fara í lýtaaðgerð til að breyta nefinu og hökunni en hafði ekki efni á því.

–Af hverju fyrstu þaðan sem þú varst áður en þú komst hingað?

–Aðallega út af innsæinu, viðurkenndi hún. –Ég vann á bókasafni í litlum fjallabæ í Tennessee, rakst á ókunnugan mann nokkrum sinnum og það var eitthvað við það hvernig hann starði á mig sem gerði mig taugaóstyrka. Það sem gerði útslagið var þegar hann kom inn á bókasafnið þar sem ég vann og ég stóð hann að því að taka myndir af mér á símann sinn.

–Ég trúi því vel að allir menn sem þú hittir fylgi þér eftir og vilji fá mynd af þér en ég skil af hverju þú varst tortrygginn, miðað við aðstæður. Skothríðin í Winding Creek hlýtur að hafa gert þig dauðhrædda.

–Það hjálpaði ekki til en þess vegna get ég ekki dvalið hér og eytt jólunum með ykkur. Ég stofna ykkur öllum í hættu með því að vera hérna. Lacostefjölskyldan myrðir ekki bara þá sem hún telur að hafi svikið sig heldur vini þeirra og fjölskyldumeðlimi líka, eins og hún myrti afa minn.

Pierce sneri sér við og starði á hana. –Ætlar þú að fara til að vernda okkur?

–Já, það er skynsamlegt.

–Þetta er rugl. Þú getur ekki flúið undan þessum brjálæðingi allt þitt líf. Þú hefur fengið að gjalda fyrir þetta og átt skilið að lifa raunverulegu lífi þar sem þú þarft ekki að refsast sjálfri þér fyrir að gera það sem rétt er.

Þetta hafði hún verið hrædd um. Að hann myndi vilja bjarga henni en ekki reka hana á dyr.

Pierce gekk að rúminu aftur og settist á rúmstokkinn hennar megin.

–Hlustaðu elskan, þú ferð ekki fet, allavega ekki út af hræðslu við glæpamann í fangelsi. Ég get fullvissað þig um að ég hef glímt við meiri mann en hann.

–En það er ekki bara þú sem þarf að hugsa um, Pierce. Líka Esther og Jaci.

–Ég er að hugsa um þær en það þýðir ekki að ég ætli að kasta þér fyrir ljónin. Fjölskyldur standa saman.

–Ég er ekki í fjölskyldunni.

–Gefðu mér tíma, ég er að vinna í því. Það er orðið áliðið og þú þarft að sofa. Við tölum betur um þetta á morgun en ekki reyna að gera neitt heimskulegt eins og að leggja á flóttu aftur. Ef þú gerir það hef ég upp á þér.

–Hvaða vit er í því að ég verði kyrr hér?

–Af því að við ætlum að halda bestustu jólin, sagði Pierce, hermdi að gamni sínu eftir Jaci en hljómaði eins og honum væri full alvara, –og af því að ég skulda þér reiðtíma.

Hann hallaði sér yfir hana og kyssti hana, blíðlegri og mildari kossi en áður. Svo fór hann að hinni hlið rúmsins og lagðist við hliðina á henni.

–Hafðu ekki áhyggjur, Grace, ég ætla ekki að draga þig á tál-ar. Þegar við elskumst í fyrsta skipti vil ég að það verði svo sérstakt að við munum það alla ævina. Núna ætla ég bara að liggja hérna þangað til þú sofnar. Það er kominn tími til að þessar martraðir þínar hypji sig.

–Þú ert dásamlegur maður, Pierce Lawrence.

–Þú ert ekki búin að sjá neitt til mín ennþá.

Pierce vaknaði við sólarupprás við ánægjulegan þrýsting í nár-anum. Það tók hann enga stund að átta sig á ástæðunni. Grace hafði lagt fótlegginn yfir fótlegginn á honum og silkimjúka brúna hárið á öxlinni á honum tilheyrði henni líka.

Hann hafði vitað að það yrði hættulegt þegar hann fór úr gallabuxunum um nóttina en það kom mest á óvart að hann skyldi hafa náð að sofna svona nálægt Grace.

Óvelkomin stinningin jókst ennþá meira. Ef hann færi ekki á fætur núna gæti líkaminn tekið völdin af hugarum.

Hann barðist við kynhvötina, færði sig frá Grace eins varlega og hann gat, stoppaði og hélt niðri í sér andanum þegar hún hreyfði sig. Augun opnuðust ekki og andardrátturinn varð aftur eins og áður meðan hún svaf. Hún hlaut að vera uppgefin eftir kvöldið áður.

Skelfileg frásögnin rifjaðist upp aftur í smáatriðum meðan hann klæddi sig í gallabuxurnar aftur. Tilhugsunin um að skrímslið, maðurinn hennar, hefði nauðgað henni og pyntað fyllti Pierce af bræði.

Fangelsi var of gott fyrir þennan brjálæðing. Hægur sársaukafullur dauðdagi líka en Grace myndi finnast hún öruggari á eftir. Ef Pierce dræpi manninn sjálfur fannst honum það fullkomlega réttlætanlegt.

Pierce stoppaði við dyrnar og horfði á Grace. Hún var falleg bæði að utan sem innan. Tengslin við Esther og Jaci sönnuðu það.

Pierce vissi ekki alveg hvernig hann átti að taka á þessu en vissi að hann myndi láta lífið fyrir hana, ef þess þyrfti, svo hún væri örugg en vonaði að það kæmi ekki til þess. Hann ætlaði sér að eyða öllum sínum ævidögum með henni. Og nóttunum? Það yrði dýrðlegt.

Hann þyrfti bara að sannfæra hana um það.

Hann læddist gegnum húsið, reyndi að vekja engan. Hellti á kaffi, fór með bolla með sér inn í herbergi og kveikti á tölvunni. Nokkrum sekúndum síðar var Google búið að finna endalausar upplýsingar um Tom Lacoste.

Hann smellti á fyrstu fyrirsögnina, leið eins og hann hefði verið kýldur í magann. Óskin um að hitta Tom augliti til auglitis gæti ræst.

13. kafli

Tom Lacoste, meðlimur í hinni grimmu Lacostefjölskyldu sem stjórnaði ólöglegum eiturlyfjamarkaði New Orleans í mörg ár, verður látinn laus úr fangelsi. Hann var sakfelldur fyrir sjö mismunandi ákæru, fyrir morð af fyrstu gráðu og fyrir að hafa haldið eiginkonu sinni innilokaðri og misþyrmt henni. Lacoste fékk að vita það í dag að lífstíðarfangelsisdómnunum hefði verið hnekk.

Skipun um að láta hann lausan barst eftir að Wallerton dómari komst að þeirri niðurstöðu að sannanir sem voru notaðar í réttarhöldunum hefði verið fengnar án tilskilinna heimilda.

–Mannfjandinn!

Pierce kýldi með krepptum hnefa í borðið. Þvílík della. Hann tautaði nokkur blótsyrði sem hann gat ekki haldið aftur af.

Hvernig gat þetta hafa gerst? Vitnisburður Grace hefði einn og sér átt að nægja til að halda manninum í fangelsi þangað til hann tæki síðustu andköfin.

Pierce athugaði dagsetninguna á greininni, átta daga gömul. Það þýddi að Tom hafði verið frjáls í viku.

Hann hefði svo gjarnan vilja halda þessu leyndu fyrir Grace þangað til hann væri búinn að athuga nokkur atriði, til dæmis hvar Tom var staddur núna og hvort það væri fylgst með honum.

Það væri ekki góð ákvörðun að halda einhverju leyndu fyrir Grace á þessu stigi málsins. Hún hafði loks treyst honum nóg til að segja frá öllu og hann vildi ekki missa traust hennar.

Hann ætlaði að segja henni frá þessu strax og þau kæmu

heim frá því að leita að fullkomnu jólatré. Það var ekki til neins að eyðileggja þá ferð fyrir henni. Hún hafði misst af því að upplifa svo mörg jól hingað til.

Fyrstu viðbrögð hennar við að komast að því að hennar fyrirverandi væri laus yrðu að leggja á flóttu. Smávægilegt fikt í vélinni á bílnum hennar kæmi í veg fyrir það og Pierce ætlaði að sjá um það strax.

Auðvelda leiðin er alltaf full af jarðsprengjum.

Af hverju datt honum þessi hernaðarfrasi í hug núna?

Jaci stökk niður úr aftursætinu á bíl Pierce og lyfti höndunum. –Þetta hlýtur að vera norðurpóllinn.

–Ég er viss um að við erum ennþá í Texas, sagði Grace sem hafði gaman af æsingnum þó að hún hefði leiðrétt þetta.

–Af hverju eru þá svona mörg jólatré hérna?

–Þetta eru ekki jólatré, sagði Pierce, –heldur sígræn tré sem eru falleg sem jólatré. En þú hefur rétt fyrir þér, þessi tré ættu að vera nálægt verkstæði jólasveinsins.

–Nema að það er enginn snjór, sagði Jaci. –Það er alltaf snjór á norðurpólnum.

–Það snjóar ekki oft á þessum slóðum, sagði Pierce.

–Það snjóar af og til, sagði Esther. –Ég man eftir því ein jólin að þegar við Charlie vöknudum var orðið vetrarlegt útlits. Við lögðum á hestana, Elvis minn og svarta folann hans, og fórum í útreiðartúr í snjónum upp að fossinum í gilinu. Þvílíkur reiðtúr.

–Ef það snjóar um jólin get ég farið á bak á Dreamer, sagði Jaci.

–Ekki treysta á að fá snjó á jólunum, sagði Pierce, –ekki einu sinni jólasveinninn gæti lofað því. En þú getur samt farið á bak á Dreamer.

–Get ég gefið Dreamer jólagjöf?

–En frábær hugmynd, sagði Esther. –Rautt, safaríkt epli væri góð gjöf handa Dreamer sem elskar epli.

–Sjáið, kallaði Jaci, –ég fann tré handa okkur. Hún hljóp að næsta tré og lagði handleggina utan um það, tré sem var allt of hátt og stórt til að komast inn í stofuna hjá Esther.

–Þetta er fallett, sagði Pierce, –en við getum ekki tekið fyrsta tréð sem við sjáum. Við þurfum að gefa okkur góðan tíma og finna fullkomið tré til að hengja silfurskóna á.

Hann tók Jaci á háhest og þau lögðu af stað upp hæð þar sem nokkur tré var að finna.

–Þú hafðir rétt fyrir þér, sagði Grace við Esther, –það er úr nógu að velja. Eigum við að elta þau?

–Farðu á undan, sagði Esther, –gigtin hjá mér versnar í svona veðri. Gigtin og aumi ökklinn samanlagt... ég held að ég ætti að sitja í hitanum í bílnum.

–Ertu viss um að þér sé sama þó að þú sért ein?

–Vina mín, hver einasti blettur á þessum búgarði er heimili mitt. Það verður allt í lagi með mig. Náðu þeim, Pierce og Jaci verða vonsvikin ef þú hjálpar þeim ekki að velja tréð.

Grace flýtti sér á eftir þeim og átti ekki erfitt með að finna þau því Jaci spjallaði og hló glaðlega. Hún var spennt út af jólnum eins og börn voru. Grace vissi að Pierce var ánægður með að hún var að sætta sig við fjarveru mömmu sinnar og varð sífellt nánari honum.

Grace sá samt að góða skapið hjá honum var uppgerð núna. Hún hafði ekki búist við neinu öðru eftir hryllingssöguna kvöldið áður. Hún hafði sagt honum hluti sem hún hafði aldrei sagt neinum öðrum. Sumt af því sem hún sagði honum frá hafði verið svo niðurlægjandi og hryllilegt að hún hafði ekki einu sinni sagt lögfræðingunum sínum frá því.

Hún skildi það alveg ef hann hafði skipt um skoðun og væri farinn að efast um að vilja hafa hana nálægt sér. Hvaða maður myndi vilja það?

Grace hafði ekki heyrt hann fara frá sér um morguninn en hann hafði verið horfinn þegar hún vaknaði. Það sagði ýmislegt að hann skyldi vera svona ákafur í að yfirgefa svefnherbergi konu.

Samt hafði hann endilega viljað að hún kæmi með þeim hingað.

–Þarna ertu, sagði hann þegar hún náði þeim. –Ég var farinn að halda að þú hefðir svikið okkur fyrir heitan bíl.

–Og missa af því að velja heimsins besta jólatré? Heldurðu að ég sé brjáluð eða eitthvað?

–Ég held reyndar að þú sért alveg ágæt. Hann brosti og teygði höndina til hennar. Henni hlýnaði allri og hættulegur straumur fór um líkamann. Bros. Snerting. Hann þurfti ekki að gera meira til að lífga upp á veröldina hjá henni.

Hún var að falla kylliflöt fyrir honum en hvað um hann? Eða hafði játningin kvöldið áður breytt öllu fyrir hann?

Þau gengu þögn þangað til skræk rödd Jaci rauf þögnina. –Pabbi sjáðu, hreindýr? Hún benti á tarf og þrjár hindir sem stóðu stutt frá. Hindirnar hlupu af stað þegar þær heyrðu rödd hennar en tarfurinn stóð kyrr og horfði beint á þau með fallegum brúnum augum. Loks reigði hann hausinn og sneri við og hvarf inn á milli trjána.

–Mig langar í þetta tré, pabbi, tréð sem hreindýrin eru hrifin af. Það er fullkomið fyrir silfurskóna.

–Ég er sammála, sagði Grace og var fegin að þetta var gott tré.

–Hver getur verið ósammála hreindýrum? spurði Pierce.
–Þetta voru samt ekki hreindýr.

–Hvernig veistu?

–Hreindýr líta svolítið öðruvísi út og þau er ekki að finna hér um slóðir.

–Þau líta út eins og dádýr.

–Þau eru dádýr... með hvítan dindil.

Pierce tók Jaci af háhesti og setti hana niður. –Bíðið þið hér svo við týnum ekki trénu og ég fer í bílinn að sækja öxina mína.

–Við ætlum að höggva jólatré, söng Jaci, klappaði saman lófunum og dansaði við eigin gleðitónlist.

Grace var líka full af tónlist en í huganum og hjartanu, hún heyrði fyrir sér lag sem amma hennar var vön að syngja um að vera kominn heim fyrir jólin. Grace hafði gefið upp alla von um að eignast raunverulegt heimili aftur og ennþá síður að geta dvalið á alvöru heimili á jólnum.

Pierce kom nokkrum mínútum síðar og hélt á stórri öxi.

–Færið ykkur fjær, þetta er stórhættulegt verkfæri.

Hann sveiflaði öxinni og hjó í stofninn á trénu, lét hana standa í bolnum meðan hann klæddi sig úr jakkanum og skyrtunni.

–Af hverju ertu að fara úr fötunum? spurði Jaci. –Það er kalt.

–Manni hlýnar fljótt við að sveifla öxinni. Hann tók öxina úr stofninum og sveiflaði henni aftur.

Grace var ekki að höggva en hitastigið hjá henni var komið að hættumörkum. Hún hafði séð Pierce skyrtulausan áður en hún hafði aldrei séð hann hnykla vöðvana eins og núna. Karlmenntan uppmáluð. Löngunin í hann varð sterkari við hverja sveiflu.

En vildi hann hana ennþá?

Það var ekki nema ein leið til að komast að því.

Pierce leiddi Dreamer um hestaréttina, Jaci sat í hnakknum og hélt um taumana eins og hún væri þaulvön.

–Þú lítur vel út ungfrú góð. Ef þú heldur svona áfram getur þú bráðum prófað tunnukappreiðar.

–Hvað er það? spurði Jaci.

–Þú lætur hestinn hlaupa kringum tunnur. Við þurfum að fara með þig á kúrekasýningu, sagði Pierce. –Við getum kannski séð Tucker frænda þinn keppa.

–Jæja. Áfram Dreamer, sagði hún, –við förum of hægt. Hún var greinilega búin að missa áhugann á tunnnum og kúrekasýningum og frænda sem hún þekkti ekki.

Pierce leist vel á þá hugmynd að hitta Tucker og Riley og ætlaði að setja það á áætlun fyrir vorið. Grace myndi líka vel við bræður hans og þeir yrðu strax hrifnir af henni.

–Mér líkar það vel hvernig þú heldur um tauminn, sagði Pierce.

Jaci ljómaði og tók í hattbarðið eins og hún hafði séð hann gera. Þessi litla heilladís var búin að stela hjarta hans.

–Mamma verður svo hissa þegar hún sér að ég kann að ríða á hesti. Hún heldur að hestar séu hættulegir en Dreamer er góður hestur.

Leslie yrði hissa en alls ekki ánægð. Hún hafði gefið Pierce óteljandi skipanir um það sem hann mátti gera og ekki gera meðan hún var í burtu en hann hafði ekki fylgt nema nokkrum af þessum reglum. Ef hann hefði fylgt þeim öllum hefði hann ekki getað skemmt sér neitt með Jaci. Svo fannst honum auðveldara að sinna föðurhlutverkinu en hann hafði búist við. Hann átti Leslie samt margt að þakka, hún hafði alið dásamlegustu stúlku í heimi upp svo til alein.

Hann var auðvitað ekki hlutdrægur.

Hann vissi ekki hvernig samkomulagið um forræðið ætti eftir að reynast en naut þess að hafa Jaci hjá sér. Grace líka. Hann hafði hugsað mikið um þá staðreynd að Tom var laus úr fangelsinu. Þegar allt kom til alls var það sennilega það besta sem gat komið fyrir Grace.

Pierce var að vinna að áætlun til þess að hún þyrfti ekki að vera hrædd lengur.

Hann var ennþá að finnúsa hana en hafði hringt nokkur símtöl, talað við sérfræðing í öryggismálum í San Antonio, við saksóknarann sem hafði flutt málið gegn Tom, vin sinn Andy Malone. Þekktu óvininn. Það var mikilvæg regla á vígvellinum og Pierce var að reyna að komast að eins miklu um Tom og hann gat.

Pierce lagði af stað að hesthúsinu.

–Einu sinni enn pabbi, gerðu það. Ég er ekkert þreytt.

Jaci vissi alveg hvað hún vildi. Pierce vissi líka hvað hann vildi og Grace hafði staðið við hliðið hjá Esther, báðar hvöttu Jaci til dáða.

Hann leit við aftur, Grace var horfin.

Grace var búin að leggja á merina Pansy og stóð hjá henni þegar Pierce kom aftur inn með hnakk á öxlinni. Honum brá fyrst en svo kom strákslega brosið sem fékk hjartað í henni alltaf til að slá hraðar.

–Hvað gerðir þú við Dreamer og Jaci?

–Ég sleppti Dreamer í hagann. Jaci og Esther fóru á bílnum að húsinu.

Hann hallaði undir flatt og nuddaði hökuna. –Hver lagði á hrossið?

–Ég.

–Ég er að tala í alvöru.

–Ég líka. Ég þarf að játa eitt í viðbót, fyrst við erum farin að tala um allt.

–Leyfðu mér að giska, sagði hann og sá greinilega að hún var í skapi til að daðra. –Þú sást hvað ég var klár að höggva jólatréð og vissir þá að þú gætir ekki lifað án mín.

–Þú varst afskaplega karlmannlegur þegar þú sveiflaðir þessari öxi.

–Þetta var ekkert. Hann fór með hnakkinn inn í hnakka-geymsluna og kom strax aftur. –Hver er þá þessi alvarlega játn-ing?

–Ég er mjög góð hestakona. Ég hef farið reglulega á bak síðan ég var 10 ára, þegar foreldrar bestu vinkonu minnar byrjuðu að rækta sýningarhesta.

–Þú hélt þessu leyndu. Af hverju?

–Ég var hrædd um að ef við færum að fara saman í útreiðar-túra myndum við... hún hikaði.

–Eyða meiri tíma saman?

–Eiginlega, viðurkenndi hún.

–Hvað breyttist?

–Ég er ekki lengur hrædd við það þó að mér líki svona vel við þig.

Hann lyfti brúnum spyrjandi.

Hún gekk skrefi nær. –Ég ræð ekki við það.

Hann gekk alveg að henni. Hún fann hitann á milli þeirra þegar hann tók utan um hana. Varir þeirra mættust og hún kíknaði í hnjánnum.

Einn hestanna krafsaði í gólfið og fnæsti, annar hneggjaði. Hún leiddi það hjá sér en það sem hún gat ekki leitt hjá sér var vélarhljóð í bíl.

Hún færði sig treglega frá. –Ég held að við séum að fá félagsskap.

–Bíddu hérna, ég skal skjóta þá, sagði hann glettnislega.

Hann gekk út. Vélarhljóðið þagnaði og hún heyrði raddir, hann kom aftur eftir nokkrar mínútur og Buck með honum.

–Buck kom til að moka hesthúsið. Ég sagði honum að við ætluðum í reiðtúr á Pansy og Rocket. Hann sneri sér að Buck.

–Þú losnar við okkur eftir nokkrar mínútur.

–Gefið ykkur þann tíma sem þið þurfið, sagði Buck. –Ég á eftir að vinna í tvo klukkutíma og þetta er síðasta verkefnið á listanum í dag.

Þau höfðu orðið fyrir truflun í þessum brennheita kossi en það var nógur tími fyrir annan. Grace var til í allt.

Pierce fannst hann aldrei eins frjáls og á hestbaki í víðáttunni á bakinu á fallegum hesti. Dagurinn í dag var eins og hver annar dagur að því leyti en reiðtúr með Grace bætti svo mörgu við tilfinningalega reynslu hans að hann gat ekki einbeitt sér að hestinum eða útsýninu.

Henni hafði verið alvara. Það leyndi sér ekki að hún var þaulreynd hestakona.

Hún hélt alveg í við hann en hikaði ekki við að dragast aftur úr eða fara framúr þegar hana langaði til. Sjálfstæð og engum háð, þrátt fyrir allt það sem Tom Lacoste hafði látið hana þola.

Grace gæti hafa verið eina manneskjan í New Orleans sem hafði kjark og vilja til að bera vitni gegn Tom og fjölskyldu hans. Pierce efaðist ekki um að Tom vildi gjarnan hefna sín grimmilega á henni. Ef hann reyndi það kæmist hann í kynni við jafnoka sinn. Pierce dauðlangaði að lemja Tom í klessu og hafði krafta og þjálfun til þess.

–Ég var búin að gleyma hvað ég nýt þess að vera á hestbaki, sagði Grace. –Ég held að ég gæti gert þetta á hverjum degi allt mitt líf en fengi ekki leið á því.

–Nú ertu farin að hljóma eins og kúrekastelpa.

–Lífið á búgarðinum venst vel, viðurkenndi hún, –nema það að fara á fætur í dögun. Mér finnst að það ætti að venja búpeninginn við að sofa lengur á morgnana.

–Ég er viss um að ef búgarðseigandi þyrfti að fara úr rúminu hjá þér til að sinna þeim yrði hann sammála.

–Ég veit það ekki, þú forðaðir þér ansi snemma frá mér í morgun.

–Ekki af því að mig langaði til þess, ekki halda það. Nóttin var erfið fyrir þig. Ég vildi ekki að þú héldir að ég væri að notfæra mér þig þegar þú varst svona viðkvæm fyrir.

Þau hægðu á hestunum, riðu hlið við hlið en töluðu ekki saman. Það var svo þægilegt að vera með henni. Hann gæti gert svo til hvað sem var hvenær sem var ef hann gerði það með henni.

–Heldur þú að Charlie hafi verið myrtur? spurði Grace.

–Hvaðan kom þetta?

–Ég var bara að hugsa. Það er svo friðsælt hérna en það gæti hver sem er komist inn á landareignina ef hann vill. Ég veit að hún er afgirt en ég klifraði gegnum gaddavírsgirðingu án erfiðleika.

–Og skildir bílinn þinn eftir, minnti Pierce á. –Ef þú þyrftir að vera fljót að forða þér væri ekki gott að vera fótgangandi.

En Grace hafði rétt fyrir sér. Girðingarnar voru til að halda skepnunum inni. Hliðin að búgarðinum voru sjaldan læst. Þú að þau væru læst væri lítið mál að keyra gegnum girðinguna á pallbíl eða stórum bíl og komast óséður inn á landareignina.

Allt saman hlutir til að hafa í huga þegar hann talaði við öryggissérfræðinginn eftir hádegi daginn eftir. Pierce átti ekki von á að Tom birtist en ef svo færi ætlaði Pierce að vera tilbúinn.

Grace benti í austur. –Er þetta stöðuvatn?

–Þetta er manngerð tjörn sem lækur rennur í sem Charlie útbjó svo við strákarnir gætum synt. Talandi um að skemmta sér, prófaðu að sveifla þér yfir vatnið í kaðli og láta þig detta þar sem það er dýpst. Það er að lifa lífinu.

–Það er heldur kalt í dag, sagði Grace, –en ég verð á undan þér að tjörninni.

Hún þaut af stað. Svarti folinn sem hann var á hefði auðveldlega komist framúr Pansy en útsýnið fyrir aftan var of gott til að sleppa því.

Þegar þau voru stigin af baki festi Pierce tauma hestanna við tré þannig að þeir gætu fengið sér vatn. Hestar þurftu að drekka vel þó að það væri kalt í veðri og hann taldi víst að þau yrðu hér einhvern tíma. Þau þurftu að ræða margt.

Pierce sneri sér við. Grace var horfin.

–Hingað, kallaði hún og veifaði, hún stóð við gamlan geymsluskúr sem var að hruni kominn.

–Hvaða hús er þetta? spurði hún?

–Charlie smíðaði þetta til að geyma fóður handa villtum dýrum sem komu að tjörninni til að fá sér að drekka, aðallega korn handa dádýrum, en ég myndi sleppa því að fara þarna inn.

–Heldur þú að hann hrynji á mig?

–Það gæti gerst, svo er hann sjálfsagt fullur af skordýrum og öðrum skepnum, gæti verið greni fyrir dýr.

–Úff, þú ættir að rífa hann.

–Góð hugmynd, set það á sístækkandi lista yfir allt sem þarf að rífa eða gera við á búgarðinum.

Hann gekk að skúrnum og lagði hendurnar á dyrakarmana en útihurðin var horfin. Honum til undrunar hrundi skúrinn ekki.

Hann kíkti inn til að fullvissa sig um að þar væru engin verðmæti.

–Sérðu dýr? spurði Grace sem stóð í öruggri fjarlægð frá þessari lúnu rottugildru.

–Kóngulær.

Hann sá veiðistangir í einu horninu, heygaffal með brotið skaft og ryðgaða öxi upp við vegginn og rifinn strigapoka.

Pierce gekk út aftur og dustaði rykið af sér. Vonandi var ryk það eina sem hafði sest á hann. Ef eitthvað færi að skriða upp buxurnar hans eða hálsinn yrði hann fljótur að rífa sig úr fötum.

–Getum við farið upp að gílinu aftur eða er það of langt í burtu? spurði Grace.

–Við þurfum ekki að fara hratt yfir, getum notið útsýnisins en samt komið nógu snemma heim fyrir kvöldmat.

Þegar þau komu að gílinu var sólin komin í feluleik við dökk ský og þau heyrðu í þrumum í fjarska.

–Þetta var slæm hugmynd, sagði Grace. –Ég hefði átt að skoða veðurspána.

–Það hefði kannski ekki gert neitt gagn. Þrumuveður ganga yfir Texas án mikillar viðvörunar, eins og um kvöldið þegar þú komst. Vonandi gengur þetta hratt yfir.

Grace tók ullarvettlinga upp úr úlpvösunum.

–Það er að dimma og kólna, sagði hún. –Við ættum bara að snúa við núna og fara heim aftur. Mér líst ekkert á að vera úti í þrumuveðri eftir að hafa séð allar eldingarnar og veðrið um kvöldið.

Pierce var alveg sammála og þau sneru við. Það byrjaði að rigna meðan þau voru á leiðinni heim að húsinu og hann sá þung regnský nálgast þau.

–Fylgdu mér, kallaði hann og gaf hestinum merki um að hlaupa á fullri ferð að næsta skjóli. Þegar þau komu að því var orðið ennþá kaldara og farið að hellirigna.

Pierce hjálpaði Grace af baki og sagði henni að hlaupa inn í litlu heyhlöðuna, batt báða hestana undir hálfþaki bak við hlöðuna og hljóp svo sjálfur í skjól.

Vatnið lak af hattinum hans þegar hann kom inn úr veðrinu. Hann fór úr jakkanum og hengdi hann á snaga við dyrnar, tók af sér hattinn til að hrista vatnið af honum en þegar hann leit upp gleymdi hann hattinum, storminum og kuldinum.

Hann skalf innra með sér og hjartað sló svo þungt að hann fann fyrir því í brjóstakassanum. Frumstæð þörf greip hann, svo sterk að hún var næstum því lamandi.

Grace stóð í miðri hlöðunni og horfðist í augu við hann meðan hún lét blautan brjóstahaldarann renna niður handleggina. Hún rauf ekki augnsambandið og lét hann detta í hrúgu af blautum fötum við fæturna á sér.

Hún renndi svörtu blúndunærbuxunum niður að ökklum og sparkaði þeim svo af sér. Þær flugu yfir á næsta heybagga.

–Þú ert langt á eftir, Pierce. Þarftu hjálp við að komast úr þessum blautu fötum?

Hann kinkaði kolli og gaf henni merki um að koma nær.

Hún tók hattinn af honum og kastaði honum frá sér, greip svo um beltið.

Takk fyrir rigninguna, guð.

14. kafli

Grace átti erfitt með að renna lásnum niður yfir bunguna undir honum sem strekkti á efninu. Hún renndi höndunum rólega undir nærbuxurnar og strauk liminn alveg fram á kónginn og

svo til baka, strauk yfir bunguna með hinni hendinni og kreisti létt.

Pierce stundi og greip um axlirnar á henni. –Róleg vinan, ég endist ekki lengi með þessu áframhaldi.

–Þá þarf ég kannski hjálp við að ná þér úr fötunum.

–Þú þarft ekki að segja meira.

Hún horfði á hann klæða sig úr. Líkaminn var fallegur, bringan breið og dökk hár umhverfis geirvörturnar, hann var vöðvastæltur á réttum stöðum, harðir upphandleggsvöðvar og falleg læri.

Hún stóð og góndi en Pierce tók heygaffal og mokaði saman heyi í rúm handa þeim, tók svo ábreiðu úr stafla innar í hlöðunni og breiddi yfir heyið.

Svo gekk hann til Grace og virti hana fyrir sér frá hvirfli til ilja.

–Þú ert svo falleg, hvíslaði hann, –innan sem utan og ég á eftir að tapa vitinu ef ég þarf að bíða mikið lengur eftir því að geta elskast með þér. Segðu mér að þetta sé alvara.

–Ég þrái þig Pierce og ég hef aldrei þráð karlmann svona áður. Ég vil fá þig allan og ég vil fá þig núna. Bæði í huga mínum og í hjartanu verður þetta í fyrsta skipti sem ég nýt ásta.

Hún ætlaði ekki að leyfa hryllingi fortíðarinnar að ræna sig gleðinni af því að elskast með Pierce.

Hann tók hana upp og bar hana að rúminu þeirra. Kyssti hana ákaft, renndi tungunni upp í hana. Hún bráðnaði við ástríðuna í kossum þeirra, af ánægju yfir Pierce.

Hann kyssti hana á hálsinn, niður á brjóstin, nartaði í hvora geirvörtuna um sig og strauk brjóstin með höndunum á meðan. Hún sveigði sig upp á móti honum, svo æst að líkaminn vildi fá meira.

Kossarnir færðust neðar, niður kviðinn og niður í hlýtt og

rakt skautið. Hún var viðþolslaus af löngun, þráði að finna hann inni í sér svo þau væru eitt.

Hann færði sig frá.

Hún titraði. –Gerði ég eitthvað rangt?

–Ég held að þú gætir það ekki þó að þú reyndir.

–Hvað er þá að?

–Verjur. Fíflíð ég kom ekki með neinar. Ég hélt að við færum bara á hestbak. Ertu nokkuð á pillunni?

–Nei, en bíddu aðeins. Hún hafði ekki hugsað um verjur í hita augnabliksins og þessi hugsunarsemi Pierce fékk hana til að þrá hann ennþá meira.

Hún gat varla staðið upp en tókst að finna blautu gallabuxurnar sínar og draga verju upp úr vasanum, kastaði henni til Pierce sem greip hana.

–Þú ert frábær, sagði hann. –Hvar fékkstu þennan?

–Ég fann hann í efstu skúffunni inni á baðherbergi, sennilega hefur annar gestur skilið hann eftir.

–Sá á mikið inni hjá mér.

Hún lagðist aftur í heybeðinn meðan hann kom smokknum fyrir.

–Svo að þú vitir það Grace þá er ég vitlaus í þig. Ég hef aldrei fundið svona tilfinningar gagnvart annarri konu. Þetta er alvara í mínum augum.

–Mínum líka.

Og þetta var nóg. Hún vildi engin loforð um að þetta stæði að eilífu, þurfti þau ekki. Hún þurfti á þessari stund að halda og myndi láta minninguna um hana endast að eilífu.

Pierce þrýsti sér djúpt inn, takturinn varð sífellt hraðari og ákefðin meiri þangað til bæði fengu kröftuga fullnægingu.

Það hafði verið rétt hjá Pierce að bíða. Heyið, hljóðið þegar regndroparnir skullu á tinþakinu, meira að segja hikið út af

verjunni... þetta var einstakt og fullkomið. Nótt sem hún myndi muna og varðveita það sem eftir var ævinnar.

Það rigndi ennþá. Pierce hefði alveg viljað kúra hjá Grace til morguns eða þangað til ástríðan tæki völdin aftur en hann þóttist vita að hann væri búinn að fresta því óhjákvæmilega nógu lengi.

Hann neyddi sig til að losa sig frá fallegum fótleggjum hennar og renna sér fram af heybeddanum. Honum varð ískalt um leið og hann fór frá henni.

Hann tók tvær hreinar ábreiður, lagði aðra yfir axlirnar og hina yfir fótleggina á Grace.

—Ég er ekki að hvetja þig til að hylja þennan stórkostlega líkama en þetta er til öryggis ef þér er kalt.

Hún dró ábreiðuna upp að höku.

Hann breiddi úr blautu fötunum þeirra yfir heybaggana og vonandi myndu fötin þorna svolítið áður en þau þyrftu að klæða sig í þau aftur.

Honum gekk ágætlega þangað til hann tók blúndunærbuxurnar hennar upp, þá tók kynhvötin við sér og hann þurfti að snúa sér undan svo Grace sæi ekki hvernig stóð á hjá honum.

—Það rignir ennþá, sagði hún.

—Ég veit, mér finnst gaman að heyra hljóðið á tinþakinu.

—Af hverju skildirðu mig þá eina eftir í ástarhreiðrinu okkar?

—Til að koma heilanum í gang.

—Það er ekki heilinn í þér sem ég hef mestan áhuga á núna.

—Ekki ég heldur, mig dauðlangar að koma uppí aftur og bragða á hverju sentimetra af þessum girnilega líkama.

—Er ástæða til annars?

—Við verðum að tala saman.

—Langar þig að tala? Um Tom, er það ekki. Þú skiptir um

skoðun, vilt ekki að ég sé nálægt dóttur þinni. Þú þarft ekki að biðjast afsökunar, ég sagði þér að ég ætti að fara.

Grace reyndi að vera hugrökk en Pierce heyrði sársaukann í röddinni. –Veistu, þú ættir að hætta að reyna að lesa hugsanir mínar. Ég er ekki mjög flókinn, ég segi það sem ég meina. Ég er til staðar fyrir þig og verð það alltaf.

–Hvað viltu þá tala um og af hverju líturðu út eins og þú kvíðir fyrir því?

–Af því að þú verður ekki ánægð með það sem ég ætla að segja.

–Þú hræðir mig.

–Ég ætlaði ekki að gera það en ég vil ekki tala undir rós heldur. Ég rannsakaði málið svolítið í morgun. Þinn fyrrverandi er laus úr fangelsi.

Hún settist upp. –Þetta hljóta að vera mistök. Tom var dæmdur í lífstíðarfangelsi og átti ekki að fá möguleika á reynslulausn fyrr en eftir 20 ár.

–Dómari í Louisiana sneri því við.

–Byggt á hverju?

–Sönnunargögnin fengust ekki á löglegan hátt.

Grace stóð upp og vafði ábreiðunni um sig, gekk um gólf og hélt í ábreiðuna svo hún dytti ekki um hana. –Ertu að segja mér að Tom sé laus og geti byrjað að drepa aftur? Að dómari hafi fyrirskipað þetta?

–Því miður, já.

–Hvað er langt síðan hann slapp út.

–Rétt rúm vika.

–Þá getur þú verið viss um að hann er að leita að mér. Hann gefst ekki upp fyrr en hann finnur mig og lætur mig gjalda fyrir þetta. Þannig vinnur hann. Ákvörðun dómarans styður það sem ég hef alltaf vitað, Lacostefjölskyldan sigrar alltaf.

–Tom sigrar ekki núna, ekki ef hann ætlar að gera þér mein.

–Þú nærð þessu ekki, Pierce, en hvernig ættir þú að geta það. Þú horfðir ekki á hann myrða besta vin sinn með köldu blóði. Þú heyrðir ekki hótanirnar sem ég hlustaði á daglega.

Pierce teygði sig í hönd hennar en hún kipti hendinni að sér.

–Það var ekki afi þinn sem hann myrti og þú sast ekki í réttarsalnum og hann horfði ekki illskulega á þig og öskraði ekki á þig að þú fengir þetta borgað. Ég fengi þetta borgað þó að það yrði það síðasta sem hann gerði. Þú varst ekki þarna svo þú getur ekki skilið hvað Tom er fær um mikla illsku.

–Fyrirgefðu, ég ætlaði ekki að gefa í skyn að ég skildi hann eins vel og þú en ég hef komist að ýmsu um hann í dag.

–Að hann sé nýr og betri maður, að fangelsið haf breytt honum. Það er ekki hægt að breyta illu innræti, Pierce, og hann er illur að upplagi.

–Nú ertu að leggja mér orð í munn aftur. Ég talaði lengi við Andy Malone, vin minn sem vinnur hjá FBI.

–Finnst þér ekki að þú hefðir átt að tala við mig fyrst?

–Sennilega en ég vissi að þú myndir bregðast svona við og mig langaði til að geta sagt þér staðreyndir, ekki bara slæmar fréttir. Þú mátt skamma mig ef þér líður betur við það, Grace, ég þoli það, en viltu allavega hlusta á það sem ég hef að segja.

–Allt í lagi. Hún dró andann djúpt og andaði rólega frá sér aftur. –Ég hlusta.

–Mér datt í hug að FBI væri kannski með Tom undir eftirliti svo ég hringdi í Andy sem hringdi svo til baka. Það er fylgst með honum.

–Af hverju?

–Eiturlyf að andvirði 12 milljónir dollara hurfu á sama tíma og handtökuskipanir á fjölskylduna voru gefnar út. Hvorki eiturlyfin né peningarnir sem fengust fyrir þau hafa fundist.

–Halda þeir að Tom leiði þá að eiturlyfjunum eða peningunum?

–Þeir eru vissir um að hann reyni að sækja þá áður en hann reynir að hefna sín á þér eða einhverjum öðrum.

–Vita þeir hvar Tom er niðurkominn?

–Hann dvelur hjá ríkum vini sínum í Miami, vini sem á víst að vera orðinn heiðarlegur en var eiturlyfjasali áður fyrr. Hann var víst fjölskylduvinur.

–Halda þeir að hann sé að hjálpa Tom að vinna upp tapið?

–Eða þá að Tom heldur að vinur hans sé með peningana. Þegar Tom nær þeim er reiknað með að hann fari úr landi nema það sé hægt að handtaka hann og ákæra út af peningunum.

–Hver er vinurinn?

–Calvin Grange, hefur þú hitt hann?

–Ekki svo ég muni en nafnið er kunnuglegt.

Grace lagaði ábreiðuna. –Þetta hljómar allt vel en þetta eru tilgátur, ekki staðreyndir. FBI hefur áður gert mistök.

Hún var ennþá áhyggjufull. Hann skildi það en þoldi ekki að horfa upp á að hún þyrfti að kljást við þetta. Hann teygði sig í hönd hennar aftur og núna dró hún hana ekki að sér.

–Ég veit að þetta eru slæmar fréttir Grace en ég vil ekki að þú gerir neitt í fljótræði. Ég geri það sem þarf til að þú sért örugg. Ég lofa því að Tom Lacoste leggur aldrei hendur á þig aftur.

–Ég hef ekki áhyggjur af mér heldur þér og Jaci og Esther. Hún skalf öll og það var engu líkara en að örvæntingin og hræðslan væru að yfirbuga hana aftur. –Hann drepur ykkur öll, Pierce. Ef hann fær tækifæri til þess drepur hann ykkur til að hefna sín á mér.

Hann færði sig nær og lagði handlegginn yfir axlirnar á henni. –Það er rétt rúm vika síðan Tom losnaði úr fangelsi.

Hann er í Miami og ólíklegt að hann komi til Winding Creek. Ef hann birtist sé ég um hann. Þú verður að treysta mér.

–Ég treysti þér en ég veit hvað hann er fær um að gera.

–Nú veistu hvað ég er fær um. Ég fékk ekki þessi heiðursmerki fyrir borðtennis.

–Ég veit það en við ættum að hringja í Esther og athuga hvort það er ekki allt í lagi með hana og Jaci.

–Ég skal hringja en það er engin ástæða til að halda annað en að allt sé í lagi.

Hann valdi númerið hjá Esther en það hringdi ekki.

–Ekkert samband, sagði Pierce. –Stormurinn hlýtur að trufla sambandið.

–Við verðum að fara heim strax, sagði Grace og fór að klæða sig í blautu fötin. –Það er næstum því hætt að rigna og við getum ekki orðið mikið blautari en þetta.

Það var að fara með hann að sjá hana svona hrædda. Bara ef hann næði að koma höndum á Tom Lacoste. Mesta áhyggju-efnið í augnablikinu var að Grace legði á flóttu og yrði á sífelldum flóttu alla ævina.

Hann gat ekki leyft því að gerast, gat ekki misst hana af því að hún var hrædd við brjáláðan mann. Draumar hans urðu að vera sterkari en martraðir hennar.

Allir draumarnir snerust um að hafa Grace sofandi í fanginu á sér á hverri nóttu það sem eftir var ævinnar.

Þau riðu heim í blautum fötum sem límdust við þau, með ábreiður yfir sér sem hlífðu lítið gegn vindi og kulda. Það eina jákvæða var að rigningin var orðin að léttum úða, versta veðrið var gengið yfir.

Pierce hafði engar áhyggjur af veðrinu. Hann var vanur þessum breytileika og að líkamlegu þoli hans væri ögrað svo þetta

var eins og skemmtiganga í sólskini í hans augum. Það truflaði hestana ekki heldur því það voru hvorki þrumur né eldingar til að hræða þau.

Hann vissi samt að Grace var orðin dauðhrædd og það tók hann nærri sér.

–Þú getur farið af baki við húsið, sagði hann, –ég skal fara með hestana í hesthúsið þegar þú ert búin að ganga úr skugga um að það sé allt í lagi með Esther og Jaci.

–Takk.

Þegar þau komu nær sáu þau jólaljósinn á veröndinni og fundu á lyktinni að það logaði í arninum. Helmingurinn af ljós-unum inni í húsinu var kveiktur.

Nokkrum mínútum seinna sáu þau jólatréð inn um gluggann í stofunni, skær ljósinn vísuðu leiðina heim.

–Heim. Honum leið eins og hann ætti heima þarna. Jaci og Grace voru aðalástæðan fyrir því.

–Þarna er Jaci, kallaði Grace. –Sjáðu, hún stendur við tréð.

Gleðin og léttirinn í röddinni slakaði á spennunni í öxlum hans og hálsi. Hann vildi ekki viðurkenna það en hræðsla Grace hafði verið smitandi og hann hafði verið farinn að finna fyrir kvíða.

Veröldin varð nokkuð eðlileg aftur.

–Hver á bílinn sem stendur fyrir aftan bílinn þinn?

Pierce leit á bílinn sem hann hafði ekki tekið eftir. –Sennilega nágranni sem Esther hefur boðið í heimsókn til að sjá tréð. Hún er spennit yfir því að hafa okkur hjá sér um jólin.

Þegar þau nálgust veröndina sá Pierce að bíllinn var merktur lögreglustjóranum. Hann efaðist um að Cavazos hefði ekið út á búgarðinn í stormi til að óska þeim gleðilegra jóla.

Gat það verið.

15. kafli

Grace fann fyrir djúpum sársauka í brjóstinu meðan hún klæddi sig í þurr föt. Um leið og hún var komin í jogginggallann flýtti hún sér aftur fram í stofu þar sem Esther sat og hafði ofan af fyrir lögreglustjóranum.

Pierce var búinn að skipta um föt og var að spjalla við manninn.

Grace settist hjá þeim, taugarnar voru svo þandar að maginn var í hnút.

Esther tók við. –Ég ætla að hjálpa Jaci með baðið meðan þið spjallið saman.

Jaci færði skærmálaðan vitring að jötunni. –Ég er ekki tilbúin til að fara í bað.

–En það er kominn tími á það, sagði Pierce. –Þú verður að sofa helling í nótt, það er mikilvægur dagur á morgun.

–Af hverju?

Uppáhaldsorðin hennar.

–Það er aðfangadagur og við eigum eftir að versla svolítið.

–Er aðfangadagur á morgun. Jaci stökk á fætur, skildi vitringinn eftir á brúninni á jötunni. –Jólasveinninn kemur næstu nótt, er það ekki?

–Jú, það passar.

–Þá ætla ég að gera eins og Esther amma segir.

Hún flýtti sér á eftir Esther út úr herberginu.

Jaci var ekki sú eina sem hafði verið búin að gleyma því að aðfangadagur var daginn eftir. Grace hafði líka gleymt því. Tíminn hafði fengið nýja merkingu síðan hún kom á búgarðinn.

Pierce krosslagði fótleggina. –Ég vona að þessi heimsókn sé vegna þess að þú hafir handtekið Reid Peterson.

–Við fundum hann.

–Vitið þið af hverju hann ákvað að skjóta af byssu í bænum?

–Nei og við fáum engar upplýsingar frá honum. Bíllinn hans var hálfur á kafi í ánni sunnan við bæinn. Hann sat svo fastur í leðjunni að við þurftum að panta stóran dráttarbíl frá San Antonio til að draga hann á þurrt land.

–Hvar var Reid? spurði Pierce.

–Líkið af honum var í skottinu.

–Hann var myrtur, sagði Grace. Þetta var ekki spurning heldur fullyrðing.

–Já, sagði Cavazos. –Ökklarnir voru bundnir saman og hendurnar bundnar fyrir aftan bak. Hann hefði ekki farið neitt, gatið á hausnum á honum var svo stórt að helmingurinn af... þú áttar þig á þessu frk. Addison. Það er ástæðulaust að lýsa þessu í smáatriðum.

Ástæðulaust því hún hafði séð svona áður.

–Veistu hver drap hann eða hvers vegna? spurði Pierce.

–Ekki ennþá en morðið passar við önnur morð sem glæpa-flokkar hafa framið. Það er líklegt að þetta hafi tengst eiturfj-um.

Grace hugsaði um þetta sem morð að hætti Lacoste. Eiginmaðurinn fyrrverandi hafði kannski ekki framið morðið sjálfur en hún var viss um að hann stóð á bak við það.

–Málið stendur þannig að ég á ekki von á að finna tengsl milli skotárásarinnar í Winding Creek og morðsims á Reid Peterson, sagði lögreglustjórinn með áherslu, –nema það að eiturfylf komu án efa við sögu í báðum tilvikum. Við erum ekki búin að fá neinar upplýsingar frá rannsóknarstofunni ennþá.

Cavazos sá kannski engin tengsl en Grace sá þau. Kúlan sem

fór í gegnum gluggann á versluninni með jólavörum hafði átt að drepa hana. Kannski Esther og Jaci líka.

Tom hafði ráðið Reid Peterson til að vinna skítverkin fyrir sig. Reid hafði klúðrað verkinu, valdið Tom vonbrigðum, svo hann hafði þurft að deyja.

Þannig var reglan hjá Lacostefjölskyldunni.

En hvernig hafði Tom rakið slóð hennar svona fljótt? Eina skýringin var sú að maðurinn sem tók myndina af henni á bókasafninu hefði rakið slóð hennar á svæðið, kannski alla leið á búgarðinn.

Grace heyrði varla afganginn af samtali lögreglustjórans og Pierce. Hún vissi hvað þurfti að gera og tíminn til að gera það var að hlaupa frá henni.

Pierce fylgdi lögreglustjóranum út þegar hann fór en Grace var kyrr inni. Hún gekk að jólatrénu og augnaráðið hvarflaði að silfurskónum.

Hún heyrði barnleg orð Jaci fyrir sér, *mestasta fallega tréð sem ég hef séð*. Grace var sammála.

Jaci kom skoppandi inn í krúttlegum flónelsnáttfötum sem Esther hafði gefið henni. Hún sýndi engin þreytumerki, kveikti á dansandi jólasveininum og byrjaði að sveifla mjöðmunum eins og hann.

–Komdu og dansaðu við mig, Grace, það er gaman.

–Þú ert með jólasveinin, þú þarft ekki fleiri dansara.

–Jú víst. Jaci hætti að dansa og greip um hönd Grace. –Gerðu svona.

Jaci sýndi henni ýkta útfærslu og hóf upp raust sína til að syngja með lagi jólasveinsins.

Þetta gæti orðið síðasta kvöld Grace á búgarðinum og það var eins gott að nota það í dans.

Hún var fljót að ná tókum á dansinum og þær hættu ekki þegar Pierce kom inn aftur heldur varð dansinn trylltari.

–Þrír dansandi jólasveinar, sagði Pierce, –en ég heppinn. Hann kyssti þær báðar á vangann.

–Dansaðu við okkur pabbi, það er auðvelt. Hún tók í höndina á Pierce.

Grace tók um hina hönd hans. –Um leið og þú slakar á er þetta það auðveldasta sem til er í heiminum.

Þrenningin sveiflaði mjöðmunum í takt. Eitt augnablik í viðbót til að bæta við minningarnar sem myndu lifa með henni að eilífu.

Esther kom að þeim. Hún reyndi ekki að dansa því ökklinn var aumur en hún söng með þeim og jólasveininum og það var falskasta útgáfa sem nokkru sinni hafði heyrst.

–Mér þykir leiðinlegt að stoppa skemmtunina, sagði Pierce, –en ég held að það sé komið framyfir háttatímam hjá einhverjum.

–Ekki hjá mér, mótmælti Jaci. –Ég er ekki syfjuð.

–Þú skalt sofa vel í nótt, sagði Esther. –Það verður mjög mikið að gera næstu tvo daga.

–Af því að jóli kemur, skrækta Jaci. –Viltu lesa fyrir mig sögu, Grace?

–Gjarnan, ef það er í lagi þín vegna Pierce?

–Allt í fína, þá get ég dekrað við Pansy og Rocket. Það skal aldrei hægt að segja að ég fari í útreiðartúr í rigningu og skilji hestana svo eftir.

–En kvöldmat? spurði Esther. –Þið Grace hljótið að vera banhungruð. Við Jaci fengum okkur snarl við jólatréð í kvöld en ég get hitað upp súpu og kornbrauð ef þið viljið.

–Ég er ekki mjög svöng, sagði Grace, –ég fæ mér kannski ristað brauð og tebolla þegar ég er búin að lesa fyrir Jaci.

–Það er ekki nóg til að halda lífinu í fugli.

–Hafðu ekki áhyggjur af mér heldur, sagði Pierce, –ég finn mér eitthvað.

Nokkrum mínútum síðar var Grace sest við hliðina á Jaci í rúminu.

–Hvað eigum við að lesa? spurði hún.

–Öskubusku. Jaci rétti henni bókina.

Grace sleppti einu og einu orði viljandi eða breytti setningu til að sjá hvað Jaci yrði fljót að leiðrétta, hún kunnir bókina utanað.

Þegar þær komu á síðustu blaðsíðuna teygði Jaci fram höndina til að snerta silfurlitu skóna sem Öskubuska var í.

–Og prinsinn tók skóna hennar Öskubusku og hún varð að ganga berfætt það sem eftir var ævinnar.

–Nei, leiðrétti Jaci, –prinsinn og Öskubuska lifðu hamingjusöm til æviloka.

Augu Grace urðu tárbot. Hún greip bréfpurrku af náttborðinu og þerraði augun. Það var eitthvað mikið að þegar heimskulegt ævintýri með hamingjusömum endi hafði þessi áhrif á hana.

–Ertu að gráta? spurði Jaci.

–Nei, ég fékk eitthvað í augað.

–Áttu litla stráka eða litlar stelpur til að lesa fyrir heima hjá þér?

–Nei, ég bý ein.

–Af hverju?

–Ég er ekki gift.

–Þú gætir gíft pabba mínum. Hann vantar konu. Þá gætir þú verið hin mamma mín.

–Ég veit ekki hvað pabba þínum finnst um það.

–Við getum spurt hann. Ég er búin að eignast aðra ömmu og ég fæ annan pabba bráðum.

–Líkar þér vel við hinn pabbann?

Jaci kinkaði ákaft kolli. –Hann heitir Dan og hann er góður. Hann á enga hesta en hann á hús við ströndina.

–Hestar og hús við ströndina, þetta hljómar eins og dásamlegt líf.

–Mamma segir að hún og pabbi verði alltaf alvörupabbi minn og mamma en að maður geti aldrei átt of marga sem þykir vænt um mann. Það er fullt af fólki sem þykir vænt um mig. En hvað með þig?

–Mér þykir mjög vænt um þig, Jaci Lawrence.

–Mér þykir líka vænt um þig. Jaci faðmaði hana fast að sér.

–Nú verð ég að fara fram svo þú getir sofnað. Grace kyssti Jaci á vangann og breiddi yfir hana.

–Það er eitthvað í auganu þínu aftur, sagði Jaci.

–Já, það passar. Hún greip aðra bréfpurrku og flýtti sér fram áður en tárin yrðu að snökta.

Hún fór inn í herbergið sitt og lokaði á eftir sér. Ef hún myndi eyða nóttinni í fanginu á Pierce gæti hún kannski ekki fundið kraftana til að gera það sem hún varð að gera.

Hún stakk nokkrum flikum í töskuna sína og dóti í handtöskuna og tók til fötin sem hún ætlaði að fara í snemma um morguninn. Það var komið að því. Hún gat aldrei litið til baka eftir að hún æki burtu frá búgarðinum Double K.

Hestarnir voru komnir í stíurnar, nýkembdir með nóg af hreinu vatni. Allir hestarnir kjömsuðu á heynu sem Pierce hafði gefið þeim.

Þvílíkt kvöld. Hann hafði notið ásta með Grace og þessi stund var næstum því jafndýrmæt og þegar hann sá Jaci í fyrsta sinn.

Eftir það hafði allt farið niður á við, töfrarnir eftir ástaratlotin höfðu grafið undir fréttunum sem hann þurfti að færa henni.

Svo hafði Grace fengið annað áfall. Það þurfti enga sérhæfileika til að lesa hugsanir hennar meðan hún hlustaði á lögreglustjóran. Hún var sannfærð um að skotárásin og morðið á skotmanninum tengdust Tom Lacoste.

Pierce gat ekki vísað því á bug þó að hann langaði til þess og þurfti að bregðast við til samræmis við það. Þau yrðu að auka öryggið á búgarðinum.

Þegar hann fylgdi Cavazos út hafði hann spurt hvort hægt væri að ráða lögreglumann á frívakt til að gæta hússins í nokkra daga.

Pierce minntist ekki á Tom heldur sagði að Esther og Grace hefðu verið í áfalli eftir skotárásina í bænum og að hann vildi að þeim myndist þær vera öruggar meðan þær væru að jafna sig á þessu.

Cavazos var ekki undrandi. Hann hélt greinilega að það væri Esther sem hafði áhyggjur af því að hún var með þessa fátæglegu hugmynd um að Charlie hefði verið myrtur á búgarðinum. Samt sagðist hann geta sent þeim traustan lögreglumann á vakt með 6-7 tíma fyrirvara.

Síminn hringdi og hann leit á skjáinn. Andy Malone.

–Hvað er að fréttu?

–Spurðu frekar hvað hafi gerst, sagði Andy. –Ertu hjá Grace núna?

–Nei, ég get talað. –Gott því þú vilt kannski segja henni varlega frá þessu.

–Er það svona slæmt?

–Slæmt fyrir Calvin Grange en ekki endilega fyrir Grace. Líkið af Calvin og lífverðinum sem bjó hjá honum fundust fyrir

nokkrum klukkutímum síðan, fljótandi á grúfu í fínu sundlauginni á setrinu hjá Calvin.

–Ég tel víst að þeir hafi ekki druknað af slysförum.

–Báðir skotnir í höfuðið af stuttu færi, bundnir á höndum og fótum, peningaskápurinn á heimilinu opinn og tómur.

–Sást eitthvað til Tom Lacoste?

–Nei en hann er grunaður um morðin.

–Hvað segir tæknideildin um dánarstund?

–Sennilega tveir dagar síðan.

Pierce tautaði blótsyrði. –Þá er ekkert víst að Lacoste hafi verið í Miami í morgun þegar við töluðum saman.

–Nei, það sá enginn þegar hann fór en ef hann hefur flúið með peningana úr peningaskápnum hjá Calvin gæti hann verið hvar sem er í heiminum núna.

–Jafnvel í Texas, sagði Pierce.

–Þess vegna hringdi ég um leið og ég fékk fréttirnar.

–Takk fyrir það.

–Fulltrúi FBI á staðnum verður í sambandi við þig á morgun en það er líklegt að Tom og peningarnir hafi farið úr landi og að hann sé í sólbaði á Sikiley eða í París.

Pierce var aldrei tilbúinn til að veðja á líkur. –Láttu mig vita hvað gerist.

–Geri það, lofaði Malone, –og þú gerir það sama. Og þér að segja, ef ég þarf að leggja til atlögu við Lacoste væri ég til í að hafa þig með mér.

–Vandamálið er að sannfæra Grace um það.

Pierce leit á úrið um leið og hann sleit símtalínu. 10 mínútur í 9. Hann hringdi í einkanúmer lögreglustjórans og sagði frá málinu eins skilmerkilega og hann gat. –Getur þú sent mér lögglumann á vakt strax og birtir í fyrramálið?

–Já og nokkra lögglumenn í viðbót til að vakta búgarðinn.

Ef Tom Lacoste birtist hér til að valda vandræðum bíða vandræði eftir honum.

–Takk fyrir það. Viltu biðja lögreglumanninn að hringja þegar hann kemur og ég hitti hann við hliðið.

–Sjálfsgagt.

Það sem Pierce hefði viljað gera var að fara inn aftur, fara í sturtu og skríða uppí hjá Grace en það voru engar líkur á að hún væri tilkippileg eftir allar fréttirnar sem höfðu dunið á henni.

Hann bjóst hvort eð er ekki við að sofa mikið, jafnvel ekkert í nótt. Fyrsta vakt var hans vakt.

16. kafli

Þarna hafði tíkin þá endað... á búgarði í útnára Texas með gamalli hálfbæklaðri kerlingu, vonlausum kúreka og krakka.

Tom hægði á jeppanum og ók löturhægt til að geta virt málmhliðið fyrir sér. Það yrði auðvelt að brjótast þarna í gegn.

Hann þurfti ekki að hafa fyrir því, Reid Peterson hafði séð um snattið fyrir hann og sent leiðbeiningar að hliði á fáförnum stað þar sem hann komst inn fyrir girðinguna án þess að nokkur tæki eftir því.

Svo þurfti hann bara að bíða eftir því að kúrekinn yfirgæfi húsið. Hann ætlaði að drepa gömlu konuna og stelpuna á undan svo Grace gæti horft á. Kannski léti hann Grace drepa aðra hvora þeirra, drepa aðra til að bjarga hinni. Það yrði erfitt fyrir svikulu tíkina.

Svo ætlaði hann að drepa þá sem hún hélt að hún hefði bjargað. Hefndin var sæt. Hann hafði beðið lengi eftir þessu.

Hann hafði þurft að lifa á fangafæði og þunnu kaffi þegar hann var vanur humri og dýrum vínunum. Hafði þurft að prúttu til að fá að reykja.

Það versta var að þurfa að skríða fyrir huglausum vörðum sem hann hefði ekki gefið sér tíma til að hrækja á þegar hann var með völdin.

Hann hafði átt göturnar í New Orleans. Pabbi hans og frændur höfðu byggt viðskiptin upp en þeir voru farnir að linast. Yngri frændur hans hunsuðu regluna en það var ekki hægt að halda hverfunum öðruvísi.

Ef einhver sveik Tom Lacoste fékk hann að gjalda fyrir það með lífi sínu.

En fyrst ætlaði hann að meiða hana almennilega. Láta hana fá fyrir ferðina.

Svo beið leiguflugvélin eftir honum.

Rio var góður staður á þessum árstíma.

17. kafli

Grace opnaði augun og reyndi að vakna almennilega. Skuggarnir skriðu um veggina eins og langleggjaðar nornir í gráma morgunsins.

Allt í einu rifjaðist allt upp.

Hún varð að drífa sig. Hún sveiflaði fótleggjunum yfir rúmstokkinn og þrammaði fram á baðherbergið, gerði það sem hún þurfti að gera og burstaði tennurnar. Stakk svo tannburstanum í hulstur og setti hann ásamt tannkreminu í töskuna.

Hún klæddi sig í gallabuxur og peysu á nokkrum sekúndum,

var aðeins lengur að fara í rauðu stígvélin en ætlaði alls ekki að skilja þau eftir.

Hún sleppti því að greiða sér eða setja á sig farða, setti töskurnar yfir vinstri öxlina og tók úlpuna sína.

Grace þorði varla að anda þegar hún opnaði hurðina varlega. Það ískraði í hjörunum. Ekki hátt en hún hikaði, átti hálfpartinn von á að Pierce kæmi hlaupandi eftir ganginum.

Hann kom ekki. Hún leit ekki nema einu sinni um öxl þegar hún típlaði eftir ganginum og læddist gegnum stofuna.

—Gleðileg jól, hvíslaði hún um leið og hún opnaði útidyrnar, lokaði svo varlega á eftir sér.

Hún skildi eftir stóran hluta af sjálfri sér og hjarta sínu. Það hafði svo margt gerst undanfarna daga.

Hún hafði eignast Esther fyrir vinkonu.

Hún hafði látið yndislega litla stúlku smeygja sér inn í hjarta sitt.

Hún hafði orðið ástfangin.

Og ef hún héldi áfram að hugsa svona myndi hún ekki geta keyrt út um hliðið.

Hún flýtti sér að bílnum, opnaði hann og setti töskurnar í farþegasætið, leyfði sér ekki að horfa aftur á húsið en stakk lyklinum í startarann.

Hún sneri lyklinum, heyrði urgandi hljóð og svo ekkert. Hún reyndi aftur. Núna heyrðist eiginlega ekkert og bíllinn fór ekki í gang. Hún prófaði nokkrum sinnum en niðurstaðan var alltaf sú sama.

Gremjan var að flæða út og hún barði með krepptum hnefum á stýrið. Þetta var ekkert óhapp, Pierce hafði ekki viljað að hún færi af búgarðinum og séð til þess að hún gæti það ekki.

En þetta var ekki ákvörðun sem hann átti að taka.

Hún steig út úr bílnum og flýtti sér að bílnum hans, ætlaði að fara á honum að næstu rúrustöð og taka næstu rútu hvert sem var.

Bíllinn var læstur en hún vissi að hann var vanur að skilja hann eftir ólæstan og lyklana í.

Hún gekk að bíl Esther en vissi að það var eins með hann. Læstur. Pierce var vandvirkur... og þrjóskur.

Pierce hélt að hann gæti látið allt fara vel en hann þekkti ekki Tom eins og hún gerði.

Grace fór að skjálfa, tárin runnu úr augunum og niður vanga. Hún gat ekki keyrt í burtu en hún gat ekki heldur farið inn aftur. Pierce og Esther færu bráðum á fætur og hún vildi ekki að þau sæju hana svona örvæntingarfulla.

Pierce myndi taka utan um hana og núna gæti hann kannski talið henni trú um að hann gæti verndað þau öll fyrir Tom Lacoste.

Það var ekki rétt hjá honum.

Hún skjögraði frá húsinu, veitti því enga athygli hvert hún var að fara fyrir en hún sá að hún var komin inn á stíginn sem lá að hesthúsinu. Kannski yrði reiðtúr það eina sem gæti róað hana og hjálpað henni að ná stjórn á sér.

Það dró lítið úr kvíðanum þó að hún setti reiðtygin á Pansy. Ef eitthvað var leið henni verr í myrkrinu og þögninni í hesthúsinu. Hún hefði getað svarið að einhver var að horfa á hana úr skugganum.

Tilfinningin hvarf ekki fyrir en hún var lögð af stað frá hesthúsinu. Hún hleypti Pansy á stökk, skildi húsið og hesthúsið og Pierce eftir.

Hún hafði aldrei þráð neitt eins mikið um ævina og að eyða jólnunum á Double K búgarðinum en því lengur sem hún dvaldi þar, því nær kom ógæfan.

Hún ætlaði að vera lögð af stað eitthvað, hvernig sem hún færi að því, áður en það yrði dimmt á ný.

18. kafli

Það var ótrúlegt hvernig góðar áætlanir áttu það til að verða enn betri. Þetta var að verða fullkomið í alla staði.

Tom hafði byrjað á því að neyða Calvin Grange til að opna peningaskápin, lofað að taka bara milljónirnar 12 sem hann átti sjálfur, en þegar hann var búinn að skjóta Calvin og lífvörðinn hafði ekkert komið í veg fyrir að hann tæki þessar rúmlegu 20 milljónir í skápnum.

Og núna var Grace ein á ferð í dögum, á hestbaki á leiðinni beint upp í hendurnar á honum. Hann hafði falið sig í hnakkageymslunni, beðið eftir að það yrði nógu bjart til að komast leiðar sinnar, þegar Grace kom inn í hesthúsið.

Hann hafði beygt sig niður bak við fóðurloka og horft á hana leggja á hross. Hann hefði getað drepit hana þá en kúrekinn hefði kannski truflað skemmtunina.

Morð voru miklu skemmtilegri þegar þau tóku langan tíma og voru kvalafull. Þegar Grace átti í hlut kom ekkert annað til greina.

Tom var ekki hræddur við kúrekann en hann gæti verið með byssu. Það væri betra að afgreiða hann einan.

Tom til undrunar hafði grunlausi kúrekinn ekki látið sjá sig og Grace lagt af stað ein í útreiðartúrinn. Hann hafði sjálfur riðið út þegar hann var yngri en var hrifnari af hraðskreiðari farartækjum.

Dökkbrúnn hestur kumraði og krafsaði í jörðina eins og hann langaði út úr stíunni. Tom athugaði á stíumerkingunni hvað hesturinn hét, kreppti hnefann og steytti hann framan í hrossið. –Viltu fá að kenna á þessum, Sargent? Ekki það? Þá skulum við fara í reiðtúr.

Tom fór og sótti beisli og tauma, sleppti því að sækja hnakk því hann ætlaði ekki langt. Þegar hann væri búinn að ná Grace hæfist gamanið fyrir alvöru.

Hann næði ekki að drepa hinar tvær fyrst til að Grace gæti horft á það sér til ánægju en hann ætlaði að finna ýmislegt annað til að kvelja hana með.

Svo ætlaði hann að drepa hana.

Ef þú svikur Tom Lacoste færðu að gjalda fyrir það.

19. kafli

Pierce settist í framsætið á lögreglubílnum og kynnti sig.

Lögreglumaðurinn rétti fram höndina. –Kirk Jenkins. Afsakaðu ef ég hef látið þig bíða.

–Þú gerðir það ekki. Ég gat ekki sofð og datt í hug að gönguferð gæti skýrt hugsanirnar.

Þannig fékk hann líka tækifæri til að skoða svæðið. Hann hafði engar áhyggjur, hann var með vasaljós í vasanum og skammbyssu við mjöðmina.

Honum fannst ennþá erfitt að trúa því að maður sem ætlaði að reyna að flýja land með hrúgu af seðlum áður en hann yrði handtekinn fyrir morð væri nógu vitlaust til að fara til Texas fyrst til að myrða fyrrverandi eiginkonu sína.

En meira að segja heimskir andstæðingar áttu byssukúlur sem hittu í mark.

–Sagði Cavazos lögreglustjóri þér frá því af hverju ég þarf öryggisgæslu?

–Við fórum yfir málið, er eitthvað nýtt sem ég ætti að vita um?

–Nei en ég vil ekki hræða dóttur mína. Ef hún spyr af hverju þú ert hérna skaltu segja að þú þurftir að tala við mig út af nautgripunum.

–Ekkert mál, er eitthvað fleira sem ég ætti að vita um?

–Esther veit um morðið á Reid Peterson en veit ekki af Tom Lacoste. Ég ætla að eftirláta Grace að segja henni frá honum ef hún vill svo ég segi Esther að þú hafir komið til að hjálpa okkur við öryggismálin.

–Skilið.

–Grace á ekki að fara af búgarðinum án mín undir nokkrum kringumstæðum.

–Mér sýnist að einhver sé á leiðinni burtu, sagði Kirk. –Bílhurðin stendur opin.

Pierce blótaði í hljóði. Hann var ekki hissa en pirraður yfir því að Grace skyldi ekki hafa meiri trú á honum. Hún hafði sennilega reiknað út að hann hefði gert eitthvað við vélina í bílnum og var komin inn í svefnherbergið sitt aftur, bálvond út í hann.

Ef það var eina leiðin til að halda henni á búgarðinum og að hún væri örugg varð svo að vera.

–Komdu inn fyrir, sagði Pierce og steig út úr bílnum. –Ég ætla að kynna þig fyrir Esther. Þetta er heimili hennar.

–Er hún föður- eða móðursystir þín?

–Nei en ég lít á hana sem ættingja, frekar en suma aðra.

–Viltu vekja hana svona snemma?

–Það er aðfangadagur og sólin að koma upp. Trúðu mér, hún er komin á fætur, sjálfsagt byrjuð að elda morgunmat. Hún á eftir að bjóða þér. Þiggðu boðið, þú átt eftir að verða ánægður með það hvað sem það er.

Pierce fann lykt af nýlögðu kaffi og steiktu beikoni um leið og þeir gengu inn. Þeir fóru inn í eldhúsið til Esther og Pierce kynnti þau.

Esther virti Kirk fyrir sér. –Ef þú ert kominn til að segja okkur slæmar fréttir viljum við ekki heyra þær, sagði hún. Það kom ekki í veg fyrir að hún fyllti tvær krúsir af kaffi og rétti Kirk aðra.

–Ég réð hann til að hjálpa okkur við öryggismálin. Mér datt í hug að þér fyndist þú öruggari við það, kannski þó aðallega Grace.

–Ég er með haglabyssu til að sjá um öryggistilfinninguna fyrir mig og ég skal veðja að ég er jafngóð skytta og lögreglu- maðurinn.

–Já frú, sagði Kirk, –ég trúi þér. Ég á ekki von á neinum skotbardögum í dag en ef það verður eitthvað þætti mér vænt um að þú eftirlétir mér að sjá um það. Ég þarf að vinna fyrir laununum mínum.

–Veit Grace af þessu? spurði Esther.

–Nei. Viltu segja henni af hverju Kirk er hérna þegar hún kemur á fætur? Ég þarf að athuga um skepnurnar. Það er aðfangadagur og við gáfum Buck frí en ég verð ekki lengi í burtu.

–Þú getur gefið þér smástund til að tala við Grace, Pierce Lawrence.

Hann kinkaði kalli, hefði kosið að gefa henni tíma til að ná sér niður eftir bílavandræðin en það var eins gott að tala við hana.

Hann bankaði laust á dyrnar.

Ekkert svar.

Hann bankaði aftur, hærra.

Enn ekkert svar.

Hann opnaði smárfu. –Grace, ég get útskýrt þetta.

Enn ekkert svar. Hann ýtti hurðinni upp og gekk inn. Rúmið var óumbúið en mannlaut, baðherbergishurðin stóð opin. Hún var ekki heldur þar inni.

Hún var farin. Ef þetta var brella til að hefna sín á honum var hún ekki fyndin. Hann fann kvíðann læðast um sig og flýtti sér út. Sá hana hvergi. Kallaði tvisvar á hana.

Hann hljóp að bílnum, opnaði hann og tók ríffilinn. Það voru hófför og skóför í leðjunni síðan kvöldið áður en líka ný för. Hann skoðaði þau til að meta hver væru nýjust. Spor eftir Grace sem lágu að hesthúsinu.

Jæja, hann gat slakað á. Hún hafði sennilega farið í reiðtúr á Pansy til að losna við gremjuna í hans garð. Það gat alveg staðist.

Kvíðinn jókst samt enn meira.

Hann mundi hvað hann hafði sagt við Malone, að Tom gæti verið í Texas.

Pierce hljóp af stað. Það var að verða albjart. Ef hún hafði farið á Pansy yrði auðvelt að fylgja hófförunum.

Hann var orðinn móður þegar hann kom að hesthúsinu. Pansy var farin en þær gátu ekki verið langt undan. Hún hafði opnað hurðina á bílnum sínum meðan hann var að heilsa upp á lögreglumanninn við hliðið.

Pierce gekk að stúnni sem Rocket var í en tók þá eftir að Sargent var horfinn. Það var einhver á búgarðinum.

Hann leiddi Rocket út og stökk á bak, það var enginn tími fyrir hnakk. –Ég treysti á þig, Rocket. Ekki valda mér vonbrigðum.

Grace hægði á Pansy og skyggði fyrir augun til að sjá eitt-hvað fyrir morgunsólinni. Hún hafði verið tæpan klukkutíma á baki og mestallan tímann verið að velta vandræðum sínum fyrir sér.

Þetta var að verða ágætt og Grace var tilbúin til að snúa við og fara heim aftur. Hins vegar vissi hún ekki hvar hún var.

Pansy stoppaði til að bíta gras við rjóður.

–Nei góða mín, ekkert nart strax. Þú komst með mig hingað, farðu með mig að hesthúsinu aftur.

Grace gaf Pansy merki um að halda áfram og merin hlýddi. Svæðið varð kunnuglegt næstum um leið og svo sá hún tjörnina á lengdar, þar sem þau höfðu séð dádýrin daginn áður. Pansy var ekki heimsk, hún hafði endað þar sem hún gat fengið að drekka.

Grace fór af baki og batt tauminn á trjágrein eins og Pierce hafði gert daginn áður. Pansy fór og fékk sér að drekka.

Grace heyrði hófatak fyrir aftan sig. Sjálfsagt Pierce sem hafði elt hana. Hún sneri sér snögg við en sá engan.

Ef þetta var Pierce væri hann ekki í felum fyrir henni. Hún fann fyrir kvíðatilfinningu í brjóstinu. Ofsóknaræði eða sjálfsbjargarhvöt?

Þó að hún hefði verið í uppnámi hafði verið heimskulegt að fara ein í reiðtúr án þess að láta vita hvert hún var að fara. Pierce yrði áhyggjufullur og örugglega gramur yfir því að hún hafði ætlað að fara án þess að hann vissi af því.

Hún dró símann upp úr úlpuvasanum og valdi númerið hjá Pierce.

–Ertu að hringja í mig elskan? Það er óþarfi, ég er fyrir aftan þig.

Tom. Hræðslan greip hana heljartökum og hún stífnaði

öll. Hún hafði alltaf vitað að þessi dagur kæmi en af hverju núna?

–Þú getur allavega snúið þér við og horft á mig, Grace. Það er orðið langt síðan þú hefur horft í augun á mér og sagt mér hvað þú elskar mig mikið.

Loks tóku heilinn og vöðvarnir við sér. Hún hljóp af stað, þorði ekki að hægja á sér eða líta við en heyrði að hann nálgast.

Hún hljóp upp hæð og sá gamla kofann, heimili kóngulóa og sporðreka, stað sem Tom yrði hrifinn af. Pyntingaklefa náttúrunnar.

Síminn hennar hringdi og hún sá að hún hélt ennþá á honum. Pierce var að hringja, það hlaut að vera. Hún ýtti á takkann til að svara án þess að hægja ferðina og lagði símann við eyrað.

Hún varð að vara hann við því að Tom var kominn á búgarðinn. Hann varð að vernda Jaci og Esther og sjálfan sig fyrir þessum brjálæðingi.

–Tom. Hún tók andköf, lungun reyndu að ná inn lofti og hún reyndi að koma orðunum út. –Tom... sund...kóngulær...

Tom greip um handlegginn á henni og síminn flaug úr hönd hennar. Eitthvað kalt og hart þrýstist að hnakkagrófinni.

Hnífur. Hann var með hníf.

–Er þetta góð aðferð til að bjóða manninn sinn velkominn?

–Fyrirverandi eiginmann.

–Er það ástæðan fyrir því að þú ert ekkert ánægð með að sjá mig?

Hann hló að eigin brandara, sama tryllingslega hlátrinum og ásótti hana í martröðunum. Hann hafði ekkert breyst í fangelsinu, var ennþá sama skrímslið og hann hafði alltaf verið.

–Sleptu mér, skipaði hún.

–Þú veist að ég get það ekki, ekki fyrr en við erum búin að skemmta okkur. Farðu úr úlpunni, skipaði hann. –Leyfðu mér að sjá hvort þú hefur hætt að hugsa um líkama þinn þegar þú hafðir peningana mína ekki lengur.

–Ég fer ekki úr neinu.

Hún heyrði að hnífurinn skar úlpuna sundur niður úr eins og hún væri smjör. –Ég sagði þér að fara úr úlpunni.

Hann var brjáláður, var vís með að rista hana sundur eins og úlpuna. Hún lét skornu úlpuna síga niður handleggina og falla til jarðar.

Hann neyddi hana með sér að skúrnum, ýtti hnífnum milli herðablaðanna.

–Þú vilt ekki fara þarna inn, Tom, skúrinn er fullur af eitruð-um kóngulóm og sporðdrekum, vespum og öllu mögulegu.

–Nú ertu bara að stríða mér, lofa mér skemmtun.

Hann ýtti henni inn fyrir. Hún varð skíthrædd þegar hún sá tarantúlu, á stærð við hönd hennar, röltu yfir gólfíð eins og hún stjórnaði heiminum. Stór svört rotta hljóp yfir gólfíð og upp við vegginn glitti í brotna heykvísl og ryðgaða öxi.

Hún flýtti sér að líta undan. Tom myndi búa sér til nýjan leik ef hann sæi áhöldin.

Hann bægði frá sér kóngulóarvefjum sem strukust við andlit þeirra. Stór, svört kónguló féll á gólfíð. Það fór hrollur um Tom og hann steig á hana.

Hann var hræddur. Hún hafði aldrei séð hann hræddan fyrr en hann var hræddur við kóngulær og sennilega líka við rottur og sporðdreka.

Vespa flaug framhjá, hann sló til hennar og tók undir sig stökk aftur á bak. Hnífurinn rann úr sveittum fingrunum og hún reyndi ósjálfrátt að losa sig, sparkaði og kýldi en náði ekki almennilega til hans.

Tom tók í hana og skellti henni í vegginn.

Það fór sársaukastingur um öxlina. Hana svimaði og gat ekki stoppað hann þegar hann sótti hnifinn.

Hann sneri vinstri handlegginn á henni aftur fyrir bak þangað til sársaukinn varð svo gífurlegur að hún gat ekki haldið aftur af tárunum.

–Farðu á hnén, Grace, biddu mig að hætta að meiða þig. Biddu og sleiktu leðjuna af skónum mínum. Biddu mig um það, annars brýt ég báða handleggina á þér.

–Nei.

Hann sneri meira upp á handlegginn.

–Hvað sagðirðu elskan?

–Ég er hætt að biðja þig Tom. Þú drepur mig, sama hvað ég geri, drífðu það bara af.

–Ekki tala svona við mig vanþakkláta tíkin þín. Þú eyðilagðir allt á milli okkar. Þú snerist gegn mér. Ég giftist þér, þú fékkst eftirnafn mitt og allt sem peningar gátu keypt og þú þakkaðir mér fyrir með því að eyðileggja mig og fjölskyldu mína.

–Þú fékkst það sem þú áttir skilið.

Hún varð að láta hann halda áfram að tala. Því lengur sem hann talaði, því lengur yrði hún á lífi.

–Eyddir þú öllum tímanum í fangelsinu í að vera heltekinn af mér, Tom? Létuð þið í fjölskyldunni leita að mér allan tímann og funduð mig ekki?

–Nei, hinir eru aumingjar sem gáfust upp. Ég notaði tímann til að skipuleggja þessa stund. Ég er sá eini sem hef kjark til að láta þig gjalda fyrir þetta.

–Heltekinn af mér en samt tók það þig öll þessi ár að finna mig. Þetta hljómar ekki eins og völdugi maðurinn sem ég þekkti einu sinni.

–Trúðu mér, það var ekki erfitt að finna þig. Ég fór ekki að

leita fyrir en fyrir nokkrum vikum síðan, þegar ég vissi að ég færi að sleppa úr fangelsinu.

–Ég skal veðja að þú þurftir hjálp.

–Ég réð rétta manninn, hann rakti slóð þína til Tennessee og síðan til Texas. Hann var enga stund, þess vegna er hann enn á lífi.

Tom hafði ekki verið að leita að henni, það hafði enginn leitað að henni. Hún hafði verið í felum öll þessu ár, að deyja úr hræðslu, þegar hún hefði getað haldið áfram að lifa sínu lífi.

Hún mjakaði sér nær öxinni. –Myrtir þú Reid Peterson af því að hann hitti ekki þegar hann reyndi að drepa mig?

–Nei, ég drap hann fyrir að skjóta á þig. Hann átti bara að komast að því hvar þú héldir til og með hverjum þú værir. Ég hef beðið of lengi til að láta einhvern dópista stela ánægjunní frá mér.

Hann færði sig nær, líkaminn var fast upp við líkama hennar og hún var föst við vegginn. Hann lagði hnífsblaðið undir hökuna á henni, neyddi hana til að lyfta hökunni svo hátt upp að hún átti erfitt með að kyngja.

–Nú veit ég ekki hvort mig langar að drepa þig eftir allt saman. Kannski sker ég andlitið á þér í ræmur í staðinn. Fullt af ljótum örum til að hjálpa þér að muna eftir mér það sem eftir er ævinnar. Heldur þú að kúrekinn hafi áhuga á þér þá?

Tom myndi gera þetta, hún vissi það. Hin fullkomna, endalaus hefnd. Hún vildi frekar deyja.

Hún hrækti framan í hann. –Kúrekinn minn er tífalt meiri maður en þú varst nokkurn tímann.

Hann dró hnífinn til baka, bjó sig undir að stinga hana í hjartað en handarbakið straukst við fúinn bjálka og risastór kónguló féll af honum og í hárið á Tom. Risastórar lappirnar strukust við eyrnasneppilinn á honum.

Tom missti hnífinn og strauk andlitið tryllingslega.

Grace tók undir sig stökk og náði öxinni, lyfti henni hátt upp og bjó sig undir að höggva.

–Þú veist að þú hefur ekki kjark til að sveifla þessari öxi, sagði Tom.

Ef hún dræpi hann ekki myndi hann drepa hana. Hún vildi lifa.

Tom stökk á hana, hún vék sér undan og sveiflaði öxlinni. Ryðgað blaðið skar í gegnum fótlegginn á honum og hann féll, það fossblæddi úr sárinu.

Hún sneri sér undan, varð óglatt. Þegar hún leit við aftur hélt hann ekki á hnífnum heldur á byssu sem hann miðaði á höfuðið á henni.

Hann var að deyja en myndi samt sigra.

Hún lokaði augunum þegar hún heyrði byssuhvell gegnum nístandi öskrin í Tom.

20. kafli

Kúlan hitti í mark.

Pierce horfði ennþá gegnum kíkinn á rifflinum og sá að Grace riðaði til og féll á skítugt gólfíð í kofanum.

Hann hljóp inn eins og naut í árásarham, stökk yfir líkið af Lacoste og féll á hnén við hliðina á Grace. Hjartað sló á ofsahraða þegar hann tók hana í fangið. –Ég er með þig, ljúfan. Ég er með þig og ég sleppi þér aldrei.

Hún opnaði augun og starði á hann. –Er ég dain?

Hann lagði höndina á bringuna á henni, yfir hjartað. –Ekki nálægt því. Þú misstir bara meðvitund eitt augnablik. Ertu meidd?

Hún skalf öll og svipurinn fylltist hræðslu. –Tom er hérna. Hann er með byssu.

–Tom er dáinn, Grace. Hann meiðir þig aldrei aftur og engan annan heldur. Skotið sem þú heyrðir var frá mér.

–Hvernig? Ég meina, hvaðan komstu? Hvernig komstu hingað?

–Við skulum segja að við þurfum að verðlauna Rocket.

Grace leit loks þangað sem líkið af Tom lá á grúfu í blóðpolli. Kóngulærnar voru komnar af stað yfir hann.

–Tom er dáinn, í alvöru.

–Dáinn eins og hann ætlaði að drepa þig, kúla í höfuðið.

–Ég hjó í fótlegginn á honum með öxinni.

–Ekki taka það svona nærri þér. Ef þú hefðir ekki gert það væri það líkið af þér sem lægi hérna.

–Og ef þú hefðir ekki hleypt af væri ég dáin.

Hann gat ekki leyft sér að hugsa um það hvað hann hafði komist nálægt því að missa hana. Hjartað var yfirfullt af létti og sálin barmafull. Hann lyfti Grace varlega upp og bar hana út í sólskinið.

Þá sá hann rauðu förin á handleggnum á henni og blóðugan blett undir hökunnni. Reiðin sauð í honum. –Hvað gerði mannfjandinn við þig?

–Tók harkalega á mér en það er allt og sumt, það er allt í lagi með mig eða það verður það eftir einn til tvo daga. Hann gerði mér ekkert sem skiptir máli lengur.

–Það lítur ekki þannig út. Ég hringi í Esther, hún biður lögreglumanninn að koma á bílnum mínum, ég keyri þig heim og hann getur séð um vettvanginn hérna.

–Takk, ég er ekki alveg tilbúin til að fara á bak núna en verð það fljótlega. Hvað um hestana?

–Þeir geta beðið. Hann faðmaði hana aftur, varlega til að

meiða hana ekki. –Ekki hræða mig svona aftur, Grace. Við erum í þessu saman. Þú treystir mér, ég treysti þér. Þannig verður það að vera.

–Skilið.

En hann þurfti að segja fleira. –Grace, ég elska þig. Fjandinn hafi það, ég get ekki látið eins og ég geri það ekki. Tímasetningin til að segja þér það er kannski ekki góð en ég get ekki að mér gert, ég er svo ástfanginn af þér. Ég hélt sem snöggvast áðan að ég myndi deyja.

–En þú gerðir það ekki og tímasetningin er fullkomin. Ég elska þig líka. Þig og allt við þig og ég er viss um að ég geri það alltaf.

Hann kyssti hana og hryllingur morgunsins fjarlægðist. Grace var á lífi. Hún var hérna. Hún elskaði hann. Allt annað var tilfallandi.

–Ég hringi í lögreglustjóran og læt hann vita að hér sé vettvangur sem þarf að rannsaka. Við þurfum að svara spurningum og skýra málin seinna en núna vil ég bara fara með þig heim.

–Heim fyrir jólin, muldraði Grace, –ég elska hvernig það hljómar.

21. kafli

Ef Grace hefði einhvern tímann dreymt um fullkominn jóladagsmorgunn hefði hann verið nákvæmlega svona. Esther í ruggustólnum með gjafirnar við hliðina á sér meðan hún naut þess að horfa á þau hin opna sína pakka.

Jaci var á gólfinu við jólatréð með Öskubuskuleikföngin frá

jólasveininum. Pierce hlaut að hafa keypt dótið daginn áður eða kannski komið með það frá Chicago.

Grace var á besta staðnum, kúrði hjá Pierce í sófanum og naut sín í hlýjunni, gleðinni og ástinni í herberginu. Þetta var gjöf sem hún hafði þráð undanfarin sex, einmanleg ár.

Jaci hætti að leika sér til að opna síðasta pakkann frá Esther. Hún skrækti af ánægju þegar hún dró upp heimasamaða svuntu með nafninu sínu saumuðu á, setti hana á sig yfir náttfötin og hljóp til Grace til að láta binda svuntuna fyrir sig.

–Núna get ég alltaf hjálpað ömmu að elda, tilkynnti Jaci.

–Mér sýnist að við séum búin að opna alla pakkana, sagði Pierce.

–Ég sé einn í viðbót, sagði Esther. –Hver á stóra kassann við sjónvarpið?

–Ó, ég sá þennan ekki, sagði Pierce stríðnislega.

Jaci hljóp að kassanum. –Amma, þú átt þennan, frá mér og pabba. Hún reyndi að taka kassann upp en hann var allt of þungur.

–Hvað í ósköpunum keyptuð þið sem er svona stórt? Ég þarf að byggja við húsið til að koma þessu fyrir.

–Ég held að þetta verði ekkert vandamál. Pierce lyfti kassanum vandræðalaust og bar hann til Esther.

Jaci skoppaði með honum. –Ég get hjálpað þér að taka utan af honum.

–Takk Jaci, mér sýnist að ég þurfi mikla hjálp.

Jaci reif pappírinn af.

Esther starði á myndina á kassanum. –Er þetta virkilega í kassanum?

–Það er eins gott, sagði Pierce, –ég borgaði fyrir það.

–Þetta er rólubekkur, amma, útskýrði Jaci. –Þú sagðir að þér fyndist þessi finn.

–Ég ætlaðist ekki til þess að þið keyptuð hann.

Jaci skreið upp í kjöltuna á Esther. –Ertu ánægð með hann.

–Mér finnst hann frábær en Pierce, ég vil ekki að þú eyðir svona miklum peningum handa mér. Ég þarf ekkert sem er svona fínt, það situr enginn á honum nema ég.

–Hvernig list þér á að hafa fleira fólk hjá þér sem getur setið á honum?

Esther starði á hann. –Hvað ertu að segja, Pierce Lawrence?

–Við Jaci þurfum ekki að fara neitt næsta hálfu árið. Mér datt í hug að við yrðum hér. Jaci gæti farið í forskólann og riðið út á Dreamer. Ég gæti hjálpað þér við að koma búgarðinum í gott horf aftur.

Esther lagði hendurnar yfir andlitið en þybbnir fingurnir gátu ekki falið tárin. –Sjáðu hvað þú gerðir, þú komst mér til að gráta. Ég hef beðið fyrir því á hverjum degi að þið yrðuð lengur.

–Gættu þess hvað þú biður um, sagði Pierce. –Kannski fer ég aldrei. Búgarðslífið er í blóðinu.

Jaci fór frá Esther og til Pierce. –Er rétti tíminn kominn, pabbi?

–Já, sagði hann.

Jaci hljóp að trénu, stakk sér undir neðstu greinina og kom aftur með litla silfurlitaða öskju með rauðri slaufu sem hún setti í kjöltuna á Grace. –Þetta er frá mér og pabba en aðallega pabba því hann þurfti að borga.

–Þetta er frá okkur báðum, sagði Pierce. –Við erum teymi.

–Ég er að verða hrædd við að opna þetta. Hendurnar á Grace titruðu þegar hún tók pappírinn utan af. Þetta var eins og askja undir hring en hún vissi að það gat ekki verið. En hvað ef svo væri?

Var hún tilbúin til þess? Gat hún treyst tilfinningum sínum eftir að hafa bælt þær niður í svona mörg ár?

Var hún tilbúin fyrir lífið sem hana dreymdi um með mannum sem hún elskaði?

Hún lyfti lokinu, hjartað stökk upp í hálsinn. Pierce ýtti sér upp af sófanum og fór niður á annað hnéð.

—Ég elska þig, Grace. Ég veit að þetta gerðist snögglega en ég get ekki ímyndað mér lífið með neinni annarri en þér. Ég á ekki von á að fá svar frá þér í dag en ég er að biðja þig um að giftast mér. Gifstu mér og gerðu mig að hamingjusamasta manni í heimi.

Jaci færði sig nær Grace. —Gifstu mér líka. Við getum farið á hestbak og lesið sögur, slegist við hanann og dansað.

—Hvernig get ég sagt nei við þessu? Grace lagði hendurnar í hendurnar á Pierce. —Ég elska þig, Pierce Lawrence, meira en ég hélt að ég gæti elskað nokkurn mann. Þú hraktir martröðina burtu en þú lést líka alla mína drauma rætast. Ég hef beðið í sex löng ár eftir góðum endi og ég er tilbúin núna.

—Er þetta já? spurði Pierce.

—Já, við ykkur bæði. Hún faðmaði Jaci að sér.

Pierce stóð upp, dró Grace á fætur og í fangið á sér. Koss hans var ljúfur, loforð um endalaus ást sem hún átti eftir að upplifa.

Esther fór að snökta.

Jaci stóð í miðri stofunni og rétti fram hendurnar. —Þetta eru bestustu jólin af öllum.

Grace var hjartanlega sammála en vissi samt að fyrst hún átti eftir að eyða heilli ævi, fullri af ást, með Pierce ætti það besta enn eftir að koma.

Jaci kveikti á jólasveininum sínum. —Jæja, við skulum dansa. Og það gerðu þau.

Næsta rit:

Ást og afbrot

Skjótari en skugginn

Joanna Wayne

Bessi kúreki hittir beint í hjartað...

Riley Lawrence er sérfræðingur í að halda för sinni áfram og stofna hjarta sínu aldrei í hættu. Í hans augum er það tilfallandi verkefni að aðstoða kökugerðarmeistarann Dani Boatman... hún hefur nóg að gera við að annast munaðarlausu systurdóttur sína og veita henni gott heimili. Einhver er með fallegu rauðhærðu konuna í sigtinu, einhver illgjarn sem telur sig eiga harma að hefna. Fyrir hann er það bara byrjunin að eyðileggja líf hennar.

Dani á ekki auðvelt með að treysta öðrum og þá lexíu lærði hún af reynslunni. Þessi óþvingaði kúreki með ómótstæðilega brosið heimtar að standa milli hennar og hættunnar en ástríðan sem verður stöðugt heitari á milli þeirra getur ekki haft neitt annað en hjartasár í för með sér. Hættan nálgast óðfluga og eina tækifæri Riley og Dani til að finna ástina gæti orðið þeim að bana.